

Hún var bara að passa okkur

Séra Hildur Hörpudóttir kom í veg fyrir að faðir barna hennar gæti umgengist þau. **Auður og Markús** lýsa ofbeldi föðurins og því að vera þvinguð til samskipta við hann. → 22



Brúðkaup ársins
Margir gera vel við sig í tilefni dagsins. →20



Dúfnabóndi í Bústaðahverfi
Hrafnkell Tumi er með skrautdúfur. →26

Daníel er næsta stjarna óperuheimsins

Kasper Holten í viðtali. →28



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

TRÖLLA Tópas
EUCALYPTUS

XYLITOL SYKURLAUS

Mjúkis
— MED —
SVÖRTU KREMKEXI

MJÚKIS ÁRSINS 2018


SMÁRALIND

GJAFAKORT SMÁRALINDAR

ÓTAL MÖGULEIKAR Í EINUM PAKKA

OPIÐ TIL 18 Í DAG

Veður



Í dag verður hvasst í öllum landshlutum og þá sýnu hvasast á suðvesturhorninu. Þurrk verður að mestu á Norðurlandi, en í öðrum landshlutum verður dagurinn frekar blautur og má reikna með úrhellisrigningu á Suðausturlandi um tíma.
SJÁ SIÐU 44

Icelandair setur hótelið á sölu

VIÐSKIPTI Icelandair Group ætlar að hefja söluferli á hótelið undir merkjum Icelandair og fasteignum sem tilheyra. Félagið sendi tilkynningu til Kauphallarinnar í gær. Icelandair Group rekur 13 hótél undir merkjum Icelandair hótela og Hótels Eddu.

Um er að ræða 1.937 herbergi og stefnt er að opnun nýs hótels við Austurvöll árið 2019.

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, segir að félagið ætli að skerpa frekar á kjarnastarfsemi félagsins, alþjóðflugstarfsemi. „Þar ætlum við að fjárfesta í frekari vexti félagsins, í stafrænum lausnum, aukinni sjálfvirkni og nýjum flugvélum.“

Samhliða þessu hefur verið ákveðið að dótturfélagin Iceland Travel og VITA verði hluti af kjarnastarfsemi Icelandair Group. – ósk

Blautt hanami í Hljómskálagarðinum



Á vorin, þegar kirsuberjatré eru í blóma, er japanskur siður að safnast saman í almenningsgörðum og dást að fallegu, bleiku blómum blómstra. Siðurinn kallast hanami á japönsku. Undanfarin ár hefur íslensk-japanska félagið haldið árlegan hitting í Hljómskálagarðinum, svokallaðan hanami-hitting, til að dást að kirsuberjatrjánnum sem gróðursett voru þar 2011. Í ár voru regnhlífar og hlífðarfatnaður staðalbúnaður. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR



Kosningin fer fram í félagsheimilinu í Trékyllisvík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tólf missa lögheimilið í hreppnum

KOSNINGAR Af átján sem skráðu lögheimili sitt í Árneshreppi á tveimur vikum fyrir 5. maí hafa ellefu nú misst skráninguna eftir yfirferð Þjóðskrár.

„Þessir einstaklingar eru ekki taldir hafa fasta búsetu í skilningi lögheimilislags,“ segir Ástríður Jóhannesdóttir, sviðsstjóri hjá Þjóðskrár. Einn til viðbótar dró skráninguna til baka. Sex mál sem eftir standa verða afgreidd eftir helgi. Búast má við að hrepps-

nefnd ákveði samsvarandi fækkun á kjörskrá fyrir kosningarnar eftir viku.

Að sögn Ástríðar er það ekki rétt sem haft var eftir varaoddvita Árneshrepps í blaðinu í gær að það hefði verið að kröfu Þjóðskrár sem hreppsnefndin samþykkti kjörskrá með sérstökum fyrirvara. Hafi menn athugasemdir við kjörskrá sem nú liggur frammi eigi þær að berast sveitarstjórn, ekki Þjóðskrár. – gar

Húsmæður þakklátar en sakbitnar í orlofinu

Bæjarráð Hveragerðis gagnrýnir enn að sveitarfélög séu skylduð til að greiða til húsmæðraorlofs. Gjaldkeri orlofsnefndar í Árnes- og Rangárvallasýslu segir féð renna til orlofs kynslóða kvenna sem ekki hafi fengið greitt fyrir sína vinnu.

SUÐURLAND „Mér finnst þetta vanvirðing við þessar eldri konur,“ segir Anna Kr. Ásmundsdóttir, gjaldkeri orlofsnefndar húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu, um afstöðu bæjarráðs Hveragerðis og bæjaryfirvalda í Vestmannaeyjum til greiðslu sveitarfélaganna í orlofsjöld húsmæðra.

Sveitarfélög eiga að greiða víska upphæð á hvern íbúa til orlofsnefnda húsmæðra. Upphæðin er nú um 111 krónur á íbúa. Tölf sveitarfélög er á starfssvæði orlofsnefndarinnar í Árnes- og Rangárvallasýslu og greiða þau öll til nefndarinnar að Vestmannaeyjabæ undanskildum. Samtals nam greiðslan rúmlega 2,1 milljón króna í fyrra.

Að veltu sendi orlofsnefndin nýlega sveitarfélögunum skýrslu um starfsemi á liðnu ári. Þar er sagt frá ferð 53 kvenna sem voru fimm dögum á Hótel Vestmannaeyjum í september. Og eins og jafnan er bæjarráði Hveragerðis ekki skemmt: „Bæjarráð þakkar orlofsnefnd skilmerkilega skýrslu um greinilega góð og skemmtileg ferðalög kvenna. Um leið er ekki annað hægt en að ítreka fyrri bókanir bæjarráðs um þá undarlegu tímasekkju sem orlofsferðir sem þessar eru.“

Aðspurð um þessi viðhorf segir Anna þau vera vanvirðingu. „Við erum með konur sem eru á áttæðis-, nírtæðis- og tírtæðisaldri og hafa unnið alla sína starfsævi án þess að hafa fengið greidd laun fyrir vinnu sínu og án þess að geta greitt í orlofsjöld. Á meðan þær eru á lífi þá eigum við ekkert að breyta þessu. Þetta var sett í lög einmitt af því að þessar konur höfðu ekki tók á því að fara eitt eða neitt,“ segir hún.



Fimm klukkutíma tók að selflytja hópinn til Eyja með flugi frá Bakkaflogvelli þar sem beðið var í rólegheitum í flugstöðinni. MYND/ANNA KR. ÁSMUNDSDÓTTIR

Þær eru svo þakklátar en svo er þær með bullandi samviskubit vegna þessarar umræðu – finnst þeim þær kannski ekkert eiga þetta inni.

Anna Kr. Ásmundsdóttir, gjaldkeri orlofsnefndar húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu

Það setti sinn svip á Vestmannaeyjaferðina að vegna veðurs og sjólags þurfti að fljúga með allan hópinn í fimm manna skómmtum frá Landeyjum. Þessar flugferðir voru skipulagðar á síðustu stundu, meðal annars með dyggri aðstoð hótélstjórans á Hótel Vestmanna-

eyjum sem á miklar þakkir skildar að sögn Önnu.

„Þetta var algjört ævintýri. Ég hitti eina konu bara í síðustu viku sem knúsaði mig og sagði að þetta hefði verið skemmtilegasta ferð sem hún hefði farið í,“ segir Anna. Margt var brallað í Eyjum. „Þær eru svo þakklátar en svo eru þær með bullandi samviskubit vegna þessarar umræðu – finnst þeim þær kannski ekkert eiga þetta inni. Mér finnst þetta ómurleg framkoma.“

Bæjarráð Hveragerðis segir að tregða Alþingis til að afnema orlof húsmæðra sé algjörlega óskiljanleg. „Slik mismunur á milli kynja og án nokkurrar skoðunar á fjárhagslegri stöðu þiggjenda er í undarlegri mótsögn við rekstur sveitarfélaga almennt og þær lagaskyldur sem á þau eru lagðar.“ gar@frettabladid.is

Handfrjálts búnaður í bílinn.

- Tengist símanum með Bluetooth.
- HQ voice hljómgæði með „noise cancellation“

Sekt fyrir að tala í símann undir stýri án handfrjálts búnaðar er 40.000 kr.



BSV
netverslun

Nánari upplýsingar á www.bsv.is eða bsv@bsv.is og í síma 571 4000

FRÁBÆR TILBOÐ



OPNUNARTÍMAR

	HVÍTA-SUNNUDAG	ANNAR Í HVÍTASUNNU
BÍLDSHÖFÐI	LOKAÐ	12-18
GRANDI	LOKAÐ	12-18
SMÁRATORG	LOKAÐ	12-18
SKEIFAN	LOKAÐ	12-18
SELFOSS	LOKAÐ	12-18
AKUREYRI	LOKAÐ	13-17
VÖRUHÚS <small>KORPUTORG</small>	LOKAÐ	12-18

JUTLANDIA®

VEBBESTRUP GARDHÚSGAGNASETT

Endingargott garðsett úr áli og handfléttuðu polyrattanefti. Innskotsborð með borðplötu úr viðarlíki, 3ja sæta sófi og 2 armstólar ásamt sessum og púðum. Stærri borðið: Ø72 og H43 cm. Minna borðið: Ø54 og H37 cm. 2 stk. borð **16.990** Sófi 181 x 70 x 79 cm **69.990** Stóll 75 x 70 x 72 cm **29.990** Vnr. 3784090, 3784001, 3784002, 3784003

SETTIÐ FULLT VERÐ: 146.960

99.990

ALLAR YFIRDÝNUR

20-40%
AFSLÁTTUR



Royal Dream
...a dream come true



90 x 200 cm	69.950	nú 49.950
120 x 200 cm	89.950	nú 59.950
140 x 200 cm	99.950	nú 79.950
160 x 200 cm	119.950	nú 89.950
183 x 203 cm	139.950	nú 99.950



MEMORYFOAM

ROYAL DREAM RÚM

Góð, miðlungsstíf dýna með 3 þæginda-svæðum og 240 pokagormum pr. m². 9 cm yfirdýna með 5 cm MEMORY FOAM svampi í efsta lagi.

Vnr: 8880000700888000070388800007048880000711-A8880000706

NÚ VERÐ FRÁ:

49.950

ALLIR SKÓR

20-40%
AFSLÁTTUR



ALLIR GLERSKÁPAR OG SKENKIR

20-40%
AFSLÁTTUR



**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

GILDIR TIL 21.05

TÖLUR VIKUNNAR 13.05.2018 TIL 19.05.2018



109.905

einstaklingar leituðu til Landspítalans í fyrra. Tæplega 2,5 milljónir rannsókna voru gerðar á rannsóknarsviði spítalans í fyrra.

5.142

heimili fengu fjárhagsaðstoð sveitarfélaga í fyrra. Hafði þá heimilum sem þáðu slíkar greiðslur fækkað um 716 frá árinu áður. Af þeim heimilum sem fengu mesta fjárhagsaðstoð árið 2017 voru heimili einstæðra barnlausra karla 43,5% og heimili einstæðra kvenna með börn 23,4% og heimili einstæðra barnlausra kvenna 22,1%.

3

milljarðar króna riflega var hagnaður álvers Norður-áls á Grundartanga á síðasta ári.



60%

nemur fjölgunin á biðlista eftir hjúkrunarrými milli árána 2014 og 2016.

14.929

fluttu til landsins á síðasta ári og hafa aldrei fleiri flust til landsins á einu ári. 6.689 manns fluttu frá landinu árið 2017.

612

þúsundum króna nam hækkun mánaðarlauna bæjarstjóra Kópavogs í fyrra. Hækkunin var 32,7 prósent milli árána 2016 og 2017 en í fyrra fékk bæjarstjórinn tæpar 2,5 milljónir á mánuði.



Þrjú í fréttum Arfberar, kjör og söngvakeppni

Kári Stefánsson

forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

sagði að sú niðurstaða starfshóps heilbrigðisráðherra að það væri lögbrot að hafa samband við arfbera stökkbreytts gens væri furðuleg túlkun. „Þegar manneskja er í bráðri lífshættu vorum við hana við ef við getum og reynum að forða henni frá hættunni án tillits til laga.“ Á vefsíðunni arfgerd.is, sem Íslensk erfðagreining opnaði vegna óásættanlegra viðbragða stjórnvalda, er hægt að fá upplýsingar um hvort menn séu með illvíga stökkbreytingu í erfðavísi sem heitir BRCA2.



Guðrún Ágústsdóttir

formaður öldungaráðs Reykjavíkur

sagði að ríki og sveitarfélög þyrftu að taka réttindamállum aldraðra innflytjenda þannig að sómi væri að. Meðferðin á þeim núna væri ekki sómasamleg.



Daði Freyr Pétursson

tónlistarmaður

sagði hljómsveit sína Gagnamagnið hafa íhugað þátttöku í undankeppni Eurovision á næsta ári. Nú geti hún ekki hugsað sér að taka þátt í Eurovision-gleðinni. Ísraelar hafi sigrað og stjórnvöld þeirra beiti Palestínunum hrottalegu ofbeldi. Daði hvatti RÚV til að hætta við þátttöku.



Lýsir yfir áhyggjum af því að rof verði á þjónustu við langveika

Karitas hefur starfað eftir þjónustusamningi frá 2009. Félagið sinnir hjúkrunarþjónustu fyrir fólk með langvinna sjúkdóma og aðstandendur þeirra. Eigendur sögðu samningnum upp til að þrýsta á auknið fjármagn og starfsemin var færð undir Landspítala í kjölfarið. Einn eigenda efast um að spítalinn sé tilbúinn í það.

HEILBRIGÐISMÁL Þjónustusamningur hjúkrunarþjónustunnar Karitas við Sjúkratryggingar Íslands og Landspítala verður ekki framlengdur og starfsemin verður færð undir Landspítala. Þetta var niðurstaða fundar sem eigendur Karitas áttu í heilbrigðisráðuneytinu í vikunni. Upphaflega var þjónustusamningurinn undirritaður árið 2009 en Karitas sinnir hjúkrunar- og ráðgjafarþjónustu fyrir fólk með langvinna sjúkdóma og aðstandendur þeirra.

Ástæða þess að þjónustusamningurinn verður ekki framlengdur er sú að Karitas sagði upp samningnum til að þrýsta á auknið fjármagn. „Þá tekur heilbrigðisráðherra þá ákvörðun að færa starfsemina til Landspítalans. Hún segir að Landspítalinn geti tekið við þjónustunni og segir að ekki verði rof á þessari þjónustu við þennan sjúklingahóp,“ segir Berglind Viðisdóttir, hjúkrunarfræðingur og einn eigenda Karitas.

Sjálf hefur Berglind miklar áhyggjur af því að rof verði á þjónustunni. „Við erum ekkert fráhverfar því að þessi viðkvæma starfsemi eigi heima undir Landspítalanum, en við vitum að það tekur langan tíma að undirbúa það og skipuleggja. Við erum með hátt í 100 sjúklinga á hverjum tíma og þessi tilfærsla mun ekki gerast á nokkrum vikum.“

Berglind segir að eigendur Karitas hafi í einhverjum tíma leitað eftir því að fjármagn til félagsins verði auknið. „Samningurinn er að mörgu leyti barn síns tíma. Það er margt í



Landspítalinn sinnir sambærilegri þjónustu og Karitas undir nafninu Heimahlynning. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

honum sem þyrfti að skoða og laga. Það hafa verið settar inn í samninginn auknar kröfur á okkur án þess að það hafi komið til mótframlag,“ segir hún um samninginn.

„Við höfum komið með margar tillögur um hvernig hægt væri að vinna þetta á hagkvæmari og skilvirkari hátt. Þær tillögur hafa ekki náð fram að ganga,“ segir Berglind og nefnir sem dæmi tæknibreytingar sem orðið hafa á samningstímnum. Hún segir að margir af yngri

skjólstæðingum félagsins mundu frekar vilja nýta sér tæknina í stað heimavítjana í einhverjum tilfellum og það gæti sparað mikla fjármuni.

Samningurinn er þess eðlis að Karitas fær greitt fyrir hverja vitjun sem hjúkrunarfræðingar félagsins fara í. „Samt erum við með bakvakt allan sólarhringinn fyrir okkar sjúklinga en við höfum aldrei fengið greiddar bakvaktargreiðslur. Við áætluðum að við höfum tekið á milli átta og níu þúsund símtöl yfir árið

Við erum með hátt í 100 sjúklinga á hverjum tíma og þessi tilfærsla mun ekki gerast á nokkrum vikum.

Berglind Viðisdóttir, hjúkrunarfræðingur og einn eigenda Karitas



á þessum bakvöktum án þess að fá greitt fyrir það,“ segir Berglind sem tekur fram að kostnaður ríkisins vegna sammingsins nemi um 80 til 90 milljónum króna á ári.

Að sögn Berglindar er sambærileg þjónusta á Landspítalanum sem nefnist Heimahlynning og sinnir svipuðum, ef ekki minni, fjölda sjúklinga og Karitas. Þrátt fyrir að þjónustan sé til staðar hefur Berglind áhyggjur af tilfærslunni, eins og áður segir. „Ég held að Landspítalinn hafi ekki burði til að sinna þessu eins og staðan er í dag. Við mundum vilja fá að heyra frá ráðuneytinu hvernig þau ætla að færa þjónustuna frá okkur til Landspítalans.“ Ekki náðist í Svandís Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra þrátt fyrir ítrekar tilraunir blaðamanns.

getarthur@frettabladid.is

Borgin birti viðkvæm skjöl um öryrkja

STJÓRNSÝSLA Reykjavíkurborg fjarlægði upplýsingar sem virðast hafa verið birtar fyrir mistök í fundargerð borgarráðs á fimmtudag eftir fyrirspurn Fréttablaðsins. Á fundi borgarráðs var lagður fram úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur í máli sem 75 prósent öryrki höfðaði gegn borginni eftir að hafa verið synjað um sérstaka fjárhagsaðstoð hjá borginni. Í fundargerðinni er konan nafngreind en henni fylgdi hlekkur á skannaða útgáfu af úrskurðinum þar sem upplýsingar um mál konunnar, í þessum viðkvæma málaflokki, voru birtar. Þess ber að geta að umræddur úrskurður birtist ekki á vef héraðsdóms.

Viðkomandi kona hafði sótt um fjárhagsaðstoð hjá borginni árið 2015 en verið synjað á grundvelli þess að sameiginlegar tekjur hennar og maka hafi verið umfram þau viðmið sem sett eru fyrir slíkra aðstoð. Konan leitaði réttar síns



Konan hafði sótt um fjárhagsaðstoð hjá borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

og stefndi borginni til að ógilda umrædda synjun. Hafði hún ekki erindi sem erfiði og hafði borgin betur með úrskurði héraðsdóms þann 8. maí síðastliðinn.

Fréttablaðið spurðist fyrir um málið hjá upplýsingafulltrúa borgarinnar og hvort birtingin gæti talist eðlileg eða hvort um mistök hafi verið að ræða af hálfu

borginnar. Fyrirspurn blaðsins var ekki svarað en nokkru síðar hafði hlekkurinn á úrskurð héraðsdóms verið fjarlægður. Verður því ekki annað ráðið en að um mistök hafi verið að ræða. Lögmaður konunnar vill ekki tjá sig um málið án þess að ráðfæra sig við skjólstæðing sinn, þegar eftir því var leitað en sagði að málið yrði skoðað. – smj



NORSKA SENDIRÁÐIÐ

Húsnæði óskast

Óskum eftir að taka á leigu amk. 4ra herbergja íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu fyrir norskan starfsmann ásamt fjölskyldu.

Leigutíminn er eitt ár frá 1. ágúst 2018. Öruggar greiðslur og góð umgengni.

Nánari upplýsingar í síma 5 200 700 eða emb.reykjavik@mfa.no



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

**Skoðaðu öll
tilboðin á husa.is**



TILBOÐS VEISLA

**20%
afsláttur**

af ÖLLUM Author
reiðhjólum



Broil King

SÚPER TILBOD

Gasgrill Crown 320 Stál
8,8 kW brennakerfi úr ryðfríu stáli.
2,7 kW hliðarbrennari. Grillgrindur úr
steypujární, þrjú brennarar úr ryðfríu stáli.
3000315

45.990 kr

~~54.950 kr~~

**Ótrúlegt úrval
af sláttuvélum
og orfum**



**20%
afsláttur**

SÚPER TILBOD

34.956 kr

~~43.695 kr~~

Bensínskúttuvél Razor 4610
139 cc, 2,3 kW, sláttubreidd 46 cm, sláttukerfi
3in1, 6 hæðarstillingar, eitt handtak, 65 ltr. safnari.
5085301



OUTBACK

Gasgrill
Outback gasgrill,
2ja brennara
með hliðaborði.
Grillflötur:
50x36 cm með
tvískiptum
brennara.
3000225

**24%
afsláttur**

SÚPER TILBOD

15.990 kr

~~20.990 kr~~

**25%
afsláttur**

af LADY
Pure Color



Blöndum
alla
liti



SUMARBLÓMASPRENGJA



999 kr

Úrvals gróðurmold
45 ltr.
10933058



999 kr

Gljámispill
í 3ltr pö.
10260704



999 kr

Kryddplöntur
í 14cm potti
10260704



999 kr

Margarita
í 13cm potti



999 kr

Stjúpur
10stk í bakka
10210630

**Afgreiðslutímar
um hvítasunnuhelgina**



SUNNUDAGURINN 20. MAÍ - HVÍTASUNNA

Opíð 11:00 til 18:00 í Blómavali Skútuvogi (Húsasmiðjan er lokað)
Aðrar verslanir eru lokaðar

MÁNUDAGURINN 21. MAÍ - ANNAR Í HVÍTASUNNU

Opíð 10:00 til 18:00 Skútuvogi
Opíð 11:00 til 18:00 Grafarholti (Timbursalan lokað)
Opíð 11:00 til 15:00 Akureyri og Selfossi (timbursölur lokaðar)
Aðrar verslanir eru lokaðar.



Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Fasteignafélögin undirverðlögð

VIÐSKIPTI Sérfræðingar Capacent telja að hlutabréf í fasteignafélögum Regin og Reitum séu undirverðlögð á markaði samkvæmt nýjum verðmötum sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Capacent metur gengi bréfa í Reitum á 104 krónur á hlut sem er um 17 prósentum hærra en gengi bréfanna stóð í þegar markaðir lokuðu í gær. Bent er á að rekstur fasteignafélagsins sé stöðugur og að rekstrarhagnaðurinn hafi aukist taktfast og örugglega þrátt fyrir litlar fjárfestingar. Engu að síður hafi mikil ládeyða verið yfir gengi Reita. „Kannski þyrfti félagið að vera með hoppukastala, trúða og kandiflos á næsta fjárfestafundi,“ segja greinendur Capacent.

Sérfræðingarnir meta gengi bréfa í Regin á 25 krónur á hlut sem er um 5 prósentum yfir markaðsgengi félagsins í gær. Bent er á að afkoma félagsins í fyrra hafi verið 15 prósentum lakari en rekstraráætlun gerði ráð fyrir en að fyrsti fjórðungur þessa árs lofi hins vegar góðu. –kij

Rúmlega 100 látir eftir flugslys á Kúbu



Farþegaflugvél kúbverska ríkisflugfélagsins Cubana de Aviacion brotrenti skömmu eftir flugtak frá José Martí flugvelli í Havana síðdegis í gær. Samkvæmt þarlendum fjölmiðlum voru 104 farþegar um borð í vélinni auk níu áhafnarmeðlima. Útlit er fyrir að allir sem voru um borð hafi látist utan þriggja sem fluttir voru á sjúkrahús, alvarlega slasaðir. Vél var á leið til borgarinnar Holguin sem er á austurhluta Kúbu. NORDICPHOTOS/AFP

Sveitarfélögin fá meiri pening fyrir skólana

MENNTUN Opinber útgjöld til leik- og grunnskóla hafa lækkað á undan- gengnum árum, segir í umsögn Kennarasambands Íslands (KÍ) um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2019–2023.

Guðríður Arnardóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, og Aðalheiður Steingrimsdóttir, fyrrverandi varaformaður KÍ, fóru á fund fjárlaganefndar í vikunni og kynntu umsögn Kennarasambandsins.

Í umsögninni leggur Kennarasambandið fast að Alþingi og stjórnvöldum að endurskoða og stækka tekjustofna sveitarfélaga með það fyrir augum að auka fjárveitingar til leikskóla og grunnskóla í samræmi við aukin verkefni og breyttar áherslur. „Á tímanum 2008 til 2017 lækkuðu opinber útgjöld til leikskóla sem hlutfall af vergri landsframleiðslu um 9,6%, að raunvirði um 8,0% og um 14,7% á hvern mann. Á sama tíma lækkuðu opinber útgjöld til grunnskóla sem hlutfall af vergri landsframleiðslu um 9,4%, að raunvirði um 7,5% og um 14,4% á hvern mann.“

Í umsögn Kennarasambandsins er líka fjallað um framhaldsskólalagstíð. Þar segir að óverulegar hækkningar séu ráðgerðar á framlögum til framhaldsskólanna á fimm ára tímabili áætlunarinnar frá 2019 til 2023. „Hins vegar má sjá á nýrri

9,6%

að raunvirði er lækkan opinberra útgjalda sem hlutfall af vergri landsframleiðslu til leikskóla á tímabilinu 2008 til 2017

» Í umsögninni leggur Kennarasambandið fast að Alþingi og stjórnvöldum að endurskoða og stækka tekjustofna sveitarfélaga með það fyrir augum að auka fjárveitingar til leikskóla og grunnskóla

áætlun að ekki standi til að draga það fjármagn úr rekstri framhaldsskólanna sem sparast við styttingu námstíma til stúdentsprófs og er það vel.“ –jhh

Ölfusingar sigra í Útsvari

SAMFÉLAG Lið Ölfuss er sigurvegari Útsvars á þessu tímabili. Ölfusingar sigruðu lið Ísafjarðar með 75 stigum gegn 51. Í liði Ölfuss eru þau Árný Leifsdóttir, Hannes Stefáns-son og Magnþóra Kristjánsdóttir. Lið mótherjanna frá Ísafirði var skipað þeim Gylfa Ólafssyni, Tinnu Ólafsdóttur og Greipi Gíslasyni.

Í ár tóku samtals 28 lið þátt í keppninni sem hófst í þetta skiptið

þann 15 september. Ísafjörður atti einmitt kappi í fyrstu viðureigninni svo keppnistímabilið hefur spannað rúma átta mánuði fyrir liðsmenn Ísafjarðar. Þáttunum var stýrt af þeim Sólmundi Hólm og Guðrúnu Dís Emilsdóttur í fyrsta sinn í ár en Þóra Arnórsdóttir og Sigmar Guðmundsson höfðu farið með stjórn þáttanna frá árinu 2007. –gps

Lykilatriði sé að breyta viðhorfum foreldranna

Algjört hrun hefur orðið í fjölda útskrifaðra iðnnema frá hrúni. Formaður Samtaka iðnaðarins segir þörf á að efla iðnmenntun í grunnskólum og breyta viðhorfi foreldra. Kynna þarf heim rafmagnsins, múrverks flísalagna og fleiri iðngreina fyrir börnunum.

MENNTUN Breyta þarf námi grunnskólanna og viðhorfi foreldra til þess að hægt sé að efla iðnnám hér á landi, að mati Guðrúnar Hafsteinsdóttur, formanns Samtaka iðnaðarins.

Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, ritaði grein í Fréttablaðið í vikunni þar sem hann gerir grein fyrir mikilli fækkun á útskrifuðum iðnnemum síðustu tíu ár.

„Íðan fræðslusetur heldur utan um skráningu á fjölda sveinsprófa í 36 iðngreinum. Tölurnar sýna að árið 2008 lauk 681 einstaklingur sveinsprófi. Árið 2016 var þessi tala komin niður í 448. Það er 35% fækkun. Í mannvirkjagerð er ástandið hroðalegt. Árið 2008 luku 293 einstaklingar sveinsprófi í húsasmiði. Árið 2016 luku 92 slíku prófi. Þetta er fækkun um hartnær 70%. Málurum, múrurum og pípurum fækkar líka,“ skrifar Þorbjörn.

Guðrún Hafsteinsdóttir segir Samtök iðnaðarins vinna stöðugt að eflingu iðnnáms. Samtökin séu með tvo starfsmenn á launum sem séu í samskiptum við grunnskólana, samtökin séu meðeigendur í Tækniskól-



„Árið 2008 luku 293 einstaklingar sveinsprófi í húsasmiði. Árið 2016 luku 92 slíku prófi,“ sagði Þorbjörn Guðmundsson í aðsendri grein. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

anum og Háskólanum í Reykjavík, haldi úti vefsíðunni Nema hvað? og sendi öllum börnum á Íslandi í 9. og 10. bekk fræðsluefni um fjölbreyttar iðngreinar. Þá hafi verið gerð upp- lýsinga- og fræðslumyndbönd fyrir unglinga.

„Við höfum rætt það svolitíð innan samtakanna að við hefðum kannski þurft að beina sjónum okkar meira að foreldrum heldur en í beinni markaðssetningu að börnunum,“ segir Guðrún og bendir á að viðhorf foreldranna hafi áhrif á ákvarðanir barnanna.

„Síðan held ég að við verðum að gera gríðarlegar breytingar í grunnskólunum, auka þar vægi iðngreina, bæði með hæfum kennurum en síðan en ekki síst að börnin okkar fái að kynna mismunandi hand- verki. Með fullri virðingu fyrir þeirri

handverkskennslu sem á sér stað í grunnskólunum þá held ég að ansi mörg börn séu að koma heim með brauðbretti og smjörhnífa ár eftir ár. Það sé nánast öll kennslan. En það eru ekki margir grunnskólar að sýna þeim inn í heim rafmagnsins, múrverksins, flísalagna og ég gæti haldið endalaust svoleiðis áfram,“ segir Guðrún.

Guðrún segir að Íslendingar hafi sem þjóð leyft sér að tala niður til iðnaðarins og til iðnnemanna. „Að það sé fólk sem var skussar í námi eða að þeir hafi farið í iðngreinar vegna þess að þeir gátu ekki annað. Þetta er algjör misskilningur og við þurfum á mjög hæfu handverksfólki að halda þannig að þeir sem eru að byggja hús og leysa úrlausnarefni tengd því þurfa að vera mjög klárir einstaklingar.“
jonhakon@frettabladid.is

Meira eftirlæti



25%
afsláttur

Tilboð gilda út 21. maí



Karolines Kökken

Tilbúnaðar sósar

verð frá **399** kr/stk

Kryddleginn nautavöðvi

2.849 kr/kg

Verð áður 3.799 kr/kg



Jensens rif

Tilbúið beint í ofninn eða á grillið. 550 g

1.599 kr/pk



NÝTT Í HAGKAUP

Rufus Teague BBQ sósar og Rub

Gerir góðan grillmat betri

verð frá **799** kr/stk



Hámark þrennutilboð

4 fyrir 3 af þrennupakkingum



Nóa Kropp

Suðrænir sumarávextir

469 kr/pk



Katla

2 fyrir 1 af súkkulaði- og vöfflumixi

369 kr/2 stk

Verð áður 738 kr/2 stk



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira svona alla daga

Vill meina að bati Skrípal sanni sakleysi Rússa

RÚSSLAND Sergej Skrípal, rússneskur fyrrverandi gagnjónsnari sem eitrad var fyrir í Salisbury með novichoktaugæitri í mars, var útskrifaður af sjúkrahúsi í gær. Frá þessu greindu bresk heilbrigðisyfirvöld.

Efnavopnaárásin á Skrípal, og Júlíu dóttur hans, var uppspretta illdeilna á milli Rússa og Breta. Þótti Bretum og bandamönnum ljóst að Rússar hefðu eitrad fyrir Skrípal-feðginum og ráku allnokkur ríki tugi rússneskra erindreka úr landi. Rússar hafa hins vegar alla tíð haldið fram sakleysi sínu, sett fram á annan tug misvísandi kenninga um árásina, og vísuðu jafnmörgum erindrekum úr landi á móti.

Vladímír Pútín.



Efnavopnastofnunin staðfesti í apríl þann framburð Breta að eitrið hafi vissulega verið afar tært novichok. Þykir Bretum ómögulegt annað en að eitrið hafi komið frá Rússlandi, meðal annars þar sem Sovétríkin hefðu þróað það og framleitt og vegna fyrri meintra árása Rússa á rússneska „föðurlandssvikara“.

Vladímír Pútín, forseti Rússlands, sagðist í gær glaður að Skrípal væri útskrifaður. „Ef það væri rétt, eins og Bretar hafa fullyrt, að fyrir honum hafi verið eitrad með efnavopni framleiddi í hernaðarskyni, hefði maðurinn dáði á vettvangi árásarinnar,“ sagði Pútín sem þykir batinn benda til sakleysis Rússa. – Þea



Erindi hefur verið sent miðstjórn Sjálfstæðisflokksins þar sem uppstillingarnefnd í Reykjavík er sökuð um rögburð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nefndin er sökuð um rögburð og meiðyrði

Frambjóðandi sem gaf kost á sér á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík sendi miðstjórn flokksins erindi þar sem kvartað er undan uppstillingarnefnd. Sakar fulltrúa um rögburð og meiðyrði. Formaður nefndarinnar kannast ekki við slíkt.

STJÓRN MÁL Frambjóðandi sem gaf kost á sér á lista Sjálfstæðisflokksins í komandi borgarstjórnarkosningum hefur kvartað undan uppstillingarnefnd flokksins í Reykjavík til miðstjórnar flokksins. Sakar fulltrúa nefndarinnar um rögburð og meiðyrði í sinn garð. Formaður uppstillingarnefndar kannast ekki við slíka umræðu.

Fréttablaðið hefur fengið það staðfest innan Sjálfstæðisflokksins að Herdís Anna Þorvaldsdóttir, núverandi varaborgarfulltrúi, hafi tilkynnt meintan rögburð og meiðandi ummæli í sinn garð innan nefndarinnar til miðstjórnar flokksins, sem hafi haft áhrif á niðurstöðu uppstillingarnefndarinnar þar sem hún hlaut ekki brautargengi.

Nokkur óánægja var með niðurstöðu uppstillingarnefndarinnar þar sem meðal annars mörgum reyndum frambjóðendum og borgarfulltrúum á borð við Áslaugu Friðriksdóttur og Kjartani Magnússyni var úthýst. Flokkurinn ákvað sem kunnugt er að halda leiðtogaþróf kjör síðastliðið haust þar sem Eyþór Arnalds varð hlutskarpastur en fela



Herdís Anna Þorvaldsdóttir.

» Samkvæmt heimildum mun umræðan um Herdís Önnu innan nefndarinnar, meðal tiltekinna nefndarmanna, hafa verið gróf

uppstillingarnefnd að raða í sætin þar fyrir neðan.

Herdís Anna vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið leitaði viðbragða hennar í gær en staðfesti aðeins að hafa sent miðstjórn flokksins erindi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun umræðan um Herdís Önnu innan nefndarinnar, meðal tiltekinna nefndarmanna, hafa verið gróf og hún borin það þungum sökum að það hafi fljótt spurst

út innan flokksins enda litið svo á að gróflaga væri að henni vegið.

Sveinn H. Skúlason, formaður uppstillingarnefndarinnar, kvaðst koma af fjöllum í samtali við Fréttablaðið.

„Ég kannast ekki við það. Í kjörnefndum talar fólk opið um einstaklinga, skoðanir og álit á fólki en ég man ekki til að neitt hafi verið rætt sérstaklega neikvætt um hennar persónu,“ segir Sveinn. „Hinir bestu einstaklingar detta jafnvel út í slíku mati því það er svo margt sem kjörnefnd er að hugsa um. En þú ert að segja mér fréttir.“

Öll erindi sem send eru miðstjórn eru kynnt, tekin fyrir og eftir atvikum afgreidd á þeim vettvangi, en miðstjórn fer með æðsta vald í málefnum Sjálfstæðisflokksins milli landsfunda.

Þórður Þórarinnsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, segir skrifstofu flokksins ekki hafa heimild til að upplýsa um það hvort erindi hafi borist miðstjórn, um efni þeirra eða afgreiðslu, nema miðstjórn taki ákvörðun þar um. mikael@frettabladid.is

Sjö ára fangelsi fyrir kynferðisbrot

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjaness dæmdi Þorstein Halldórsson í sjö ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn ungum pilti í gær. Þá var hann dæmdur til að greiða piltinum 3,5 milljónir króna í miskabætur. Þorsteinn hefur setið í gæsluvarðhaldi frá því í janúar en hefur tvívegis verið ákærður fyrir brot gegn piltinum og voru málin sameinuð fyrir dómi.

Fyrri ákæra varðar brot sem áttu sér stað frá því pilturinn var fimm-tán ára og þar til hann varð sautján ára. Fyrr á þessu ári var maðurinn svo ákærður í annað sinn. Að þessu sinni fyrir að nauðga piltinum sem nú er átján ára allt að sex sinnum á gistiheimili dagana 6. til 11. janúar.

Í dómnum segir að maðurinn hafi „ítrekað tælt hann með fíkniefnum, lyfjum og gjöfum, gefið honum peninga, tóbak og nýtt sér yfirburði sína gagnvart drengnum vegna aldurs- og þroskamunar, til að hafa við sig samræði og önnur kynferðis-

3,5

milljónir fær hinn ungi piltur í miskabætur frá Þorsteini Halldórssyni fyrir brotin

mök.“ Þá er maðurinn meðal annars ákærður fyrir að hafa ítrekað tekið ljósmyndir af piltinum á kynferðislegan og klámfenginn hátt og brot gegn nálgunarbanni.

Þegar samskipti Þorsteins og piltins hófust árið 2015 var hann 54 ára gamall en brotþoli 15 ára. Á þeim var því 39 ára aldursmunur.

Meðal gagna málsins eru afrit af Snapchat-samskiptum Þorsteins og piltins á tímabilinu frá 30. maí 2016 til ársloka það ár og afritaði lögreglan þau. Einnig afritaði lögreglan gögn úr síma Þorsteins og var

þar að finna ljósmyndir af brotþola, ljósmyndir af getnaðarlími, rassi og endaparmi á ungum manni, svo og myndsköpun af brotþola og ákærða þar sem sjá má piltinn veita manninum munnmök.

Í dómi segir að brotin hafi verið alvarleg og til þess fallin að valda brotþola andlegri vanlíðan. Nýtti ákærði sér yfirburðastöðu sína gagnvart brotþola, bæði að því er aldur og þroska varðar.

„Á þeim tíma ánetjaðist hann sterkum fíkniefnum sem ákærði lét honum í té fyrir kynmök. Segist brotþoli í dag vera fíkill af þessum sökum og fær það stóð í framburði móður hans og stjúpföður. Á árinu 2017 var hann vistaður á Stuðlum vegna vanlíðunar og áhættuhegðunar. Samkvæmt vottorðum frá barna- og sálfræðingum er brotþoli greindur með kvíðaeinkenni, þunglyndi og áráttu- og þráhyggjuröskun, auk ADHD.“ – bsp

ORKUSTOFNUN

Kynningarfundur um **raforkuspár og sviðsmyndir um raforkunotkun**

Raforkuhópur Orkusparnefndar mun kynna vinnu við gerð raforkuspáa og sviðsmynda um raforkunotkun miðvikudaginn 23. maí kl. 08:15 - 10:00 á veitingastaðnum Nauthóli. Boðið verður upp á léttan morgunverð frá kl. 08:15 - 08:45.

Raforkuspá er mikilvæg forsenda fyrir framkvæmdum í raforkukerfinu og óskar Orkusparnefnd eftir ábendingum og athugasemdum við raforkuspá og sviðsmyndir um raforkunotkun sem geta nýst við frekari þróun þessarar vinnu. Fundurinn er opinn öllum.

Orkustofnun - Grensásvegi 9 - 108 Reykjavík - Sími 569-6000 - www.os.is



Ársfundur LSR og LH

Ársfundur LSR og LH verður haldinn miðvikudaginn 23. maí nk. á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, kl. 15:00. Fundurinn er opinn öllum sjóðfélögum og launagreiðendum.

Dagskrá:

- Skýrslur stjórnar LSR og LH
- Ársreikningar 2017
- Fjárfestingarstefna
- Tryggingafræðilegar úttektir
- Skuldbindingar launagreiðenda
- Breytingar á samþykktum
- Önnur mál



Lifeyrissjóður starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
lsr@lsr.is

www.lsr.is

PEUGEOT 2008

FRELSI TIL AÐ FARA

GÆÐIN HEILLA ÞIG STRAX!



VERÐ FRÁ 2.490.000 KR.



PEUGEOT

Gæði og glæsileiki Peugeot 2008 heilla þig strax. Draumabíll þeirra sem vilja sparneytinn, snaggaralegan bíl með mikla veghæð og háa sætisstöðu. Peugeot 2008 er framdrifinn, duglegur í snjónum og með stórt farangursrými, 16,5 cm veghæð og innstigið er þægilegt og þú situr hærra. PureTech vélarnar eru þekktar fyrir sparneytni og fánlegar bæði beinskiptar og sjálfskiptar. Þær hlutu nýverið hinn eftirsóttta titil Vél ársins (Engine of the Year).

KOMDU OG KEYRÐU PEUGEOT 2008!



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Peugeotisland.is

Hernáminu verði að ljúka

ISRAEL Óhóflegu afli var beitt þegar Ísraelar réðust gegn mótmælendum á Gasasvæðinu með þeim afleiðingum að yfir hundrað Palestínnumenn fórust. Þetta sagði Zeid Ra'ad al-Husseín, mannréttindastjóri Sameinuðu þjóðanna, á fundi Mannréttindaráðs SP í Genf í gær. Husseín sagði enn fremur að íbúar á Gasasvæðinu væru „hlekkaðir við baneitrað skuggahverfi“ og að hernámi Ísraels á svæðinu yrði að ljúka.

Samkvæmt BBC íhuga SP nú að kalla eftir óháðri rannsókn á því hvað fram fór á Gasasvæðinu. Greint hefur verið frá því að ísraelskir hermenn drápu um sextíu Palestínnumenn á mánudaginn en Palestínnumenn hafa mótmælt við landamæraegg Ísraels á Gasasvæðinu í sjö vikur. Um var að ræða mesta mannfall á einum degi á Gasasvæðinu frá stríðinu árið 2014.

» Samkvæmt BBC íhuga SP nú að kalla eftir óháðri rannsókn á því hvað fram fór á Gasasvæðinu.

Mótmælin, kölluð „heimkomumarsinn mikli“, snúast um að lýsa því yfir að Palestínnumenn eigi rétt á því að snúa heim til landsins sem forfeður þeirra þurftu að flýja frá eftir stofnun Ísraelsríkis árið 1948. Það vilja Ísraelar ekki, hafa reyndar lengi útilokað slíka heimkomu, og telja að hryðjuverkamenn myndu nýta sér mótmælin til að komast til Ísraels og ráðast þar á almenna borgara. – þea

LAPIS
FLOT & MÚR

NÝR VALKOSTUR Í MÚRVÖRUM.
FRÁBÆR ÞJÓNUSTA, GOTT VERÐ.



Litað Design flot á verlanir, skrifstofur og heimili.

Varanlegt gólfefni, mikill styrkur.

Litir: hvítt, svart, ljósgrátt, milligrátt.

LAPIS
Síðumúla 27a, Reykjavík
Sími 540 6500
lapis@lapis.is
www.lapis.is

Enn ein skotárásin í bandarískum skóla

Tíu eru látnir og aðrir tíu særðir eftir skotárás í skóla í Texas. Tuttugasta og önnur árásin á árinu. Skotvopnin voru keypt löglega af föður árasarmannsins. Enn er deilt um skotvopnalöggjöf í Bandaríkjunum og aðgerða krafist.

BANDARÍKIN Tíu eru látnir og tíu særðir eftir að byssamaður réðst á Santa Fe-framhaldsskólann í Texas í Bandaríkjunum í gær. Tveir hafa verið handteknir í kjölfar árasarinnar. Annar þeirra, árasarmaðurinn, er 17 ára nemandi við skólann. Hinn er 18 ára nemandi við skólann sem talinn er vera vitorðsmaður árasarmannsins. Að sögn lögregluvirkvalda notaði árasarmaðurinn skotvopn sem höfðu verið keypt löglega af föður hans.

Þetta er í 22. skipti sem skoti er hleypt af með þeim afleiðingum að einhver særst eða deyr í bandarískum skóla það sem af er ári. Það gerir rúmlega eitt skipti í hverri viku.

Skemmst er að minnast þess þegar sautján voru myrt í árás Nikolas Cruz á Marjory Stoneman Douglas-skóla í Parkland í Flórída þann 14. febrúar síðastliðinn. Sú árás vakti, líkt og fjölmargar aðrar fjöldaskotárásir í Bandaríkjunum, mikla reiði og heyrðust háværar raddir þar sem nýrra og strangari laga um skotvopnaeign var krafist. Lítið var þó aðhafst.

Donald Trump, forseti Bandaríkjana, sagðist vera sorgmæddur vegna árasarinnar. „Þetta hefur fengið að gerast of lengi. Í of mörg ár, of marga áratugi. Við hörmum þennan skelfilega missi og sendum samúðarkveðjur til allra þeirra sem þessi hrottalega árás snerti,“ sagði forsetinn. Bætti hann því við að ríkisstjórnin stæði með fórnarlömbum og að hún væri staðráðin í að vernda nemendur og halda skotvopnum frá þeim sem gætu skaðað sjálfa sig og aðra.

„Allir þurfa að vinna saman, á öllum stígum stjórnmálanna, að því að vernda börnin okkar. Megi guð lækna hina særðu og hugga hina



Ted Cruz ávarpaði viðstadda á blaðamannafundi í kjölfar árasarinnar.

NORDICPHOTOS/GETTY

sáru. Megi guð vera með fórnarlömbum og fjölskyldum þeirra. Þetta er sorgardagur,“ sagði Trump enn fremur.

„Þetta er það sem ég hef óttast frá því 14. febrúar, að önnur svona skotárás yrði gerð áður en við gerðum eitthvað í málinu. Nú eru átta börn

til viðbótar dáið og yfirvöld í Washington hafa haldið að sér höndum og ekkert gert. Það er engin þörf á bænum, þörf er á aðgerðum og það strax,“ sagði Fred Guttenberg, sem missti dóttur sína Jaime í árásinni í Parkland, í gær. thorgny@frettabladid.is gretarthor@frettabladid.is

Endurreikningur greiðslna ársins 2017

Niðurstöður endurreiknings greiðslna ársins 2017 verða birtar á Mínum síðum 22. maí.

Nánar á tr.is

Tryggingastofnun
Laugavegi 114 | 105 Reykjavík
Sími 560 4400 | tr@tr.is | tr.is



Ebola er hættuleg veirusýking. NORDICPHOTOS/AFP

Ekki alþjóðlegt neyðarástand

AUSTUR-KONGÓ Ekki er enn tilefni til þess að lýsa yfir alþjóðlegu neyðarástandi vegna ebólufaraldurs sem geisar nú í Austur-Kongó. Þessa afstöðu tók Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) á fundi sínum í Genf í gær. Því er ljóst að ekki verður ráðist í takmarkanir á ferðalögum til og frá ríkinu enn sem komið er.

Þann 8. maí síðastliðinn, að því er kemur fram í fundargerðinni, var WHO gert viðvart um að tvö tilfelli af ebólu hefðu greinst í Bikoro í Equateur-fylki. Nú hafi tilfelli einnig greinst í Iboko og Mbandaka, borg sem telur rúma milljón íbúa. Alls hafi 45 tilfelli greinst á undanföllum rúmum mánuði og 25 hafa látist, flestir í Bikoro.

Að mati WHO valda einkenni ebólufaraldursins áhyggjum og er talin hætta á hraðri útbreiðslu þar sem smitið hefur nú náð til stórborgar.

Afar líklegt þykir sömuleiðis að sjúkdómurinn smitist út fyrir landamærin þar sem Mbandaka stendur nærri Kongóá. Erfitt sé að koma í veg fyrir að faraldurinn breiðist út til nágrennalanda vegna lélegra innviða.

Hins vegar tók WHO fram í fundargerðinni að viðbrögð ríkisstjórnar Austur-Kongó og annarra hefðu verið snör og góð. Viðbrögðin gæfu ástæðu til þess að vona að fljótlega takist að ná stjórn á aðstæðum og þá boði gott að verið sé að undirbúa bólusetningu. – þea

Nýr T-Roc. Sumir eru fæddir til að skara fram úr.

Sara Björk Gunnarsdóttir
Fyrirlíði og tvöfaldur Þýskalandsmestari



Nýjasta stjarnan frá Volkswagen.

Nýr T-Roc geislar af öryggi og akstursgleði, fæst bæði fjórhjóra- og framhjóladrifinn, beinskiptur og sjálfskiptur. Hann er búinn nýjustu tækni og búnaði sem breytir akstrinum í eitthvað ómótstæðilegt. Komdu og reynsluaktu Volkswagen T-Roc sem gerir allt vitlaust hvar sem hann kemur.

Verð frá aðeins **3.290.000** kr.

Við látum framtíðina rætast.



Volkswagen

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

www.volkswagen.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílaskrá Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum



Juan Ignacio Gonzalez og Luis Fernando Ramos Perez, chileskir biskupar, á blaðamannafundi í gær. Tilfni fundarins var barnaniðshneyksli sem skekur kaþólsku kirkjuna í landinu. NORDICPHOTOS/AFP

Allir biskupar í Chile bjóða afsögn sína

Barnaniðsmál kaþólska prestsins Fernando Karadima í Chile leiðir til fordæmalausrar uppstökkunar í landinu. Frans páfi skipaði mann sem sagður er hafa hylmt yfir með Karadima í embætti biskups árið 2015. Páfi hefur hingað til varið manninn opinberlega. Páfagarður tók saman 2.300 blaðsíðna skýrslu um málið sem breytti afstöðu páfa. Biskuparnir sem boða afsögn sína eru þrjátíu og fjórir.

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



CHILE Allir 34 biskupar kaþólsku kirkjunnar í Suður-Ameríkukerkinu Síle hafa boðið Frans páfa afsagnarbréf sín. Þetta kom fram í tilkynningu sem biskuparnir sendu frá sér í gær en ástæðan er barnaniðshneyksli og yfirhylling sem hefur hrist stóðir kaþólsku kirkjunnar þar í landi. Þetta er í fyrsta sinn í nærri 2.000 ára langri sögu kaþólsku kirkjunnar sem allir biskupar heillar þjóðar bjóðast til að segja af sér, svo vitad sé.

Um er að ræða mál fyrrverandi prestsins Fernando Karadima. Ásakanir á hendur honum um barnanið komu fyrst fyrir augu almennings árið 2010. Juan Barros biskup, sem Frans páfi skipaði fyrir þremur árum, er svo sakaður um að hafa hylmt yfir með Karadima og einnig að hafa verið viðstaddur þegar sum brotin voru framin.

Neyðarviðræður í Páfagarði

Afsagnarbréfin afhentu biskuparnir í lok þriggja daga neyðarviðræðna í Páfagarði sem páfi bauð til vegna málsins eftir að hann lýsti því yfir að hann hafi gerst sekur um „alvarlegan dómgreindarbræst“ í máli Barros. Þrýst hafði verið á biskupana að segja af sér eftir að upplýsingum úr 2.300 blaðsíðna langri skýrslu, sem Charles Scicluna, erki-biskupinn af Mólto, og hinn spænski Jordi Bertomeu unnu um hneykslið fyrir Páfagarð, var lekið á fimmtudagskvöld.

Í umræddri skýrslu kom fram að páfi líti svo á að biskuparnir hafi margir eyðilagt sönnunargögn, þrýst á rannsakendur að halda aftur af sér og sýnt alvarlega vanrækslu með því að skýla ekki börnum frá ofbeldismönnum innan kirkjunnar. Páfi sagði sömuleiðis í skýrslunni að allir valdamenn innan chilesku kirkjunnar bæru ábyrgð á meðferð málsins. „Enginn getur flúið ábyrgð sína og kennt öðrum um,“ sagði chil-



Fernando Karadima, sem kirkjan sakfelldi fyrir barnanið. NORDICPHOTOS/AFP

Málið reynst páfa erfitt

Karadima var fyrst sakaður um barnanið árið 1984. Rannsakandi kirkjunnar, Juan Francisco Fresno, erkibiskupinn af Santiago, komst að því að fótur væri fyrir ásökunum en ákvað að aðhafast ekkert. Það var ekki fyrr en árið 2010, þegar þolendur gerðu ásakanir sínar opinberar, sem málið komst á skrið. Kirkjan dæmdi Karadima ári síðar sekan í málinu og var refsingin ævilöng iðrun.

Karadima var áhrifavaldur tuga presta og nokkurra biskupa. Frans páfi flæktist inn í málið árið 2015 þegar hann setti einn þessara biskupa, Juan Barros, yfir sóknina í Osorno. Ákvörðunin vakti reiði í chilesku samfélagi og reyndi Ricardo Ezzati Andreollo, arftaki Fresno í Santiago, að fá páfa til að endurhugsa

hana. Því fór hins vegar sem fór og Barros tók við biskupsumdæminu.

Þótt Barros hafi aldrei hlotið sama dóm og Karadima hefur fjöldi þolenda sagt að hann hafi hylmt yfir með Karadima og jafnvel verið viðstaddur þegar brotin voru framin. Frans páfi hefur hins vegar varið Barros opinberlega. Til að mynda í heimsókn sinni til Chile í janúar.

Nú hefur páfa hins vegar snúist hugur og hefur hann jafnframt viðurkennt sekt sína. Í útdrætti úr langri skýrslu Páfagarðs um málið sagði páfi meðal annars að allir chileskir biskupar bæru ábyrgð á hneykslinu, en hann sjálfur fyrst og fremst.

Juan Barros, biskupinn af Osorno.

NORDICPHOTOS/AFP

eska sjónvarpsstöðin T13 að páfi hafi skrifað. Páfagarður staðfesti síðar að tilvitnunin væri rétt.

Páfi sagði í útdrætti úr skýrslunni að það háttarni að bjóða ofbeldismenn innan kirkjunnar velkomna

og hleypta þeim í stjórnunarstöður, líkt og gert var í Chile, væri eitt helsta einkenni þeirrar kynferðisofbeldis-krisu sem hrjád hefur kaþólsku kirkjuna á heimsvísu undanfarna áratugi. „Vandamál kirkjunnar er ekki hægt



Frans páfi skipaði Juan Barros, sem sakaður er um yfirhyllingu í málinu, biskup yfir Osorno árið 2015. Ákvörðunin var umdeild. NORDICPHOTOS/AFP

að leysa með því að taka einungis á einstökum málum, þótt það þurfi vissulega að gera líka. En það er ekki nóg, við þurfum að gera meira. Það væri óábyrgt af okkur að skoða ekki ræturnar og þá innviði sem hafa leyft svona löguðu að endurtaka sig ítrekað,“ sagði aukinheldur í útdrætti páfa.

Framtíðin í höndum páfans

Biskuparnir sögðu í yfirlýsingu gærdagsins að framtíð þeirra væri í höndum páfa. Ef hann samþykkti ekki afsögn þeirra myndu þeir halda áfram störfum sínum fyrir kirkjuna. „Í samstarfi við páfann viljum við ná fram réttlæti og vinna að því að bæta þann skaða sem hefur orðið,“ sagði þar aukinheldur.

„Við höfum ákveðið að setja framtíð okkar í hendur hins heilaga föður og biðjumst fyrirgefningar fyrir þann sársauka sem fórnarlömbin þurftu að þola, við biðjum páfann afsökunar og við biðjum land okkar afsökunar á þeim alvarlegu mistökum sem við höfum gert,“ sagði þar enn fremur.

Barros hefur endurtekið boðið páfa afsögn sína. Páfinn hefur neitað því í hvert skipti þar sem honum þótti sekt Barros ekki liggja fyrir. Nú þykir líklegt að niðurstaðan verði önnur. Sagði AP í gær frá því að páfa hafi snúist hugur eftir að hann las fyrrnefnda 2.300 blaðsíðna skýrslu.

Umdeild heimsókn

Páfi ferðaðist sjálfur til Chile í janúar. Ummæli hans um málið þá vöktu mikla reiði. „Það eru engin sönnunargögn sem benda til sektar hans [Barros]. Þetta eru allt meiðyrði. Skiljið þið það?“ sagði páfi áður en hann hélt til messu í borginni Iquique. Sagði hann svo við blaðamenn að þegar einhver myndi leggja fram sönnunargögn gegn Barros myndi páfi ræða málið.

Juan Carlos Cruz, er einn þeirra sem sakað hefur Karadima um kynferðisofbeldi og hefur sagt að Barros hafi verið viðstaddur þegar Karadima kyssti hann og kafaði á honum, var á meðal fórnarlamba sem fordæmdu orð páfa. „Það er ekki eins og ég hafi getað tekið mynd á meðan Karadima misnotaði mig og aðra á meðan Juan Barros stóð við hlið hans og fylgdist með. Páfi talar um að bæta skaðann en ekkert hefur breyst. Afsökunarbeiðni hans er innantóm,“ sagði Cruz í janúar.

Þá sagði James Hamilton, annar þolandi Karadima, að með þessum ummælum hafi almennings fengið að sjá aðra hlið á páfa. „Það sem páfinn hefur gert hér í dag er sárandi og sársaukafullt. Ekki bara fyrir okkur heldur líka fyrir alla þá sem vilja binda enda á þetta ofbeldi.“

OPPI

ALLA

HVÍTASUNNUNA

BLÁBER

1/2 KG. AÐEINS:

985=

JARÐARBER

STÓR ASKJA AÐEINS:

498=

**BETRI
ÁVEXTIR**

**BETRA
GRÆNMETI**

**BETRA
VERÐ**

VÍÐIR

**GAÐATORGI, HRINGBRAUT
SKEIFUNNI**


**VÍÐIR
express**

INGÓLFSSTRÆTI 5





A3 e-tron



Q7 e-tron



Passat GTE



e-Golf



Caddy Metan



Octavia G-Tec



Golf GTE



e-up!

5 ára ábyrgð býgr fólkabílum HEKLU að upplýttum ákæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd





Outlander PHEV

Takk!



Golf Metan

Takk fyrir að stíga skrefið inn í framtíðina á vistvænum bílum frá HEKLU

HEKLA býður upp á langmesta úrvalið af vistvænum bílum á Íslandi. Þeir eiga það allir sameiginlegt að ganga fyrir íslenskri orku og spara því bæði stórar upphæðir í eldsneyti og hafa mikil áhrif á náttúruna til hins betra. 56% allra innfluttra bíla frá HEKLU eru vistvænir og við viljum þakka þeim mikla fjölda fólks sem hefur valið að skipta yfir í vistvænan bíl frá okkur. Velkomin í hópinn!



Okkar olíusjóður



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra viðraði þá hugmynd að settur yrði á fót sérstakur þjóðarsjóður um arðgreiðslur Landsvirkjunar á ársfundi fyrirtækisins. Bætti hann við að góð fjárhagsstaða Landsvirkjunar gerði fyrirtækinu kleift að greiða umtalsverðan arð til ríkisins á næstu árum. Hugmynd Bjarna er ekki ný. Norski olíusjóðurinn er þekktasta dæmið um sjóð af þessu tagi. Einnig starfrækja olíustórveldin í Austurlöndum nær sjóði sem eru samtvinnnaðir ríkisrekstrinum. Nægir þar að nefna Katar, en sambærilegur sjóður á þeirra vegum fjárfesti í íslenska bankakerfinu haustið 2008, eins og frægt varð.

Ljóst er að gangi plön Landsvirkjunar eftir þá yrði sjóður sem þessi engin smásmíði. Landsvirkjun hefur undanfarin tvö ár greitt 1,5 milljarða á ári í arð í ríkiskassann. Hörður Arnarson forstjóri hefur hins vegar gefið út að Landsvirkjun eigi að geta greitt 110 milljarða króna í arð til ríkisins árin 2020 til 2026 enda hafi fjárhagslegur styrkur aukist verulega á síðustu árum. Það samsvarar um 900 þúsund krónum á hvert heimili í landinu á tímabilinu.

Rétt er að halda því til haga að Landsvirkjun var upprunalega stofnuð í þeim tilgangi að selja raforku til stóriðju og sjá almennum markaði fyrir raforku á hagkvæmu verði. Það hlýtur að vera eðlilegt að spyrja hvort opinberu fyrirtæki sem rekið er í þágu almennings beri ekki fyrst og fremst að skila ávinningi beint til fólksins í landinu? Ljóst er af arðgreiðslugetu Landsvirkjunar að það hlýtur að vera svigrúm til að lækka verð til neytenda.


Ekki er hægt að verjast þeirri hugsun að hugmynd sem þessi hljómi furðulega úr munni formanns stærsta hægri stjórnmaflokks landsins. Er þetta ekki örugglega formaður Sjálfstæðisflokksins, sem vill almennt litla opinbera yfirbyggingu og lágmarksskattheimtu, sem talar? Kannski hefur Bjarni hrifist af hugmyndafræði Katrínar Jakobsdóttur við fundarborðið í stjórnarráðinu?

Rétt er að benda á að hér starfar nú þegar risavaxið fjárfestingabákn sem öllum launamönnum er skylt að greiða til. Lífeyrissjóðakerfið sem nú hefur um fjögur þúsund milljarða í stýringu, eða um 160% af landsframleiðslu og fer stækkandi. Staðreyndin er sú að á Íslandi starfar nú þegar okkar eigin norski olíusjóður.

Íslensku lífeyrissjóðirnir gina yfir öllu á innlendum markaði, og eiga hátt í helming skráðra hlutabréfa í landinu. Þarf að búa til annað opinbert bákn til móts við lífeyrissjóðina með tilheyrandi kostnaði? Og hverjir ættu að stýra slíkum sjóðum? Kannski fulltrúar flokkanna, líkt og almennt tíðkast í opinberum fyrirtækjum á borð við Ríkisútvarpið?

Bjarni sagði á ársfundinum, að aldrei áður hafi jafnhátt hlutfall atvinnustarfsemi á Íslandi ýmist verið í opinberri eigu eða óbeinni eigu almennings gegnum lífeyrissjóðina. Er ekki nóg komið?

Væri ekki nær að nota það svigrúm sem er til staðar og lækka álögur og skatta sem sannarlega eru háir í öllum samanburði á Íslandi?



Er þetta ekki örugglega formaður Sjálfstæðisflokksins, sem vill almennt litla opinbera yfirbyggingu og lágmarksskattheimtu, sem talar?

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Ert þú í bráðri lífshættu?

Hið stóra EF: „Hvað hefði getað orðið?“ Spurningin er samtímanum svo hugleikin að í engilsaxnesku hefur hún nýverið fengið sína eigin skammstöfum: FOMO – fear of missing out. Samkvæmt breska sálfræðingnum og rithöfundinum Adam Phillips skiptist tilvist okkar í tvennt: Í hið eiginlega líf og fantasiulíf, líf sem við lifum aldrei en við teljum að hefði getað orðið. Þetta „ólifaða“ líf, samkvæmt Phillips, tekur gífurlegt pláss í höfðinu á okkur, svo mikið að segja má að við eyðum ævinni með manneskjunum sem okkur tókst aldrei að verða. Lífshlaup okkar verður harmkvæði um óuppfylltar óskir, ónýtta hæfileika og ókannaðar slóðir.

Phillips segir að slík gremja sé hins vegar ekki endilega eyðileggjarafl. Hann er þeirrar skoðunar, eins og Freud, að leit okkar að nautn og ánægju liggir til grundvallar hæfni okkar til að lifa af. Astæðan er sú að við innst inni vitum að við erum „ekkert merkilegri“ en t.d. „maur eða blóm“ og til þess að koma í veg fyrir lamandi vonleysi yfir þeirri staðreynd þurfum við að finna leið til að gera líf okkar bærligt. Þegar við leyfum okkur að finna til gremju öðlumst við skilning á hvað það er sem veitir okkur ánægju. Það er því hið „ólifaða“ líf og gremjan sem því fylgir sem gerir okkur kleift að lifa hinu eiginlega lífi.

86% líkur

Hið stóra EF: „Hvað hefði getað orðið?“ Spurningunni var óvænt varpað inn í líf okkar Íslendinga í vikunni. Skyndilega stóðum við frammi fyrir hugsanlegum óuppfylltum óskum, ónýttum hæfileikum og ókönnuðum slóðum. Við stóðum frammi fyrir „ólífudum“ lífum. Að þessu sinni voru þessi líf hins vegar ekki fantasíur.

Íslensk erfðagreining býr yfir upplýsingum um meira en þúsund Íslendinga sem eru í bráðri lífshættu. Um er að ræða einstaklinga með stökkbreytingu á BRCA2-erfðavísunum. „Konur sem bera stökkbreytinguna eru með 86% líkur á því að fá banvænt krabbamein,“ ritaði Kári Stefánsson í grein í Fréttablaðinu. „Þær eru þrjár sinnnum líklegri til þess að deyjá fyrir sjötugt en konur

almennt og þær lifa að meðaltali tólf árum skemur.“ Kári sagði jafnframt að hægt væri „að bægja frá meiri hlutanum af þessari ógn með fyrirbyggjandi aðgerðum“.

Starfshópur um nýtingu erfðaupplýsinga í einstaklingsmiðuðum forvörnum þar sem sérstök áhersla var lögð á miðlun upplýsinga um BRCA-stöðu fólks skilaði af sér tillögum til heilbrigðisráðherra fyrir viku. Lagði hópurinn til að engar upplýsingar yrðu veittar nema ósk viðkomandi lægi fyrir en að setja mætti upp vefsíðu á vegum hins opinbera þar sem einstaklingar gætu óskað eftir þeim.

Tíu ár

Í grein sinni í Fréttablaðinu sagðist Kári hafa í áratug reynt að sannfæra heilbrigðisyrfirvöld um að vara arfbæra Brakkagensins við hættunni sem að þeim steðjar. Hve mörg mannlíf glötuðust vegna þessarar tíu ára tregðu heilbrigðisyrfirvalda; ungt fólk sem kvaddi í blóma lífsins; konur sem hurfu á braut án þess að sjá börn sín vaxa úr grasi, án þess að líta barnabörn sín augum? Hve mörg börn misstu móður úr fyrirbyggjanlegu brjóstakrabbameini?

Ómældur skaði er skeður. En guði sé lof fyrir Kára Stefánsson – eða réttara sagt: hending hafi þökk fyrir tilvist Kára Stefánssonar og genasamsetningu hans sem veldur því að hann er stundum eins og naut í postulinsverslun. Kári hyggst ekki biða á meðan ráð sitja á rökstólum og senda fjölskyldur niður heljarlóð.

Gremja, eins og Adam Phillips bendir á, getur reynst afl til uppbyggingar. Stundum þarf að brjóta og bramla. Gremja Kára Stefánsson yfir hinu „ólifaða“ lífi, óuppfylltum óskum, ónýttum hæfileikum og ókönnuðum slóðum varð til þess að Íslensk erfðagreining hefur nú farið fram hjá landlæknisembættinu og opnað vefsíðuna www.arfgerd.is. Þar geta landsmenn óskað eftir upplýsingum um hvort þeir beri umrædda erfðabreytu. Látum boðið berast: Ert þú eða einhver þér nákominn í bráðri lífshættu?



Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir Pantaðu tiltekt á appotek.is eða í síma 568 0990 Garðs Apótek - í leiðinni

Fáðu lyfin send heim með póstinum Pantaðu sendingu á appotek.is Garðs Apótek - um land allt

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar

Vinnur þú ferð á Argentínuleikinn?

Komdu og kynntu
þér vegleg HM tilboð
á nýjum Hyundai



5 ÁRA
ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Reynsluaktu Hyundai i10 alla leið til Moskvu.

Landsliðið er á fullu að undirbúa sig fyrir HM í Rússlandi og þú átt möguleika á að fara þangað með þeim. Komdu og reynsluaktu nýjum Hyundai, þá ferðu í pott og gætir unnið sannkallaða þjóðhátíðarferð á leik Íslands og Argentínu í Moskvu þann 16. júní.

Þann 31. maí verða dregnir út tveir vinningshafar sem hljóta hvor um sig ferð fyrir tvo til Moskvu. Innifalið er flug, gisting, miðar á leikinn og ferðir með fararstjórn til og frá leikvanginum.

Hyundai er einn af aðalstyrktaraðilum FIFA WORLD CUP 2018

Hyundai | Kaupþúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



Veglegir HM aukahlutapakkar fylgja öllum Hyundai bílum í takmarkaðan tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ
SPORT

Fornir fjendur. NORDICPHOTOS/GETTY

Bikarúrslit eftir brúðkaupið

FÓTBOLTI Manchester United og Chelsea eru bæði í leit að eina titli sínum á yfirstandandi leiktíð þegar liðin mætast í úrslitaleik ensku bikarkeppninnar á Wembley í dag, sama dag og hið konunglega brúðkaup fer fram.

José Mourinho mun að öllum líkindum stýra Manchester United á næstu leiktíð, en útlit er fyrir að þetta verði síðasti leikur Antonio Conte hjá Chelsea. Þessir tveir knattspyrnustjórar hafa hreytt ónotum hvor í annan undanfarin ár, en hafa að sögn Mourinho grafið stríðsöxina í bili það minnsta.

Mourinho hefur ansi gott sigurlutfall þegar kemur að úrslitaleikjum en hann hefur borið sigur úr þytum í 12 af þeim 14 leikum sem hann hefur farið í sem knattspyrnustjóri. Manchester United getur jafnað Arsenal sem hefur oftast orðið enskur bikarmeistari eða 13 sinnum með sigri í leiknum í dag. Chelsea hefur hins vegar sjö sinnum orðið bikarmeistari.

Manchester United varð síðast bikarmeistari 2016, en það var síðasta verk Louis van Gaal hjá félaginu að leiða liðið til sigurs gegn Crystal Palace í bikarúrslitum það árið.

Chelsea vann enska bikarinn aftur á móti síðast árið 2012 eftir sigur gegn Liverpool í bikarúrslitum. Þá hélt Roberto Di Matteo um stjórnartaumana hjá Chelsea. Conte og lærisveinar hans vonast til þess að gera betur en í fyrra, en liðið tapaði þá fyrir Arsenal í bikarúrslitum.

Bæði lið hafa nú þegar tryggt sér sæti í Evrópukeppni á næstu leiktíð, en Manchester United mun taka þátt í Meistaradeild Evrópu eftir að hafa hafnað í öðru sæti ensku úrvalsdeildarinnar á meðan Chelsea leikur í Evrópudeildinni þar sem liðið endaði í fimmta sæti. – hó



Róbert Aron Hostert hefur leikið vel í úrslitaleikvigninu. Hér reynir hann skot að marki FH undir pressu frá Arnari Frey Ársælssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Allt eða ekkert hjá FH-ingum

ÍBV getur tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn í handbolta karla með sigri á FH í Kaplakrika í dag. Ekki liggur fyrir hvort Gisli Þorgeir Kristjánsson, leikstjórnandi FH, spilar í dag vegna meiðsla úr síðustu viðureign.

HANDBOLTI Það verður ekkert gefið eftir þegar FH og ÍBV leiða saman hesta sína í fjórða leik liðanna í úrslitum Olísdeildar karla í Kaplakrika í Hafnarfirði klukkan 16.30 í dag. ÍBV hefur 2-1 forskot í einvígi liðanna eftir sannfærandi sigur í hitaleik í Vestmannaeyjum á fimmtudagskvöldið. Eyjamenn þurfa aðeins einn sigur í viðbót til að verða sér úti um Íslandsmeistaratitilinn í ár.

Um fátt annað hefur verið rætt en brot Eyjamannsins Andra Heimis Friðrikssonar á FH-ingnum Gísla Þorgeiri Kristjánssyni um miðjan fyrri hálfleik. Samfélagsmiðlar hafa logað vegna málsins og fjölmiðlar fjallað um málið af miklum móð. Broti Andra Heimis var í gær vísað til aganefndar HSI til úrskurðar.

Gisli meiddist á höfði og öxl og tók ekki frekari þátt í leiknum. FH mátti illa við því, sérstaklega í ljósi þess að fyrirliðinn Ásbjörn Friðriksson var fjarverandi vegna meiðsla á kálfa.

Halldór Sigfússon, þjálfari FH, sagði í samtali við Fréttablaðið að það kæmi ekki í ljós fyrr en í dag hvort Gisli yrði leikfær í viðureigninni í dag. Það liti ekki út fyrir að hann hefði fengið heilahristing en hann væri slæmur í öxlinni. Að

sögn Halldórs mun Ásbjörn taka þátt í leiknum í dag; það yrði öllu tjaldað til enda ekkert annað en sigur í boði fyrir FH.

Eins og áður sagði getur ÍBV tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn með sigri í Krikanum í dag. Liðið yrði þá handhafi allra stóru titlanna; deildar-, bikar- og Íslandsmeistarar. Síðasta liðið til að afreka það voru Haukar 2010. Aron Rafn Eðvarðsson, sem ver mark Eyjamanna í dag, og Sigurbergur Sveinsson, skyttu ÍBV, voru í liði Hauka á þeim tíma.

Aron Rafn hefur varið vel í einvigninu, sérstaklega í leikjunum í Eyjum. Ágúst Elí Björgvinsson hefur ekki fundið sig en Birkir Fannar Bragason hefur átt ágætir innkomur. Studningsmenn FH vonast til þess að Ágúst hrökkvi í girnin í leiknum í dag.

FH laut í lægra haldi fyrir Val í úrslitum Olís-deildarinnar á síðasta tímabili og mun að öllum líkindum leggja allt í sölnar til þess að þau vonbrigði endurtaki sig ekki. FH-ingar geta ornað sér við það að þeir hafa unnið alla fjóra heimaleiki sína í úrslitakeppninni til þessa og töpuðu aðeins tveimur af 11 heimaleikjum sínum í deildarkeppninni. hjorvaro@frettabladid.is

Sjúkráþjálfunin
SPORTHÚSINU

Byður Tinnu Jökulsdóttur
velkomna til starfa



Tinna Jökulsdóttir

Á stofunni starfa fyrir:

Atli Örn Gunnarsson, Ásdís Guðmundsdóttir, Elsa Sæný Valgeirsdóttir, Elvar Leonarsdóttir, Hildur Kristín Sveinsdóttir, María Jónsdóttir, Særun Jónsdóttir, Þorsteinn Máni Óskarsson, Þóra Hugosdóttir, Elísabet Reynisdóttir og Helga Gísladóttir.

Þjónusta í boði:

Úrlausn og greining stoðkerfisvandamála
Heilsufarsmælingar
Fræðsla og ráðgjöf
Hreyfigreining

Hægt er að panta tíma í sjúkráþjálfun
í síma 564 4067 eða senda póst á
sjukrathjalfunin@sporthusid.is

INN MEÐ ÚTHVERFIN



5. VILBORG G. SIGURÐARDÓTTIR 6. GEIR FINNSSON 1. ÞÓRDÍS LÓA ÞÓRHALLSDÓTTIR 2. PAWEL BARTOSZEK 3. DILJÁ ÁMUNDADÓTTIR 4. GUNNLAUGUR B. BJÖRNSSON

Uppbygging innviða og atvinnuþróun í hverfum borgarinnar er forsenda fyrir öflugri hverfum, betri hversdagsleika og einfaldara lífi.

Viðreisn mun styrkja hverfi borgarinnar með þínum stuðningi.

VIÐREISN  REYKJAVÍK

[FB.COM/VIDREISN](https://www.facebook.com/vidreisn)

[REYKJAVIK.VIDREISN.IS](https://www.reykjavik.vidreisn.is)



FRÉTTABLAÐIÐ HELGIN

Aðdáendur gera sér glaðan dag

Það eru margir sem gleðjast með konunglegu brúðhjúningunum um helgina.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjana@frettabladid.is



Gunnþórunn Jónsdóttir gunnthorunn@frettabladid.is



EVA LAUFY KJARAN HERMANSDÓTTIR dagskrárgerðarkona á Stöð 2

Ert þú royalisti?

Já, ætli það ekki. Ég hef að minnsta kosti vandræðalega mikinn áhuga á þessu ágæta fólki og leiðist ekki að fylgjast með því. Ég er níræð í anda og það á vel við mig – á milli þess sem ég fylgist með Kardashian-systurum. Ég passa mig á að hafa jafnvægi í þessu.

Hvað á að gera á stóra daginn?

Í fyrsta lagi mun ég troða mér í brúðarkjólinn minn, hver segir að notagildi þessara brúðarkjólanna sé ekki gott? Djök. Samt ekki. Afmælið mitt og brúðkaupið eru í sömu viku, sem er engin tilviljun og þess vegna ætla ég að baka eina köku og fá mér eins og eitt kampavinsglas í góðum félagsskap. Fæ því til mín þær vinkonur mínar sem eru til í kampavinsdrykkju um hádegisbil, það á vissulega við flestar en þær sem búa nálægt og vilja fagna þessum degi almennilega eru velkomnar. Þetta er þó mjög óformlegt, en ég vona að ég endi ekki ein í brúðarkjólunum með kökusneið og kampavin!



BALDVIN ÞORMÓÐSSON hugmyndasmíður hjá Pipar/TBWA auglýsingastofu

Ert þú royalisti?

Ég myndi ekki kalla mig royalista en ég hef haft dálæti á bresku konungsfjölskyldunni síðan ég bjó í London þegar ég var í námi. Þá tók ég þá ákvörðun að tileinka mér algjörlega breska menningu. Ég man þegar ég var nýfluttur út og sat á breskum pöbb í Camden. Klukkan að slá í miðnætti og mikil læti þegar gamall breskur maður stendur á fætur og byrjar að syngja hástöfum God Save the Queen. Staðurinn þagnar og allir standa upp og taka undir. Þá fyrst fann ég fyrir því hvað breska krúnan er mikið sameiningartákn fyrir Breta.

Hvað á að gera á stóra daginn?

Ætli ég byrji ekki daginn á stórum „English breakfast“, bóni síðan Land Roverinn, hnýti á mig slaufu og róliti rakleiðis á næsta bar með helgarblað Fréttablaðsins og Hendrick's gin



og tónik að fylgjast með ósköpunum í beinni útsendingu í snjallsímanum.

Fylgistu með bresku konungsfjölskyldunni reglulega?

Ég hef alveg annað augað með þeim en þrátt fyrir að hafa í grunninn mjög gaman af drama þá vil ég helst að þeim líði bara vel og allir hressir hver í sínum kastala með góðan bjór og BBC Two.

Klædir þú þig í sparigallann í virðingarskyni?

Mér finnst oft gott að hita upp fyrir tyllidaga með því að klæða mig í mín finustu fót daginn fyrir. Eins og 30. desember, daginn fyrir aðfangadag, 16. júní og slíkt. Það tekur pressuna af sjálfum deginum. Þá eru fötin líka aðeins þægilegri á sjálfum deginum. Mæli með!

Hvernig list þér á tilvonandi brúðhjúning?

Mér finnst þau æði. Það eiga allir skilið að finna ástina og ég vona að þau eigi eftir að eiga langa og hamingjusama ævi saman.

FRÍMANN SIGURÐSSON verkefnastjóri og gestgjafi

Ert þú royalisti?

Já, ég held að ég verði að viðurkenna að í mér býr litill konungssinni/royalisti sem laumar konunglegu slúðri með í handfarangur á ferðalögum og fylgist með útvöldum aðilum konungsfjölskyldna á samfélagsmiðlum.

Hvað á að gera á stóra daginn?

Á meðan kampavinið kælir skokka ég beinni í baki út í Braud og co. og kaupi riflegan skammt. Þegar heim er komið er lagt hátiðlega á borð, slökkt á símanum, kampavinið opnað og skellt sér í hæfilega þægilegan hátiðargalla. Stærsta áskorun dagsins er að finna út hvaða sjónvarpsstöð er með bestu beinu útsendinguna.

Fylgistu með bresku konungsfjölskyldunni reglulega?

Ég hef ekki sérstaklega hátt um það en mér gengi eflaust ágætlega í spurningakeppni um kóngafolk almennt og þá allra helst um skandinavisku konungsfjölskyldurnar. Í júlí ár hvert fagna ég svo afmæli Viktoríu krónprinsessu Svíþjóðar þar sem við eigum sama afmælisdag.



ÉG FER M.A.

Í GULL-

KLOSSANA

SEM VORU

SÉRPANT-

ADIR FRÁ

SVÍÞJÓÐ



Klædir þú þig í sparigallann í virðingarskyni?

Að sjálfsögðu, ég fer m.a. í gullklossana sem voru sérpantaðir frá Svíþjóð og mér færðir að gjöf og eru nýttir við hátiðleg tilefni líkt og þetta konunglega brúðkaup. Lets just say I never dress down ... ever.

Hvernig list þér á tilvonandi brúðhjúning?

Brúðhjúningin virðast vera ástfangin og hamingjusöm sem er alltaf ákaflega fallett. Ég óska þeim alls hins besta og vona að þau eigi eftir að láta mikið gott af sér leiða í gegnum störf sín í þágu mannúðarmála og mannréttinda.

Hlýir straumar

Mér þykir, og hefur alltaf þótt, alveg óendanlega vænt um Harry og Vilhjálm frá því þeir fæddust og auðvitað sérstaklega eftir að Dána féll frá. Ég trúir því stundum ekki ennþá að hún sé farin frá okkur. En jæja. Varðandi ráðahaginn þá verð ég að viðurkenna, og þetta er hart á sjálfan brúðkaupsdaginn en meðvirkni hefur aldrei hjálpað hálfum hlut, að ég hef smá áhyggjur af þeim. Fjölskylda Meghan er svo óstjórnlega helluð út í hana og auðvitað stend ég með Harry og hans ákvörðunum í lífinu (hann á enga mömmu svo ég verð að stíga inn hérna) en það er 1% af mér sem er smá stressað um að það sé mögulega, og ég er bara að segja mögulega hérna, smá séns að Meghan sé ekki alveg sönn í þessu. Hún þóttist ekki vita neitt um konungsfjölskylduna í trúlofunarviðtalinu en svo birti vinkona hennar mynd af þeim sem unglingum fyrir utan Buckinghamhöll alveg óðum og trylltum. Þið vitid. En ég er ekki bílstjórinn í hans lífi, nú eða þeirra. Svo það er ekkert annað í boði en að senda bara hlýja strauma.

Ég ætla að reyna að gera það sem ég get til að hafa þetta hátiðlegt í dag. Athöfnin er auðvitað í hádeginu svo það verður létt dagföndun bara hjá sjálfri mér, látlaust dress, hnésitt pils en ég ætla að hlaða á mig þeim mun meira af skarti. Gestalistinn er ekki alveg negldur en Dána verður með mér hérna (bank í hjartað). Ég ætla að drekka eitthvert rándýrt te og slafra í mig búðing með fina silfrinu og nota bakka með mynd af Diönu.

Ég held að brúðkaupið sé eðlilegt framhald af heldur löngu glaumgosalífi Harrys. Ég er búin að biða eftir þessum helvitis degi frá því Harry stóð við hlið Vilhjálm á brúðkaupsdegi þeirra Katrínar. Nú heldur konungsfjölskyldan bara áfram að færa sig hægt og rólega inn í nútímann, þar sem allar konungsfjölskyldur eiga auðvitað að vera ef þær vilja lifa af.

Varðandi fyrirkomulagið á þessu öllu þá er ég hugsu yfir PR-vinklinum. Steikarpönnuháttur fjölskyldu Meghan hefur algjörlega fengið að stjórna umræðunni. Höllin þegir (Harry bað ömmu pottþétt um að skipta sér ekki af svo það útskýrir þögnina), útkoman því miður hver furðufréttin á fætur annarri um fjölskyldu Meghan. Gleymum síðan ekki veikindum pabba hennar og dramanu í kringum þau. Öll þessi súpa hefur algjörlega yfirskyggt sjálf hátiðahöldin og gleðina. Og hvaða frétt stendur upp úr frá höllinni? Jú, að bjóða fólki, sem fær náðarsamlegast að koma þarna inn á einhvern grasbala og biða allan daginn, að taka með sér nesti. Var í alvöru ekki hægt að rúlla einum eða tveimur pullu-vögnum þarna inn? Annars finnst mér hádegisbrúðkaup alltaf smá elegant og ódrúvisi.

Ég vona svo innilega að dagurinn verði sem yndislegastur þrátt fyrir vesen á tengdafjölskyldu Harrys og að hann finni fyrir nærveru mömmu sinnar heitinnar. Það sem hún elskaði þessa drengi sína meira en allt, elsku hjartans fólkið segi ég nú bara. Guð blessi minningu Diönu í dag og alla daga. Og brúðhjúningin auðvitað.



Lára Björg Björnsdóttir Royalisti skrifar



Sjá nánar á Fréttablaðið+

Langi umfjöllun má lesa á frettabladid.is.

Tímalína á íslenskum tíma

08.00 Almennangi sem hefur verið boðið til hátiðarhalda við Windsor kastala mætir.

8.30-10.00 Gestir koma til kirkju. Meðlimir konungsfjölskyldunnar síðastir eða um 10.20.

10.45 Bræðurnir Harry og Vilhjálmur koma saman til kirkju. Líklega koma þeir gangandi fram hjá þeim mikla fjölda almennings og góðgerðarfélaga sem hefur verið boðið að fylgjast með athöfninni á lóð Windsor kastala.

10.55-10.59 Elísabet drottning kemur síðust fjölskyldumeðlima til kirkju.



» KAPELLAN VAR BYGGÐ ÁRÍÐ 1475. HARRY VAR SKÍRÐUR Í HENNI ÁRÍÐ 1984.

» SVARAMAÐUR HARRY VERÐUR BRÓÐIR HANS VILHJÁLMMUR.

UM 600 GESTIR VERÐA Í KAPELLUNNI ÞEGAR MEGHAN OG HARRY VERÐA GEFIN SAMAN.

10.59 Meghan Markle kemur til kirkju með móður sinni, Doríu Ragland.

11.00 Athöfnin hefst í kapellu heilags Georgs í Windsor-kastala

12.00 Athöfninni lýkur og nýgiftu brúðhjúningin koma út á kirkjutróppurnar. Þar ganga þau að vagni sem þau fara með í gegnum miðbæ Windsor.

» FYRIR UTAN WINDSOR-KASTALA VERÐA ALLS 2.640 GESTIR. ÞEIR FÁ AÐ FYLGJAST MEÐ ÞEGAR PARIÐ MÆTIR Í KAPELLUNA. SEINNA FAGNA ÞEIR HJÓNUNUM ÞEGAR ÞAU FARA Í VAGNINN EFTIR ATHÖFNINA.

13.00 Að vagnferðinni lokinni hefst brúðkaupsveisla í boði drottningar í sal heilags Georgs.

AÐ KVÖLDI í kvöld er haldin brúðkaupsveisla fyrir nánustu ættingja og vini í Frogmore.



Komdu á flug í sumar!

Skráning
hafin á kvan.is

Skemmtileg, jákvæð og uppbyggjandi námskeið
fyrir börn, unglinga og ungt fólk

KVAN fyrir 13–15 ára hefst 5. júní

Námskeiðið stendur í fjórar vikur og er kennt tvisvar í viku.
Kennt er á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 18–21.

KVAN fyrir 16–19 ára hefst 30. maí

Námskeiðið stendur í fjórar vikur og er kennt tvisvar í viku.
Kennt er á mánudögum og miðvikudögum kl. 19–22.

Kynningarfundur fyrir 13–19 ára, þriðjudaginn 22. maí kl. 20–20.45

Skemmtilegur kynningarfundur þar sem við förum yfir aðferðafræðina á námskeiðunum og hvers má vænta eftir námskeiðið. Fundurinn er haldinn í KVAN, Hábraut 1a, Kópavogi.

Sumarnámskeið KVAN fyrir börn á aldrinum 7–9 ára og 10–12 ára

Í sumar býður KVAN upp á hágæða sumarnámskeið. Áhersla verður lögð á að kenna félags- og leiðtogafærni, efla vináttufærni og bæta samskipti.

NÁMSKEIÐ 7–9 ÁRA:

11.–22. júní	kl. 9–12	UPPSELT
25. júní–6. júlí	kl. 13–16	UPPSELT
9.–20. júlí	kl. 9–12	Nokkur sæti laus
9.–20. júlí	kl. 13–16	
7.–17. ágúst	kl. 9–12	Nokkur sæti laus

NÁMSKEIÐ 10–12 ÁRA:

11.–22. júní	kl. 13–16	UPPSELT
25. júní–6. júlí	kl. 9–12	Nokkur sæti laus
7.–17. ágúst	kl. 9–12	



KVAN

kvan.is - Hábraut 1a, Kópavogi - sími 519 3040



„Núna loksins fáum við að segja okkar hlið,“ segir Auður, dóttir séra Hildar Hörpudóttur, sem stígur fram ásamt bróður sínum Markúsi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Loksins fáum við að segja frá

Börn séra Hildar Bjarkar Hörpudóttur, Auður og Markús, lýsa reynslu sinni af þvingaðri umgengni við föður sinn og því hvernig frásögn þeirra var alla tíð dregin í efa. Þá lýsa þau óvægnu umtali um móður sína á netinu.

Sveinn
Arnarsson
sveinn@frettabladid.is



Í björtu og fallegu einbýlis- húsi á Kársnesinu búa ungl- ingarnir Auður Emilía og Markús Páll Hildar- börn ásamt yngri hálfbróður sínum og móður.

Auður Emilía, 17 ára, er að klára Kvinnaskólann í vor og stefnir á inntökupróf í læknisfræði fyrir næsta vetur í Háskóla Íslands. Markús Páll er að ljúka grunnskóla- námi í vor en næsta vetur liggur leiðin í Menntaskólann í Kópavogi þar sem hann mun leggja stund á félagsfræðinám. Hann ætlar sér að verða barnasálfræðingur á BUGL þegar hann verður eldri.

Lif þessara unglunga í dag er á yfir- borðinu ekki ósvipað lifi annarra dæmigerðra unglunga. Dagurinn hefst á morgnana í skólanum og endar á heimili þeirra á Kársnesinu á kvöldin. Lif þeirra hefur hins vegar ekki alltaf verið auðvelt.

Móðir þeirra, séra Hildur Björk Hörpudóttir, setti börnin í skyld- uga umgengni árið 2006. Allt til ársins 2010 tálmaði hún umgengni föðursins við börnin, alls þrisvar. Að hennar mati í þeim tilgangi að vernda þau fyrir ofbeldi.

Að geta ekki verndað börnin sín
„Núna loksins fáum við að segja okkar hlið,“ segir Auður. „Þegar ég les á netinu að móðir sé að beita föður ofbeldi með því að tálma

umgengni án þess að vita hvað er í gangi, eða hvað býr að baki tál- uninni, þá verður maður svolítið reidur og á það til að missa trúna á fólki yfir höfuð,“ segir Auður en Hildur móðir hennar hefur verið útmáluð sem tálmunarmóðir á net- inu í mörg ár og sökuð um að beita tálmunum með óeðlilegum hætti gegn líffræðilegum föður þeirra systkina og virða að vettugi rétt hans til að umgangast börnin sín.

Árið 2006 sögðu börnin frá ofbeldi af hálfu föðursins og játaði faðir þeirra, í tölvupósti til lögfræð- ings Hildar Bjarkar í júlí það ár, að hafa slegið Markús. Mánuði síðar, þann 13. ágúst, stöðvaði móðir þeirra alla umgengni við börnin. Þann dag, sunnudag, fer Hildur með Auði á sjúkrahús vegna áverka sem hún sá á stúlkunni eftir helgarferð með föður sínum.

„Ég gleymi aldrei þessari helgi. Ég setti þau alltaf í bað eftir að þau komu heim. Auður er ofbodslega tætt þennan sunnudag og ég mátti ekki vera inni á meðan hún er í baði. Svo kem ég inn til hennar og geng aftur fyrir hana og sé að barnið er allt í áverkum á bakinu og niður á lendar. Þá förum við með hana strax á slysadeildina. Ég grét úr mér augun. Í þessu öllu er svo rosalegur vanmáttur og sorg, að geta ekki verndað börnin sín,“ segir Hildur.

„Í þessari læknisskoðun var skipt einu sinni um hjúkrunarfræðing. Sú sem var með okkur fyrst grét og grét þegar læknirinn var að byrja að skoða barnið. Það þurfti að mæla þetta allt og taka ljósmyndir. Auður var alveg út úr heiminum og var að

segja okkur frá einhverjum fuglum. Svo var verið að reyna að gera þetta þannig að hún meiddi sig ekki. Ég hélt þegar þetta var búíð að þetta væri eitthvað sem ég þyrfti aldrei aftur að gera,“ segir Hildur.

Þetta atvik var tilkynnt til Barna- verndar Reykjavíkur og henni einn- ig tjáð að málið yrði kært til lög- reglu. Níu dögum seinna barst bréf frá Barnavernd þar sem þeim var tjáð að þar sem vissa væri fyrir því að móðir tæki á málinu á ábyrgan hátt yrði ekkert frekar aðhafst af hálfu Barnaverndar Reykjavíkur og málum barnanna lokað hjá Barna- vernd.

„Fólk má bara lemja þig“

„Ég man eftir því að hafa verið hent á skáp og allt verður svart. Ég man eftir að hafa verið slegin með ein- hverju í bakið á mér og það var ótrúlega sárt og ég man eftir því að ég hafi verið á sófanum frammi að hlusta á hann vera að lemja Markús inni í herbergi. Ég man líka svolítið fleira en þetta en það er sárt að minnast á þetta,“ segir Auður með grátstafinn í kverkunum. „Það var alltaf eitthvað sem við höfðum gert. Markús á að hafa verið of hávær og þá var bara þrífíð í hann og inn.

Mér leið alltaf eins og þetta væri mér að kenna. Svo var ekkert hlust- að á okkur þegar við vorum að segja frá.“

Fannst þér kerfið ekki hlusta?

„Nei. Og mamma þurfti að greiða dagsektir fyrir það að halda okkur frá ofbeldisfullum aðstæðum.“

Þið voruð úrskurðuð til að hitta föður ykkar. Hvernig leið þér?

Skýrslutaka í Barnahúsi:

Starfsmaður: hvað heitirðu?

Auður: Ég heiti Auður.

Starfsmaður: Þú heitir Auður, og hvað ertu gömul Auður?

Auður: Ég er átta.

Starfsmaður: Þú ert átta ára og hvar áttu heima?

Auður: Ég á heima í Haukalind 25.

Starfsmaður: Hverjir eiga heima þar?

Auður: Bróðir minn Bjartur, Markús og mamma og pabbi.

Starfsmaður: Og hvað heitir pabbi þinn?

Auður: Pabbi minn heitir Egill Rúnar Erlendsson, en hinn pabbi minn heitir..., eða sko ég kalla hann eiginlega ekkert pabba, ég kalla hann bara [nafn] því hann heitir [nafn].

Starfsmaður: Hann heitir [nafn].

Auður: Og hann meiðir mig stundum.

...

Starfsmaður: Segðu mér þá af hverju þú ert komin hingað að tala við mig?

Auður: Út af því að pabbi minn hann er búinn að vera að meiða mig. Mamma og hann eru skild og þegar ég er hjá honum þá meiðir hann mig.

...

Starfsmaður: Þykir þér vænt um [nafn] pabba?

Auður: Svólítið.

Starfsmaður: Hvernig myndir þú vilja hafa þetta ef þú mættir alveg ráða ein?

Auður: Þá myndi ég frekar vilja bara hafa þetta þannig að yrði, að við myndum ekki vera hjá honum. Og í hvert sinn sem hann hefur meitt okkur þá myndi bara löggan koma.

Þrjár dagsektarúrskurðir

Frá árinu 2006 til ársins 2010 er föð- urnum úrskurðað í hag þess efnis að hann eigi rétt á umgengni við börnin sín. Á þessum tíma lá fyrir að börnin voru haldin miklum kvíða og vanlíðan. „Umgengni við börnin er komið aftur á, þrátt fyrir játningu föðurs, þrátt fyrir áverkavottorð sem sýna áverka, gögn frá sálfræðingum sem lýsa mikilli vanlíðan barnanna og kvíða. Það er eins og réttur til umgengni sé mun sterkari en réttur barnanna til verndar gegn ofbeldi,“ segir Hildur. Fyrst var umgengni ➔

„Ég man bara kvíða fyrir hverja helgi. Það var ógeðslega erfitt. Það er eins og maður sé sendur á geð- veikrahæli þar sem fólk má bara lemja þig og það var einhverv- inn eins og enginn stæði með okkur nema mamma, stjúppabbi minn og lögmaður okkar. Svo fylgir þessu það að ég og Markús máttum aldrei heyra í barni gráta, þá leið okkur illa. Bara þegar yngsti bróðir okkar var að fara að sofa, að heyra barn gráta í öðru herbergi og fá upp strax minningar af því þegar það var verið að lemja Markús.“



Claire Ptak, eigandi The Violet Bakery í Hackney í Austur-London. Bakarið er geysvinsælt. NORDICPHOTOS/GETTY

Kökur, kjólar og konunglegt kaffistell

Vinsælt bakari í Austur-London

The Violet Bakery er bakari og kaffihús í Hackney í Austur-London. Frægt fyrir vandad og nútímalegt bakkelsi og nýtur gríðarmikilla vinsælda eftir að Harry og Meghan völdu eigandann, Claire Ptak, til að baka brúðartertuna. Kakan er með sítrónu- og ylliberjabragði og verður sjálfsagt boðin til sölu í bakariinu vinsæla í sumar. En þeir sem vilja spreyta sig á uppskrift eftir Claire geta bakað þessa hindberjatertu. Uppskriftina er að finna í matreiðslubók eftir hana, The Violet Bakery Cookbook.

HINDBERJAKAKA

Fyrir 10-12

Kökubotnar

125 g mjúkt smjör

200 g sykur

3 egg

1 tsk. vanilludropar

1 tsk salt

300g hveiti

2 tsk. lyftiduft

¾ bolli mjólk

6 msk. hindberjasulta

Krem og skreyting

120 g fersk hindber

500 g flórsykur

1 msk. mjólk

190 g smjör

½ tsk. kirsuberjalikjör

½ tsk. sítrónusafi

Hitaðu ofninn í 150°C. Notaðu djúpt 20 cm kökumót, smyrðu það og settu smjörpappir í botninn.



Claire skreytir gjarnan kökur sínar með blómum.

Hrærdu saman mjúkt smjör og sykurrinn. Bættu eggjum, vanillu og salti við. Hægt og rólega.

Í annarri skál skaltu hræra saman hveiti og lyftiduft. Bættu við helmingi af smjöri á hægum hraða. Bættu við mjólkinni og þá hveitinu sem eftir er. Gættu þess að blanda vel þannig að ekkert hveiti liggja á botni skálarinnar.

Helltu í mótið og jafnaðu yfirborðið með spaða. Bakaðu í 50-60 mínútur. Látið kólna í 15-20 mínútur.

Takið úr mótinu með því að renna hnif meðfram brúninni.

Kremið er lagað með því að mauka hindberin ásamt tveimur matskeiðum af flórsykri. Það þarf að hella af umframvökva áður en maukið er sett í skál og í hrærivél. Bætið við mjólk, smjöri og 250 grömmum af flórsykri. Hrærið saman rólega í þrjár mínútur. Bætið restinni af sykrunum saman við og hrærið þar til kremið sýnist hafa léttu áferð en heldur samt ágæt




Konunglega stellið í bláum tönnum.

lögum. Þá skal blanda við kirsuberjalikjör og sítrónusafa.

Þvíð kökumótið. Klæðið það að innan með plastfilmu og látið hana ná vel yfir brúnirnar.

Notið stóran brauðhnif eða hnif með löngu hniðsblaði. Skerið kökuna sem nú hefur kólnað í þrjá hluta. Ef efsta lagið er kúpt, snyrtið það til og jafnið yfirborðið. Gott ráð er að setja pappaspjöld á milli laga og lyfta þannig kökahlutunum upp og færa til á kökudisk.

Færið svo aftur neðsta lagið í kökumótið með plastfilmunni. Setjið krem í poka, notið stóran stút. Sprautið kremi meðfram brúnum kökunnar, ekki hafa áhyggjur af því að kremið snerti mótið. Smyrjið sultu á botninn. Sprautið faeinum röndum af kremi ofan á. Setjið annað lag af kökubotni ofan á og endurtakið. Setjið svo efsta lagið á.



Flestir veðja á Ralph&Russo.

Togið í plastfilmuna og pakið kökunni inn. Kælið í tvo tíma eða yfir nótt áður en kakan er tekin upp úr mótinu til skreytingar. Þekið kökuna með kremi. Skreytið með berjum og beríð fram.

Hugleiðingar um kjóla

Mikil eftirvænting hefur ríkt um brúðarkjólinn. Breskir fjölmiðlar veðjuðu flestir á tiskuhús Ralph & Russo. Móðir Meghan, Doria Ragland, mun leika stórt hlutverk í brúðkaupi dóttur sinnar. Hún mun fylgja henni til kirkju og líkast til klæðast fatnaði frá tiskuhúsinu breska Burberry.

Konunglegt stell

Brúðhjónin hafa lagt blessun sína yfir kaffistell úr postulíni sem er sérstaklega gert í tilefni brúðkaups þeirra. Stellið er ljósblátt.

HONDA
The Power of Dreams

MEIRI AFKÖST
MEIRI BÚNAÐUR
MEIRI **CIVIC**



Honda Civic er bíll sem er allt annað og meira. Hann er sérstaklega fyrir þig, fjölskylduna og áhugamálin. Hann endurspeglar metnað okkar fyrir öryggi og tæknilegum yfirburðum. Staðalbúnaður í Civic er radartengdur skriðstillir, árekstrarvari, akgreinaaðstoð og handfrjáls símabúnaður svo dæmi séu tekin. Civic er skemmtilegur að aka, öruggur og áreiðanlegur með pláss fyrir flest, þó sérstaklega – þig og þína! Fullkomin blanda af krafti, sparneytni og gæðum. **Komdu í heimsókn og prófaðu Honda Civic meira af okkar besta til þessa.**



Honda Jazz
verð frá kr. 2.540.000



Honda Civic
verð frá kr. 2.990.000



Honda HR-V
verð frá kr. 3.870.000



Honda CR-V
verð frá kr. 4.840.000



HONDA

ELDBORG FÖSTUDAGINN 7. SEPTEMBER

DÚNDURFRÉTTIR
LED-ZEPPELIN

Í TILFNI 50 ÁRA AFMÆLIS HLJÓMSVEITARINNAR

MÍÐASALA HEFST ÞRIÐJUDAGINN 22. MAÍ
Á HARPA.IS · TIX.IS OG Í SÍMA 528 50 50



➔ hæð nokkrum skilyrðum og var umgengni hans undir eftirliti barnaverndaryfirvalda. Fyrst þrjá tíma í senn aðra hverja helgi en síðar meir aftur frá laugardegi til sunnudags.

Á þessum þremur árum tálmaði Hildur Björk umgengni við föður barnanna vegna meints ofbeldis af hans hálfu.

Játning lá fyrir

„[V]issulega sló ég drenginn og ég hef viðurkennt það bæði fyrir hildi og þér,“ skrifar líffræðilegur faðir barnanna í tölvupósti til lögmanns Hildar í júlí árið 2006. Þá hafði Hildur kvartað yfir umhirðu barnanna og áverkum sem hún taldi hafa verið á þeim eftir samveru með föður þeirra.

Umgengni líffræðilegs föður barnanna við Auði og Markús hófst aftur í upphafi árs 2008 undir reglulegu eftirliti barnaverndaryfirvalda þar sem fulltrúar yfirvaldanna voru viðstaddir. „Það fer umgengni aftur af stað undir eftirliti. Í gögnum málsins kemur fram mikill kvíði barnanna fyrir að hitta föður sinn. Ég þurfti að fara í gegnum þrjá dagsektarúrskurði á þessum tíma og rétta þessum manni börnin mín,“ segir Hildur Björk.

Auður man eftir þessum fundum við föður sinn undir eftirliti. „Já, þetta var einhver lítil stofa og það var alveg ekkert að gerast þar því þegar fólk var að fylgjast með þá gerðist ekkert. En um leið og við vorum hjá honum um helgar þá bara breyttist þetta,“ segir Auður.

Í gögnum málsins kemur fram að umgengnin hafi farið vel fram. „Í fyrsta skipti voru börnin nokkuð skelkuð við komuna og þurfti starfsmaður að fullvissa þau um að faðir þeirra myndi ekki berja þau,“ segir í lýsingu barnaverndaryfirvalda af því þegar börnin komu í fyrsta skipti í umgengni eftir að Hildur stöðvaði alla umgengni, þann 13. ágúst 2006.

„Ég man eftir því þegar við vorum að fara um helgar. Þá kom oft maður sem átti að vera með okkur alla helgina, en faðir okkar gat sagt honum bara að fara í kaffi og þá fór hann bara. Og þá byrjaði allt aftur,“ segir Auður. „Ég man einu sinni á leiðinni heim. Hann keyrði okkur alltaf úr vistinni og heim, þessi eftirlitsmaður. Markús var þá grátandi alla leiðina og ég byrjaði að kenna þessum manni um og að hann væri aftur og aftur að taka okkur og meiða okkur. Þegar hann lagði síðan bílnum við heimili okkar þá óskraði hann á okkur og sagði okkur að hypja okkur út. Og þetta var manneskja sem átti að passa upp á okkur. Barnaverndarfulltrúinn átti að hlusta á okkur, en það virkaði ekki einu sinni.“

„Mig langaði aldrei að fara“

Markús Páll á afar erfitt með að grafa í þessum minningum og það tekur á hann að segja frá því sem gerðist á þessum tíma.

Hvernig voru samskiptin við líffræðilegan föður þinn?

„Ekki mikil og slæm, hann var með mjög stuttan þráð og var fljótur að refsa.“

Í hverju fólust þessar refsingar?

„Ofbeldi. Hann rassskellti mig og tók mig oft í bándabeygju.“

Þrátt fyrir að beitt hafi verið ofbeldi þar sem lá fyrir játning föður fyrir því að hafa á einum tímamarki slegið Markús úrskurðaði sýslumaður að faðirinn hefði rétt til að umgangast börnin sín.

Hvernig leið þér að fara til föður þíns?

„Mig langaði aldrei að fara, langaði bara ekkert að vera með honum. Þetta er náttúrulega algjört bull sko. Maður átti ekki að vera í þessum aðstæðum. Ég reyni að gera eins lítið af því að hugsa til baka og ég get.“

Studdi mamma þín þig?

„Já, hún studdi mig alltaf. Það var gaman að koma aftur heim.“

Er eitthvað í umhverfinu sem yfir upp þessar minningar?

„Já, ég til dæmis þoli ekki að sjá á skirteinum þegar föðurnafnið mitt er birt. Ég sá hann í leikfangaverslun eitt skipti. Ég var eitthvað inni í búðinni og sneri mér við og



Systkinin segjast ekki hafa viljað fara í umgengni til föður síns og að kerfið hafi brugðist þeim. Þeim hafi ekki verið trúað. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Skýrslutaka í Barnahúsi:

Starfsmaður: Og hvað finnst þér um að hafa ekki hitt hann í svólítið langan tíma?

Markús: Ekki..., mér finnst það bara gott.

Starfsmaður: Langar þig til að hitta hann?

Markús: Nei.

Starfsmaður: Af hverju ekki?

Markús: Bara, hann er svo vondur við mig.

Starfsmaður: Hvernig vondur við þig?

Markús: Hann rassskellir mig og það er bannað og það er bannað að taka í bándabeygju..., og ég vill ekki fara til hans.

Starfsmaður: En hvernig liður þér að hitta hann ekki?

Markús: Bara vel, mig langar að vera heima.

þar var hann. Þá hljóp ég bara út,“ bætir Markús við.

Auður minnst þess að síðasta skipti sem þau hafi hitt líffræðilegan föður sinn hafi verið fyrir um átta árum. „Síðast var það í upphafi árs 2010, þegar hann kom í víðtal heim til okkar þegar sálfræðingur og sáttamaður hjá sýslumanni voru á staðnum. Viðtalið byrjaði mjög vandræðalega. Stjúppabbi okkar var að reyna að róa Markús niður og ég sat í fanginu á mömmu. Síðan endaði það á því að ég snappaði á hann og sagði honum að drulla sér út. Við ætluðum ekki að fara aftur til hans því þetta væri ógeðslegt.“

Sr. Hildur Björk hefur á þessum tíma oft verið sökuð um að hafa heilaþvegið börnin til fylgilags við sig í erfiðri umgengnisdeilu við barnsföður sinn. Hún segir það af og frá og að gögn málsins séu skýr um það hvað gekk á. Hún hafi einfaldlega verið að vernda börnin sín sem mest hún mátti. Auður segir ásakanirnar gegn móður sinni gera lítið úr ofbeldinu gegn sér og bróður sínum.

„Þetta er erfitt. Þegar maður stendur upp og er að tala um svona og fær að heyra að maður hafi verið heilaþveginn af móður sinni. Það er bara eins og það sem kom fyrir okkur hafi ekki gerst,“ segir Auður.

„Og það er búið að vera mjög erfitt. Og það koma alveg tímar þar sem við Markús upplifðum að það væri enginn að hlusta á okkur og þá hættir maður bara að tala um þetta. Það var mjög erfitt að byrja svo aftur að tala um þetta. Þegar þetta þarf allt að byrja aftur. Þetta er allt bara eitt klúður á eftir öðru.“

Umtal á netinu

Hildur segir einnig að umtal á netinu hafi áhrif á börn hennar og það skiptir máli að það sem sagt er sé satt og rétt. Hún talar um að hópur einstaklinga hafi markvisst á síðustu árum reynt að koma óorði á hana með umtali á netinu.

En hver er þessi hópur?

„Þeir eru nánasta fjölskylda þessa manns, auk annarra sem telja sig vera að styðja hreyfingar fedra. Einhvers konar regluriddarar sem halda að þeir séu að taka göfugan málstað og berjast með honum,“ segir Hildur. „Auður og Markús eru bara orðin það stór að þau lesa allt. Þegar þeir fara svo að birta tilklippt málsskjöl úr Barnahúsi um þau, þar sem fram kemur að hún er spurð hver hafi í raun sagt henni að segja þessa hluti í Barnahúsi. Þá segir hún „mamma“, því ég hafði sagt henni að segja allan sannleikann. Lögfræðingurinn minn hafði sagt mér að minna börnin á að það væri mikilvægt að segja allan sannleikann. Þegar Auður les svo þetta þá hugsaði hún sem svo að það hafi þá eftir allt saman verið hún sem hafi spilt fyrir málinu.“

Nýtt áfall við prestsvígslu

Hildur er sóknarprestur í Reykhóla-prestakalli. Í febrúar árið 2016 var hún vígð til prests. Hún lýsir vígslunni sem erfiðum tíma.

„Það verður mikil uppakoma í vígslunni. Þau mættu auðvitað þangað, þau ætluðu ekki að láta mig vígjast. Fjölskylda hans sér börnin fyrir utan kirkjuna og sest svo fyrir aftan börnin. Markús og Auður höfðu verið að lesa á Facebook fyrir vígsluna að ég skyldi passa mig hvar ég væri og aðrar alvarlegar hótanir. Markús var þá farinn að halda að mér væri raunveruleg hættu búin. Þau setjast þá fyrir aftan börnin og stjúppabbi þeirra biður fólkíð um að færa sig þegar Markús byrjar að gráta og segir við stjúpföður sinn að að hann haldi að fólkíð ætli bara að drepa mig,“ segir Hildur.

„Svo þegar kirkjuvörðurinn biður fólkíð um að færa sig aftur, þá bara tryllist allt. Þá er óskrað og æpt. Þetta gerist fyrir athöfnina sjálfa og Agnes biskup þurfti að beita sér til að fólkíð settist niður eða færi út. Því, sem fór af stað um leið og ég fór að sækja um prestsembætti, er ekki lokið í dag. Eitthvað sem ég skil ekki,“ segir Hildur. „Ég hef oft hugsað til orða Agnesar biskups til mín á þessari stundu þegar hún sagði mér að það skipti ekki mestu máli hvað kemur fyrir okkur heldur hvernig við vinnum úr því.“

„Mamma, nú er nóg komið“

Ég sagði upp prestakallinu mínu á Reykhólum í mars og sótti um stöðu hjá Barnaverndarnefnd Reykjavíkur sem forstöðumaður Vistheimilis barna. Ég fæ þessa stöðu sem hæfasti einstaklingurinn. Svo þegar ég er búin að skrifa undir þá tjáir framkvæmdastjóri Barnaverndar mér að það berist til þeirra tölvupóstar þar sem þessir menn eru að senda henni óhroða um mig og þessa umgengnisdeilu. Þá hringi ég í lögfræðinginn minn og segi henni að útskýra mitt mál sem hún gerir. Svo ákveð ég að bakka út úr þessari stöðu þegar þessi hulduher hótar stift fjölmiðlaumfjöllun. Ég gat ekki látið Auði og Markús fara í gegnum það sama og síðast.

Ég er eina konan sem hefur farið í meidyrðamál og svo úrskurðar dómari við héraðsdóm að það megi kalla mig tálmunarmóður því ég hafi sannarlega tálmað umgengni. Því er ég í algjöru upphaldi hjá þeim því þeir hafa það skjalfest frá dómara,“ segir Hildur.

„Þessi hópur á sviðið á meðan hinn hópurinn hefur ekki auka orkuna því öll auka orka fer í að tjasla börnunum manns saman.“

Þegar ég sagði Auði núna að ég hefði dregið til baka að taka við stöðu forstöðumanns Vistheimilis barna fyrir Barnaverndarnefnd Reykjavíkur, vegna þess að þeir voru byrjaðir að senda inn og hóta fjölmiðlaumfjöllun, núna viku áður en ég átti að hefja störf, þá er það Auður sem segir: Mamma, nú er nóg komið, lærðum við ekkert af #metoo?“

Nú tekur við nýr kafli í lífi þeirra þar sem séra Hildur hefur sagt upp prestsembætti sínu og ákveðið að taka ekki við nýju starfi hjá barnaverndarnefnd.

Úr gögnum málsins:

Álit doktors Tryggva Sigurðssonar, barnasálfræðings

„Lýsing Auðar á samskiptum hennar við föður hennar eru trúverðugar. Hún nánast skelfur þegar hún lýsir heimsóknum til hans og þolir illa langar umræður um þær.“

[...]

„Niðurstöður greindarprófunar sýna vitsmunaproska á stigi afburðagreindar hjá Auði. Námsleg staða hennar er mjög góð. [...] Stúlkan lýsir miklum kvíða hjá sjálfri sér og í viðtölum lýsir hún ítrekað ofbeldi af hálfu föður síns.“

Mælt er með tilvísun til barna- taugalækis [...] með tímabundna lyfjagjöf í huga vegna þess alvarlega kvíða sem Auður sýnir. Einnig er mælt með áframhaldandi sálfræðilegum stuðningi við Auði með það að markmiði að aðstoða hana við að ná betri tókum á kvíða og vanlíðan.

Eindregið er varað við því að þvinga Auði til að hitta föður sinn, a.m.k. þar til hún sýnir betri líðan og er tilbúin að hitta hann sjálf.“

En hvernig liður henni að vera kölluð tálmunarmóðir?

„Það eru tveir ljósir punktar í þessu máli. Ég er búin að vera með sama sálfræðinginn og sama lögfræðinginn allan þennan tíma. Sálfræðingurinn minn, Andrés Ragnarsson, segir stundum við mig að ég þurfi að fara að hugsa þetta orð sem einhvers konar orðu. En það er mjög erfitt þar sem þetta er notað sem hatursfullt orð.“

Ef þú er svo þáð versta í þessu öllu saman að ég sé kölluð tálmunarmóðir, þá er mér alveg sama.

Það sem er svo merkilegt er að þrátt fyrir að vera með flottan starfsferil og sex háskólagráður, þá hefur þetta áhrif. Að mörgu leyti er þetta mikil fordæming, það er búið að ákveða einhverja afbakaða sýn í þessu máli og það er gert á samfélagsmiðlum. Það er gert án staðreynda, án okkar hliðar málsins og þess sem við höfum þurft að ganga í gegnum.“

ÞRIGGJA DAGA HVÍTASUNNUVEISLA

LÝKUR Í DAG LAUGARDAG
Lokað hvítasunnudag og annan í hvítasunu



CARVING

Borðstofuskenkur frá Skovby úr spónlagðri olúborinni eik.
Stærð: Br. 190 x H. 80 x D. 49 cm.

147.954 kr.
~~246.590 kr.~~



SKOVBY #22

Borðstofuborð.
Hvítuð olúborin eik.
Stærð: 100 x 175 H: 74 cm

135.894 kr.
~~226.490 kr.~~

40%
AFSLÁTTUR



Stækkanlegt í 255 cm
með innbyggðri
stækkun.



30%
AFSLÁTTUR

KIRUNA

Horntungusófi. Hægri eða vinstri.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 236 x 200 x 78 cm



125.993 kr.
~~179.990 kr.~~

L A Z B O Y | *Live life Comfortably.*

ODON

La-z-boy hægindastóll.
Brúnt slitsterkt áklæði.
Stærð: 84 x 95 x 107 cm.



50%
AFSLÁTTUR

54.995 kr. ~~109.990 kr.~~




35%
AFSLÁTTUR

LARAMIE

Hornsófi með sígildu sniði.
Brúnt microfiber. Stærð: 260 x 260 x 95 cm



298.994 kr.
~~459.990 kr.~~



CHARA

Spónlögð olúborin eik. Skápur tveimur skúffum og með gleri í hurðum og hillum. Stærð: 101 x 45 x 172 cm.
Bekkur, stærð: 110 x 38 x 46 cm

Skápur
77.994 kr.
~~129.990 kr.~~

Bekkur
23.994 kr.
~~39.990 kr.~~

40%
AFSLÁTTUR



DIMA

Borðstofustóll.
Svartur eða hvítur með viðarlitum löppum eða allur svartur eða allur hvítur.

9.743 kr.
~~12.990 kr.~~



25%
AFSLÁTTUR

PRIME

Borðstofustóll.
Svart PU áklæði og svartir fætur.

40%
AFSLÁTTUR

11.994 kr.
~~19.990 kr.~~



HYPE

Borðstofustóll,
blátt áklæði og svartar lappir.

35%
AFSLÁTTUR

19.494 kr.
~~29.990 kr.~~



HYPE

Barstóll, grátt áklæði og svartar lappir.

35%
AFSLÁTTUR

22.744 kr.
~~34.990 kr.~~



Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100



HÚSGAGNA
HÖLLIN

Lærd og vörupjöfnunir í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um þennan villur. Yfirskráð verð sýnt fullt verð vöru.



Hrafnkell Tumi Kolbeinsson, skrautdúfubóndi og framhaldsskólakennari með lítinn dúfnauga. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Skrautdúfubóndi í Bústaðahverfi

Hrafnkell Tumi Kolbeinsson býr í Bústaðahverfi þar sem hann ræktar skrautdúfur af ástríðu.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Framhaldsskólakennarinn Hrafnkell Tumi Kolbeinsson var með skrautdúfur í kofa þegar hann var unglingsstrákur í Keflavík.

Áhuginn kviknaði aftur fyrir nokkrum árum og nú ræktar hann skrautdúfur í kofa við heimili sitt í Bústaðahverfinu.

Hann býr í fallegu blámáluðu húsi í Bústaðahverfi. Við húsið stendur haganlega gerður dúfnakofi í sama lit. Í dúfnakofanum eru tæplega þrjátíu skrautdúfur af þremur tegundum; Horseman þústari, enskur trommarar og nebbdúsk trommarar.

Hrafnkell Tumi er að dytta að ýmsu í garðinum þegar blaðamannber að garði. Vinur hans, Þorvaldur Þorvaldsson, oddviti Alþýðufylkingarinnar, hefur tekið sér hlé frá kosningabaráttunni og er að smíða grindverk fyrir hann. „Ég er með sérvalda komma í vinnu fyrir mig,“ segir Hrafnkell Tumi glaðhlakkalega.

„Ætli ég hafi ekki verið tólf, þrettán ára,“ segir Hrafnkell Tumi spurður um það hvenær hann hafi eignast fyrstu dúfuna sína.

Það liðu mörg ár þar til áhuginn vaknaði skyndilega aftur. „Ég hef alltaf haft gaman af þessu. Og ég fór að kíkja á netið. Fann síðu á Facebook, Dúfuspjallið. Þar fór ég að senda fyrirspurnir og kíkja í kofa. Endaði á því að einn bauð mér að

eiga kofann sinn. Svo var ég kominn á fleygiferð aftur,“ segir Hrafnkell Tumi.

Hvað er það við dúfur? Eru þetta ekki svolítið leyndardómsfullir fuglar?

„Þeir eru það, þeir hafa verið kallaðir rottur himinsins, en stytur af dúfum eru samt á öðrum hverjum legsteini. Menn setja ekki stytur af rottum á legsteina. Fuglarnir eru táknmynd ástar, friðartákn og notaðar sem sendiboðar. Dúfurnar voru forðum kjötförðabúr og áburðurinn var seldur dýrum dómum. Besti áburður sem þú finnur. Það er auðvelt að rækta þær. Þær eru eins og leir. Maður er fljótur að sjá árangur af ræktunarstarfinu,“ segir Hrafnkell Tumi.

„Þetta eru kannski ekki gáfudustu dýr í heimi en þau koma manni endalaust á óvart. Menn halda að þetta sé bara að vera með einhverjar dúfur í kofa og þá bara gangi þetta eins og þetta á að ganga. En það er ekki þannig. Maður þarf að passa upp á að allt sé með friði og spekt. Maður vill ekki hafa slagsmál. Maður vill ekki hafa einelti. Maður vill að þörin haldi hölfunum sínum. Þetta þarf að vera hreint,“ segir hann.

Það er rúmt um dúfurnar í kofanum. Hrafnkell Tumi segir að mörgu að huga í dúfnarækt. „Þetta er svona samfélag, maður er stundum að stilla til friðar, það er tekist á um málefni af hörku,“ segir hann og brosir út í annað og segir slagsmálin geta orðið hörð.

Hann parar fuglana saman og segir enga mýtu að dúfur séu kenndar við ástina. „Þær eru alltaf í þörum. Fuglarnir para sig til lífstíðar.“

Það eru mikil vísindi á bak við það hvernig skrautdúfur eru paraðar saman.

„Þetta eru miklar þælingar um hvernig litir og eiginleikar erfast. Það má ekki para saman þá fugla sem eru með sömu gallana, þú ert



Horseman þústari, skemmtileg skrautdúfa sem þenur bringuna.



Í kofanum eru um þrjátíu skrautdúfur.

alltaf að vinna með eitthvert gena-mengi.

Það er auðvelt að þjálfra dúfur til margra hluta með skilyrðingu. Það er hægt að kenna þeim. Skinner sálfræðingur kenndi þeim ping pong með matargjöfum. Hann hafði það mikla trú á þeim að hann taldi að þær gætu stýrt eldflaugum. Fékk mikla styrki til að skoða það.“

Hefur þú prófað það?

„Í einhverjum sirkuslistum? Nei,

aldrei nokkurn tímann. En það er auðvelt að stýra þeim með mat.“

Hrafnkell Tumi segir nágrennana una vel við ræktunina. Honum finnst áhugavert að hugleiða um borgarlíf og náttúrulegt líf. „Ef við förum hundrað ár aftur í tímann þá voru hesta- og hundakofar alls staðar. Nú er rýmið hreint, eiginlega engin dýr. En svo er þetta að koma til baka að einhverju leyti,“ segir hann og segir að víða erlendis komi borg-

ar- og bæjaryfirvöld upp sameiginlegri aðstöðu fyrir fólk til að rækta og sinna ýmsum dýrum. „Og þar eru haldnar uppskeruhátíðir, þar eru kynslóðir að tengjast í gegnum ræktunarstarf og náttúru, þetta er eitthvað sem við þurfum að gera.“

Þorðar sumir ræktendur dúfurnar sem þeir rækta?

„Já, það er þannig sem við upphaflega nýttum þær,“ segir Hrafnkell Tumi og tekur dæmi frá átjándu öld í Bretlandi. „Þar voru um 26 þúsund dúfnakofar. Þeir kofar voru risastórir, þ.e. fyrir 500-5.000 þör. Þetta voru því alvöru matarkistur og áburðarverksmiðjur.“

Rómverjar byrjuðu með þetta og voru sjúkír í dúfur,“ segir Hrafnkell Tumi.

Hverjar eru bestar á bragðið?

„Það fer eftir matreiðslunni, þá eru þær bestar til matreiðslu áður en þær fara að fljúga, svona 6-8 vikna gamlar,“ segir Hrafnkell Tumi og sýnir blaðamanni matreiðslubók eftir Úlfar Finnbjörnsson þar sem er að finna dúfnauppskriftir.

Hrafnkell Tumi segir ekki flókið að vera með dúfnarækt þótt það þurfi að huga að ýmsum mikilvægum þáttum.

„Ég er ekki nema eina, tvær mínútur að sinna grunnþörfunum. Svo get ég verið að dunda og leika mér. Þetta er svona núvítundaræfing.“

En hvað finnst fjölskyldunni?

„Henni finnst þetta bara fint, skemmtilegt. En það fer stundum í taugarnar á konunni minni þegar við erum að fara eitthvað og hún biður úti í bíl því að ég þarf aðeins að kíkja á þær!“

F Venjulegt fólk

Hrafnkell Tumi Kolbeinsson var viðmælandi í vefþáttaröðinni Venjulegt fólk sem sýndur er á www.frettabladid.is

Valdimar hefur hannað og leikið áhættuatriði í yfir 40 kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.

VEL GERT

Toppur er framleiddur eftir ýtrustu gæðakröfum úr fersku íslensku bergvatni, því ef þú ætlar að gera eitthvað, gerðu það þá vel.



Reyndum að vera heiðarleg og einlæg og það var þess virði

Kasper Holten heillaðist ungur af heimi óperunnar sem átti eftir að verða hans ævistarf. Hann er leikstjóri óperunnar Brothers, eftir Daníel Bjarnason og Kerstin Perski, sem Íslenska óperan sýnir á Listahátíð í samstarfi við Den Jyske Opera. Kasper er heillaður af tónlistinni sem hann segir vera frumlega og tengda óperuhefðinni.

Magnús
Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Brothers, ópera eftir Daníel Bjarnason við texta Kerstin Perski í leikstjórn Kasper Holten hlaut frábærar viðtökur í Danmörku á síðasta ári. Kasper, sem heillaðist ungur af heimi og möguleikum óperunnar sem hann hefur gert að sínu ævistarfi, hefur sterkar skoðanir á hlutverki og mikilvægi lista en næsta haust tekur hann við starfi stjórnanda Det Kongelige Teater í Kaupmannahöfn.

Ungur óperunörd

Kasper Holten var aðeins 26 ára gamall þegar hann var ráðinn listrænn stjórnandi Konunglegu óperunnar í Kaupmannahöfn. Sjálfur segir hann að val hans á ævistarfi í leikhúsi og sviðslistum hafi óneitanlega verið aðeins á skjön við það umhverfi sem hann ólst upp í því að foreldrar hans störfuðu báðir í bankageiranum. „Móðir mín stýrði Seðlabanka Danmerkur og undirskrift hennar var á peningaseðlunum og faðir minn var líka bankamaður. Tengdafaðir minn var viðskiptaráðherra og allt umhverfi fjölskyldunnar hefur alltaf verið að vinna með peninga. En ég valdi að gerast óperuleikstjóri og bróðir minn rekur listasafn í Þýskalandi eftir að hafa átt feril sem ballettdansari, þannig að eitthvað hefur orðið til þess að kveikja áhuga okkar á menningu og listum.

Kannski er skýringuna að finna í því að ég skemmdi sjónvarpið okkar þegar ég var tveggja ára og foreldrar mínir ákváðu að sleppa því að endurnýja það. Ég fór sjaldan í bíó, las mikið og þegar ég var um níu ára fóru foreldrar mínir með mig í leikhús fyrir fullorðna í fyrsta sinn. Það varð algjör sprenging í hausnum á mér. Þannig að ég vildi meira og þá fóru þau með mig á Carmen og þar varð ég algjörlega heillaður af þessum samruna ólíkra listgreina.“

Kasper segir að mögulega hafi það haft sitt að segja að hann var frekar feiminn sem barn en með tilkomu óperulistarinnar hafi hann fundið tungumál yfir tilfinningar sem bjuggu innra með honum. „Ég held að það sé ákveðin skýring á því hversu heltekinn ég varð af óperunni. Foreldrar mínir fóru með mér á aðra sýningu nokkru seinna en nenntu engin veginn að mæta jafn oft og ég, þannig að frá ellefu ára aldri var mér skutlað á óperusýningar,“ segir Kasper og hlær við tilhugsunina. „Ég var á skömmum tíma orðinn algjör óperunörd. Útbjó leikfangasvið þar sem ég setti upp mínar eigin óperur og nýtti öll tækifæri til þess að komast á sýningar. Ég átti reyndar alltaf von á því að þetta yrði bara áhugamál en það eru ótrúleg forréttindi fólgin í því að hafa getað gert ástríðu sína að ævistarfi. Fyrir það er ég afar þakklátur.“

Framtíð sviðslista

Kasper hefur á ferli sínum verið óhræddur við að tjá sig um stöðu listarinnar og mikilvægi í vestrænum samfélögum. Hann hefur á orði að mikilvægi sviðslista hafi líkast til sjaldan eða aldrei verið meira þar sem við neytum lista og menningar sifellit meira í einrúmi fyrir framan sjónvarp, tölvu eða síma. „Það ríkir ákveðinn ótti í menningarheiminum við stafrænu tæknina og alla þessa nýju miðla. Ótti við að þetta muni ríða þessum listgreinum að fullu. Sjálfur er ég á því að þessu sé hins vega þveröfugt farið enda höfum



Kasper Holten segir að það sé vandfundið eitthvað sem er viðlíka mikilvægt að hafa á valdi sínu í nútíma samfélagi og samkenndin.



VEGNA ÞESS AÐ

Í VERÖLD ÞAR

SEM ALLT Á AÐ

VERA KLIPPT OG

SKORIÐ OG RÖK-

RÉTT ÞÁ VERÐUR

MANNESKJAN

SÍFELLT MEIRA

OG MEIRA EIN

VEGNA ÞESS

AÐ ÞAÐ ER ERF-

ITT AÐ PASSA INN

Í SLÍKA VERÖLD.

Í SLÍKRI VER-

ÖLD ER EKKERT

RÚM FYRIR

ÞAÐ HVERNIG

OKKUR LÍÐUR

EÐA HVERNIG

VIÐ UPPLIFUM

HEIMINN.

við alveg séð þennan ótta áður. Þegar plötur komu fyrst sögðu margir að þar með væri óperulistin búin að vera og svo átti sjónvarpið að ganga af hinu og þessu dauðu. Og það er auðvitað þannig að ef þú litur á þig sem fórnarlamb þá endarðu sem fórnarlamb. Þetta er spurning um viðhorf og að stökkva á tækifærin sem eru fólgin í þessari þróun.

Ég er á því að þeim mun meira sem við neytum menningar í þessu sjálfhverfa umhverfi, þeim mun hungraðri verðum við. Hungraðri eftir reynslunni sem er fólgin í því að fara í leikhús, á tónleika og svo framvegis. Setjast niður og slökkva á þessum möguleika að velja og neyta ein og í einrúmi og ég held að það muni leiða til mikillar eftirspurnar eftir því að njóta lista saman. Eftir því að þurfa að leggja sig fram og deila þeim upplifunum með öðru fólki. Upplifunum sem eru lifandi og raunverulegar.

Í leikhúsinu búum við að þessari hráu þörf fyrir ímyndunaraflíð því leikhús er dældið kjánalegt. Við setjumst niður með fullt af fólki og ákveðum saman að þykjast vera í Róm árið 1800 þó svo að við vitum að svo sé ekki. En ef við sjáum bíómynd þá er hreinlega farið með okkur á staðinn með öllu því sjónarspili sem þar er að finna. En í þessu er fegurð leikhússins fólgin; það krefur þig um að nota ímyndunaraflíð. Þetta er það sem við eigum eftir að þróa í sífellt auknum mæli á komandi tímum og í þeirri þróa er fólgin framtíð sviðslista.“

Endurheimtu goðsögna

Kasper Holten hefur haft á orði að styrkur sviðslistanna liggja meðal annars í því með hversu fjölbreyttum hætti sé hægt að segja sögur og þannig ná til ólíkra einstaklinga á ólíkum tímum. Hann bendir á að óperan Brothers eftir Daníel Bjarnason sé gott dæmi um

þetta því þetta hafi ekki aðeins verið kvikmynd eftir Susanne Bier á sínum tíma, heldur sé hér á ferðinni mjög gömul saga. „Þetta er sagan um heimkomu Ódysseifs sem varð síðar að einni fyrstu óperu heimsins og þessi saga er mikilvæg í menningarsögu Evrópu. Vegna þess að saga álfunnar er uppfull af styrjöldum og hermönnum sem snúa heim og eiga erfitt með að aðlagast samfélaginu. Það er jafnvel mælikvarði á samfélög hversu vel við meðhöndlum hermenn sem snúa heim úr stríði. En einnig vegna þess að þetta er saga um að hafa farið burt og snúa aftur heim alveg óháð hermennskunni. Það er tilfinning sem mörg okkar þekkjast út frá því að fara út í heim en eiga erfitt með að höndla hversdaginn eftir að við snúum aftur.“

Kasper segir að fegurðin í Brothers sé einnig fólgin í því að upprunalega er þetta goðsaga sem kvikmynd Susanne gerir að skýrt afmörkuðu söguefni en svo endurheimti óperan goðsögna. „Óperuformið á svo gott með að vinna með goðsögur á meðan það hentar kvikmynd betur að segja tilteknar og afmarkaðar sögur. Til þess að ná þessu fram nota Daníel og Kerstin verkfæri óperunnar eins og til að mynda kórinn og veita okkur innsýn í hugarheim hermennsins. Þau beita einnig sífellt örara endurliti þar sem hermaðurinn er fastur í Afganistan og þó svo að það sé ekki rétt línuleg frásögn þá er einmitt það sem gerðist í raun og veru í hans hugarheimi, því sagan er um það hvernig hann snýr í raun aldrei aftur. Líkaminn kemur heim en hugarinn er fastur í hörmungum stríðsins.“

Kasper segir að þessi nálgun hafi verið þeim hvatning til að nalgast uppfærsluna út frá þessum forsendum og vera meðvitund um möguleika óperuformsins. „Málið er að djúpar tilfinning-

ar geta verið svo ótrúlega almennar og með því að fara eins langt inn í hugarheim þessa eina manns sjáum við sögu Evrópu. Saga manns sem er að brotna niður ásamt fjölskyldunni verður að sögu Evrópu og hið persónulega verður almennt. Eitthvað sem við þekkjum og tengjum við.“

Mikilvægi samkenndarinnar

Aðspurður tekur Kasper undir það að styrkleiki óperuformsins sé fólgin í því að fókúsin er á tilfinningarnar umfram veruleika. „Já, ég hef einmitt stundum heyrt fólk segja að eitthvað hafi ekki verið nógu raunverulegt í óperu og því er auðsvarað með því að benda á að persónurnar hafi verið að syngja en ég held að það sé til dæmis frekar lítið um að hermenn í Afganistan gangi um syngjandi,“ segir hann og brosir.

„En þessi kjarni óperunnar veitir okkur mikið frelsi. Við mannfólkið erum alltaf að reyna að ná utan um alla hluti og til þess notum við tölur og orð og segjum okkur að það sé eitthvert vit í raunveruleikanum. Að það sé einhver regla á allri þessari kaos sem heimurinn er. Í þeirri baráttu hættir okkur til að setja fram kröfuna um að lífið sé rök- rétt eins og orðin og tölurnar sem við notum. Að allt í lífinu sé ferli frá a til b til c og svo framvegis. En svo skodum við okkar eigið líf og þá sjáum við strax að lífið er ekki rökrétt og við gerum sífellt örökrétta hluti. Við höfum skrytnar tilfinningar og hoppum um frá a til k til c og svo framvegis. En svo skodum við okkar eigið líf og þá sjáum við strax að lífið er ekki rökrétt og við gerum sífellt örökrétta hluti. Við höfum skrytnar tilfinningar og hoppum um frá a til k til c og svo framvegis. En svo skodum við okkar eigið líf og þá sjáum við strax að lífið er ekki rökrétt og við gerum sífellt örökrétta hluti. Við höfum skrytnar tilfinningar og hoppum um frá a til k til c og svo framvegis. En svo skodum við okkar eigið líf og þá sjáum við strax að lífið er ekki rökrétt og við gerum sífellt örökrétta hluti. Við höfum skrytnar tilfinningar og hoppum um frá a til k til c og svo framvegis. En svo skodum við okkar eigið líf og þá sjáum við strax að lífið er ekki rökrétt og við gerum sífellt örökrétta hluti.“


LÁTTU DRAUMINN RÆTAST



Zalt Properties er fasteignasala staðsett á Costa Blanca svæðinu með yfir 17 ára reynslu af fasteignaviðskiptum á Spáni. Við erum í góðri samvinnu við alla helstu byggingaraðila á Costa Blanca.

Það sem heillar fólk við á Costa Blanca er hið heilnæma loftslag við Miðjarðarhafið, 320 sólardagar á ári, hrífandi menning og spennandi matargerð. Þá er ljúft að njóta fjölbreyttrar útivistar, spila golf eða bara slaka á við ströndina.

Við tökum vel á móti ykkur og sýnum ykkur þetta fallega svæði



Draumaeignin bíður þín á Spáni



zaltproperties.com

Það er erfitt að passa inn í slíka veröld. Í slíkri veröld er ekkert rúm fyrir það hvernig okkur líður eða hvernig við upplifum heiminn.

Listin getur sýnt þér að lífið er ekki rökrétt og að við erum ekki ein. Við getum rætt það okkar á milli hvernig er að óttast dauðann eða elska og allar þessar stóru tilfinningar en við erum aldrei viss um að við upplifum þær eins. En í list á borð við óperu þá getum við stundum skynjað þetta saman. Skynjað ástina, óttann og allar þessar tilfinningar. Það er okkur bráðnaudsýnlegt og í raun besta æfingin sem við getum gert í því að finna til samkenndar. Og það er vandfundnið, eitthvað sem er viðlíka mikilvægt að hafa á valdi sínu í nútíma samfélagi og samkenndina. Þetta er það sem við þjálfum í óperunni vegna þess að þar er verkefni okkar ekki að lýsa raunveruleikanum eða endurspegla tilfinningar fólks, heldur upplifa þær og deila þeim með áhorfendum.“

Næsta stjarna óperuheimsins

Kasper bendir á að óperan er um margt ótrúlega yfirborðskennt listform þar sem mikillar menntunar og færni margra einstaklinga er þörf til þess að koma saman einni sýningu. „En undir öllu því sjónarspili sem til þarf þá er stundum eitthvað sem er margfalt meira satt en raunveruleikinn getur verið. Sjálfur man ég eftir andartaki þar sem ég var sorgmæddari en ég hef verið bæði fyrr og síðar. Ef þú sæir mynd af mér á því andartaki þá sæir þú bara mynd af manni sem stendur og horfir út um glugga. Þú sæir ekki að inni í mér væri heimurinn að springa í tætlur. Við þekkjum öll þessi andartök þegar okkur líður skelfilega og við horfum út um gluggann og sjáum fólk drifa sig í strætó í rigningunni og

það er bara venjulegur þriðjudagur hjá þeim. Þann einmanaleika getur raunhyggjan aldrei fangað en hann getum við stundum fangað í óperu, einmitt vegna þess að við erum ekki raunveruleg og getum stundum verið sannari en lífið sjálft.“

Kasper segir að tónlistin og beiting hennar sé órjúfanlegur hluti af þessum eiginleikum óperunnar og að tónlist Daniels Bjarnasonar búi einmitt yfir þessu. „Ég féll samtundis fyrir tónlist Daniels sem er ótrúlega hæfileikaríkt tónskáld. Fyrir nokkrum mánuðum skrifaði ég bók um óperu sem kallast En lille bog om opera og þar skrifaði ég að Daniel yrði næsta stjarna óperuheimsins, þannig að það er skriflegt. Málið er að tónsmíð Daniels er svo sérstök og frumleg en um leið svo tengd óperuhefðinni. Þetta er frumleg tónlist sem hreyfir við manni á mjög svo persónulegan og einlægan hátt. Það er í raun með ólíkindum að þetta skuli vera fyrsta ópera Daniels því hann hefur gríðarlega góð tök á þessu mjög svo erfiða formi.

Myrkt og miskunnarlaust

Það er einmanalegt og erfitt að sitja við og skrifa óperu, vera með alla þessa tónlist og allt sem þarf í höfðinu og koma því á blað, en við hin sem komum inn á seinna stigi njótum hins vegar stuðningsins af því að vinna þetta saman. Ég verð að segja að fyrir mér skapaði Daniel slíkt meistaraverk að það kom mér eiginlega á óvart hversu auðvelt var að setja Brothers á svið. Auðvelt í þeim skilningi að verkið er svo óperulegt. Ég hef sett upp fjölmargar heimsfrumsýningar og fólki er óhætt að trúa því að oft þarf maður að svona hnoða og djöflast á þessu til þess að láta þetta ganga upp. En þetta verk sem Daniel og Kerstin sköpuðu gekk



Marie Arnet, Jacques Imbrailo og Selma Villumsen í Brothers eftir Daniel Bjarnason, í leikstjórn Kaspers Holten á síðasta ári. MYND/KÁRE VIEMOSE

upp frá fyrsta degi,“ segir Kasper og hann heldur áfram að tala um verkið af mikilli ástríðu.

„Það er líka alveg ljóst að Daniel skrifaði ekki óperettu. Verkið er dimmt og verður hreint út sagt myrkara eftir því sem á líður. Þetta er miskunnarlaust enda er þetta um erfiðustu tilfinningar mannsins sem þú getur ímyndað þér. Og þó svo það glitti á stöku stað í mögulega hamingju þá er það aldrei nema í andartak.

Ég var eilítið hræddur við þetta til þess að byrja með vegna þess að

heimur markaðshyggjunnar hefur vanið okkur við að það eigi að vera þarna smá léttleiki og smá svona eitt og annað. En Brothers heillaði áhorfendur einmitt vegna þess að verkið er samkvæmt sjálfu sér og þessari erfiðu sögu. Ég man að ég spurði Daniel hvort hann væri ekki hræddur við að hafa þetta svona myrkt en hann sagði bara að svona væri þetta og við ættum ekki að biðjast afsökunar á því. Ég var sammála því og eftir það litum við aldrei um öxl. Reyndum að vera heiðarleg og einlæg og það var þess virði. Þess vegna vona ég að

fólk komi á sýninguna í Reykjavík og sjái að nýja óperan getur verið svo tilfinningaþrungin og getur átt brýnt erindi við samfélagið.“

Að berjast fyrir sviðslistirnar

Fyrir skömmu var tilkynnt að Kasper Holten tæki í haust við stjórnar- taumunum í Det Kongelige Teater í Kaupmannahöfn sem er heimili leikhúss, balletts, óperu og símfóni- tónlistar. Þannig að starfið er stórt og ábyrgðin mikil. Kasper segir að staðan hafi losnað óvænt þar sem fyrri stjórnandi hafi ákveðið að halda til starfa í útgáfugeiranum. Það hafi kannski ekki endilega komið á óvart þar sem allar ríkisrekna lista- og menningarstofnanir séu undir miklu álagi vegna fjárhagslegs niður- skurðar. „Þetta eru erfiðir tímar fyrir þessar stóru, dýru menningarstofn- anir á Vesturlöndum. Fyrirrennari minn þurfti að taka margar erfiðar ákvarðanir sem sköpuðu honum ekki alls staðar vinsældir og ég á eftir að þurfa að gera slíkt hið sama. En ég mun leitast við að taka þær út frá for- sendum listanna og mikilvægi þeirra í nútíma samfélagi.“

Kasper segir að það hafi vissulega verið stór ákvörðun að sækjast eftir þessari stöðu því hann hafi að mörgu leyti notið þess að vinna að upp- færslum um víða veröld. „Það felur í sér ákveðið frelsi en ég saknaði samt þessarar langtímahugsunar. Saknaði þess að móta stefnu og fylgja henni eftir og vinna með sama fólkinu að skilgreindu markmiði eins og ég er að fara að gera núna. Að auki er þetta ný áskorun fyrir mig og þó svo að ég þurfi að stíga frá fjölda spennandi verkefna þá koma ný í þeirra stað. Mér finnst ótrúlega spennandi að fá nú það hlutverk að berjast fyrir sviðslistirnar í Danmörku, mikilvægi þeirra og framtíð.“



19. maí - Alþjóðlegur IBD dagur “Þú sérð það ekki utan á mér”



73 ára afi með Crohn's sjúkdóm. Greindist árið 2010, sama dag og 28 ára dóttir hans greindist með Colitis Ulcerosa.

36 ára sérkennari hjá Hjallastefnunni með Colitis Ulcerosa. Einu sinni kom dreki og spúði eldi. Ég tamdi hann og ætla að fljúga honum!



19 ára framhaldsskólá- nemi. Greindist 11 ára með Crohn's sjúkdóm.



Frænkur – 32 ára fjármálahag- fræðingur sem greindist 17 ára með Colitis Ulcerosa og 23 ára hjúkrunar- nemi sem greindist tvítug með Colitis Ulcerosa.



8 ára skólastrákur á Akureyri sem æfir sund og trommuleik. Greindist 6 ára gamall með Colitis Ulcerosa.



53 ára amma, enduro- og mótorcross keppandi með Colitis Ulcerosa. Lífsmottó: Lifa lífinu núna!



33 ára þriggja barna móðir og sjálfbóðaliði hjá Rauða krossinum með Colitis Ulcerosa.



35 ára móðir og verslunar- eigandi. Greindist 10 ára gömul með Crohn's sjúkdóm. Lífsmottó: Njótið dagsins og njótið lífsins!

69 ára fyrrverandi umsjonar- maður fasteigna. Nýlega greindur með Crohn's sjúkdóm en hefur glímt við einkenni sjúkdómsins í nokkur ár.



CCU samtökin eru hagsmunasamtök einstaklinga með langvinna bólgusjúkdóma í meltingarvegi Crohn's sjúkdóm og Colitis Ulcerosa, einnig þekktir sem IBD (Inflammatory Bowel Disease) Rúmlega 50 lönd í 5 heimsálfum taka þátt í að vekja athygli á sjúkdómunum, hvetja til rannsókna og styðja við yfir 10 milljón manns sem lifa með IBD í heiminum í dag.

HVÍTASUNNUSTEIKIN

á góðu verði í Bónus

KJARNAFÆÐI



1.298
kr. kg

Kjarnafæði Lambalæri
Argentína, kryddað, stutt læri
eða Heiðalamb, kryddað

OPIÐ

ANNAN Í HVÍTASUNNU
11:00-18:00

Lokað á hvítasunnudag



898
kr. 500 g

Bláber
500 g, Spánn



498
kr. 454 g

Jarðarber Box
454 g, USA

BONUS EKKERT BRUÐL



Ungt fólk í stjórnámálum

Einar Baldvin Brimar er rétt rúmlega tvítugur Framsóknar- maður í framboði í Hafnarfirði. Hann segir þátttöku sína í Gettu betur og Morfís hafa gefið sér kjark til að tjá skoðanir sínar á stjórnámálum.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Einar Baldvin Brimar er rétt rúmlega tvítugur Framsóknar- maður í framboði í Hafnarfirði. Hann segir þátttöku sína í Gettu betur og Morfís hafa gefið sér kjark til að tjá skoðanir sínar á stjórnámálum.

Einar Baldvin Brimar fagnaði tvítugsafmæli sínu í byrjun árs. Hann gengur í Flensborgarskóla þar sem hann tekur mikinn þátt í félagslífi skólans. Hann var í ræðuliði skólans í Morfís og einn liðsmanna skólans í Gettu betur, spurningakeppni framhaldsskólanna. Það kom vinum hans órlítið á óvart þegar hann ákvað að taka þátt í sveitarstjórnarkosningum í ár en Einar Baldvin skipar fimmta sæti Framsóknarlistans í Hafnarfirði.

„Flensborgarskóli er geggjáður skóli, hverfissskóli sem margir Hafnarfirðingar sækja. Ég hef keppt í tvö ár bæði í Morfís og Gettu betur. Þá er ég virkur í nemendafélaginu, er formaður svokallaðs vitsmunaráðs og málfundafélagsins. Reyndar er það ekki alveg á tæru hvort ég er formaður í því síðastnefnda, það er smá valdabaráttu í gangi,“ segir Einar Baldvin.

„Ég hef alltaf búið í Hafnarfirði. Foreldrar mínir eru Þórður Heimir Sveinsson lögfræðingur og Sólveig Lilja Einarisdóttir sem er með MBA-gráðu í viðskiptum. Ég á tvö systkini. Bróðir minn heitir Sveinn Andri Brimar, hann er að klára lögfræði



Einar Baldvin Brimar segist vilja sjá til hvort stjórnálin verði að atvinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

Maðurinn sé ofar auðnum

og starfar sem lögglumaður með fram námi.

Ég er tvíburi. Tvíburasystir mín heitir Helga Brá. Hún er í raun fullkomna myndin af mér,“ segir hann og hlær og segir hana til mikillar fyrirmyndar.

Þó nokkrir hafa lært lögfræði í fjölskyldunni. Einar Baldvin segist óneitanlega spennur fyrir lögfræði en ihugar líka aðra kosti. „Já, ég útskrifast vonandi bráðum með stúdentspróf og þá vona ég fyrst og fremst að ég fái að taka þátt í stjórnámálum en ég gæti líka hugsað mér

að læra til dæmis heimspeki eða lífefnafræði,“ segir hann.

Hvers vegna valdi hann Framsóknarflokkinn? Hefur hann starfað lengi með þeim flokki?

„Nei, það hef ég ekki gert. Mér finnst gilda annað um bæjarmálin en landsmálin. Þetta eru svolitíð önnur gildi. Þau í flokknum gáfu mér tækifæri til áhrifa sem ég þáði. Ég kann mjög vel við fólkíð sem skipar listann með mér og þau gildi sem þau vilja fara eftir. Þau setja samvinnu í forgrunn og það að geta unnið með öllum. Þau vilja fordast þessa átakapólitik sem mér finnst vera mjög mikill kostur á sveitastjórnarstiginu, það er ekki tími fyrir slíkt í starfi fyrir Hafnarfirð.“

Einar Baldvin sker sig nokkuð úr hópi þess fólks sem gefur kost á sér í bæjarpólitíkina.

„Já, ég er talsmaður unga fólksins. Ég vil auka á fjölbreytni í menningarlífinu, flestir vina minna eru listamenn og menningarfrömuðir,“ segir hann og hlær en á meðal vinanna eru hinir landskunnu Jói P og Króli.

„En svona í alvöru talað, þá þarf að byggja ódyrt leiguhúsnæði fyrir ungt fólk og námsmenn. Þá finnst mér mikið hagsmunamál að fá betri samgöngur. Það þarf hraðvagn sem gengur frá Hafnarfirði beina leið til Reykjavíkur.“

Einar Baldvin er einnig íþróttamaður og þjálfar krakka í fótbolta í FH. „Mér finnst mikilvægt að tryggja betri aðstöðu bæði fyrir FH og Hauka. Það er mjög gaman og gefandi að þjálfar. Ég á líka önnur áhugamál. Ég er mikið í golfi og hef mjög gaman af ritstörfum. Ég gaf út ljóðabókina Ok-döðulur með vini mínum Kolbeini Sveinssyni.

Gæti hann hugsað sér að starfa í stjórnámálum? Verða atvinnupólitíkus.

„Ég verð að fá að kynnast þessu fyrst. Fá reynsluna, upplifunina. Þá fæ ég kannski einhverja betri sýn á framtíðina,“ segir Einar Baldvin.

Hvar stendur þú í pólitík? Hverjar eru hugsjónir þínar?

„Ég myndi segja að maðurinn

Úr lífi Einars Baldvins Brimar



Í hlutverki þjálfara með FH liði sínu eftir frækilegan sigur á Síamótinu. Til hliðar með vinum sínum á góðri stundu.

Um Einar Baldvin

Foreldrar: Sólveig Lilja Einarisdóttir og Þórður Heimir Sveinsson
Systkini: Helga Brá Brimar (tvíburi) og Sveinn Andri Brimar (eldri bróðir)

Á afmæli 20. janúar og telst því hin merkilega steingeit
Það sem veitir mér innblástur er að skilja við heiminn betri en ég kom í hann en ég hef alltaf lítið mikið upp til Linus Pauling handhafa friðarverðlauna Nóbels.

Eftirminnilegt atvik úr æsku: Líklegast það að við systir mín áttum það til að kúka alltaf saman – annað var í Gameboy á meðan hitt gerði þarfir sínar. En einnig þegar

við Arnór Björnsson stórleikari stýrðum umferð með góðum árangri við Flóttamannavegin og tókum fólk um leið í könnun á dönskukunnáttu.

Helstu fyrirmyndir: Helga Stefánsdóttir, amma mín, fær að tróna efst á lista enda ekki til betri, hlýrri og sterkari kona í heiminum. Listinn er þó langur.

Óvæntur hæfileiki: Viðbjóðslega góður að gripa tyggjó með munninum. Man öll símanúmer og „save-a“ því engin og einnig kann ég allar höfuðborgir heims utan að.

Hvað ætlar þú að gera í sumar?

„Ég mun vinna í knattspyrnu- skóla FH. Vonandi mun ég sinna nefndarstörfum í bænum. Síðan stefni ég á að setja upp leikrit og semja eitthvað, eða það vona ég,“ segir Einar Baldvin.

SETTU MERKIÐ HÁTT
OG VERTU SJÁANLEGUR

FYRSTIR OG FREMSTIR Í FÁNUM Í 46 ÁR

Afgreiðum fána
samdægurs



Veljum íslenska
framleiðslu

silkiprent.is | Sími 5442025 | silkiprent@silkiprent.is

HELGIN

LAUGARDAGUR 19. MAÍ 2018

Helgin



Það er ekki úr vegi að bjóða upp á ekta enskt teboð með brúðkaupinu sem verður í beinni útsendingu kl. 11. ➔10

Aðeins

á starfsmann á viku

Ávextir í áskrift kosta um 550 kr. á mann á viku og fyrirhöfn fyrirtækisins er engin.

AVAXTA-ABILLINN

Avaxtaúv betur

www.avaxtabillinn.is
avaxtabillinn@avaxtabillinn.is • 517 0110



Einar Hreinn Ólafsson segir að matartæknanámið í MK hafi gert hann betri og fjölhæfari fagmann. MYND/ANTON BRINK

Hagnýtt nám sem opnar margar dyr

Í Menntaskólanum í Kópavogi er boðið upp á matsveina- og matartæknánám fyrir þá sem hafa reynslu af veitingageiranum. Námsleiðirnar eru stuttar, hagnýtar og opna margar dyr. ➔2

Framhald af forsiðu →

Guðlaug Ragnarsdóttir, fagstjóri matsveina- og matartæknánámsins við Menntaskólann í Kópavogi, segir að námið sé vinsælt, stutt, hagnýtt og hentugt fyrir einstaklinga sem hafa reynslu af vinnu í veitingageiranum en vilja bæta við sig menntun og verða öruggari í starfi. Kennsla fer fram á kvöldin fjóra daga vikunnar, frá klukkan 17.00 til 21.30.

Skipulag námsins

„Það er gerð ákveðin krafa til nemenda um að þeir hafi unnið í viðurkenndu eldhúsi eða við sambærileg störf áður en þeir hefja námið,“ segir Guðlaug. „Gert er ráð fyrir að einstaklingar séu að bæta við þá kunnáttu sem þeir búa þegar yfir og þeir sem eru orðnir 23 ára og hafa þrjú ára starfsreynslu geta sótt um að fara í raunfærnimat hjá Iðunni fræðslusetri.

Matsveinanámið er tvær annir og matartæknánámið er þrjár annir,“ segir Guðlaug. „Fyrstu tvær annirnar eru kenndar saman og þriðja önnin er sérhæfing matartækna. Báðar greinar gefa fagbréf.“

Fyrir hverja er námið?

„Námið býður upp á mikla möguleika í nútímasamfélagi. Það er fyrir alla sem hafa eða vilja starfa við matreiðslu og stjórnun í mótuneytum vinnustaða og skóla, í eldhúsum heilbrigðisstofnana og á fiski- og flutningaskipum,“ segir Guðlaug. „Með aukinni ferðapjónustu hefur einnig skapast fjölbreyttari starfsvettvangur fyrir fólk með þessa menntun.

Námið gerir fólki kleift á að takast á við fjölbreytt verkefni á vinnustað. Á báðum námsbrautum er námið byggt upp af faggreinum eins og matreiðslu, aðferðafræði, matsæðlagerð, hráefnisfræði, hreinlætis- og örverufræði og næringarfræði, svo eitthvað sé nefnt, en þetta er allt mjög hagnýtt,“ segir Guðlaug. „Námið er mjög fjölbreytt og nemendur læra að elda alls konar rétti sem henta breiðum og fjölmenningslegum hópum. Þar erum við að tala um holla rétti, fina veislu-rétti og rétti frá ólíkum menningarheimum. Í matartæknánáminu læra nemendur einnig að elda fyrir einstaklinga með ofnæmi og óþol og ýmiss konar sérfræði fyrir sjúklinga.“

Mikil vinna en gefandi

Ernesta Cibulskiené er frá Litháen og útskrifast sem matsveinn 24. maí næstkomandi. Hún hefur starfað sem matráðgjafi síðastliðin fimm ár í mótuneyti Menntaskólans í Kópavogi. Ernesta hefur mikinn áhuga



Ernesta Cibulskiené segir að námið sé skemmtilegt, nýttist vel og hafi gert hana öruggari með sig. MYND/ANTON BRINK



Guðlaug Ragnarsdóttir, fagstjóri matsveina- og matartæknánámsins við Menntaskólann í Kópavogi.

á matseld og dreif sig í námið eftir hvatningu frá félögum í skólanum.

„Ég sé ekki eftir því, vegna þess að námið er skemmtilegt og allt sem ég hef lært nýttist mér í starfi. Ég er öruggari og skil allt miklu betur,“ segir Ernesta. „Allar námsgreinar eru mikilvægar og við lærum mörg gagnleg grundvallatriði, eins og aðferðafræði matreiðslu, að matreiða frá grunni, hráefnisfræði og að gefa réttar skammtastærðir. Í næringarfræðinni lærum við líka um næringargildi réttanna sem við eldum, sem skiptir máli þegar við

setjum saman matseðil. Svo fannst mér einstaklega skemmtilegt að læra um matargerð frá mismunandi menningarheimum og eftir að ég lærði um íslenska matarhefð skil ég hana betur.

Mér fannst áfanginn sem tengist framreiðslu einstaklega nýtsamur og skemmtilegur, en þar lærum við til dæmis að leggja á borð, brjóta alls konar serviettubrot og að búa til blómaskreytingar,“ segir Ernesta. „Svo eru kennararnir líka skemmtilegir og alltaf til í að hjálpa okkur nemendum, svo við lærum mikið á stuttum tíma.

Námið fer alfarið fram á íslensku, svo fyrsti mánuðurinn var erfiður fyrir mig. En það var mikil samkennd í hópnum, allir voru til í að hjálpa öllum og kennararnir voru alltaf tilbúnir til að útskýra náms-efnið betur. Maður á ekki að vera hræddur við að spyrja og ég lærði mikið í íslensku samhliða náminu. Þannig að þetta er mikil vinna, en gefandi,“ sagði Ernesta, sem stefnir á að fara næst í matartæknánám.

Úthugsaðri matseðlar og meiri fagmennska

Einar Hreinn Ólafsson útskrifaðist sem matartæknir í desember.

Hann hafði unnið sem matráðgjafi á leikskóla í nokkur ár áður en hann skellti sér í námið og hefur óbilandi áhuga á matreiðslu.

„Ég hef lagt mikinn metnað í hollan og góðan mat fyrir leikskóla-börn sem er unninn frá grunni og ég tel næringu barna sérlega mikilvæga,“ segir Einar. „Námið var frábær viðbót og hefur nýst mér mjög vel í starfi. Mér fannst sérstaklega gagnlegt að læra um matsæðlafræði, vinnuskipulag, næringarfræði og sérfræði.

Matsæðlagerð er heildarskipulag næringar og það þarf að vera úthugsað, svo orku- og næringarþörf sé sinnt fyllilega. Ég nýti mér næringarútreikning sem ég lærði í næringarfræðinni til að fullvissa mig um að matsæðillinn uppfylli þörf barnanna til að vaxa og dafna,“ segir Einar. „Það kom dálítið á óvart hversu orkuskertar sumar máltíðir eru og ég þarf stundum að bæta við auka meðlæti til að orkuþörf barnanna sé uppfyllt. Til dæmis fann ég út að það var ekki nóg að gefa börnunum eingöngu kjötsúpu í hádegisamat, heldur var full þörf á að bæta grófu brauði við.

Matreiðsla sérfræðis er líka mjög gagnleg í mínu starfi, því

fæðuþol og ofnæmi er nokkuð algengt. Starfsnám tengt því var mjög fróðlegt og sá hluti námsins hefur algjörlega breytt aðferðum og þekkingu minni á matreiðslu fyrir fólk með mismunandi fæðuþörf,“ segir Einar. „Það er ómetanlegt að geta eldað bæði bragðgott og hollt maukæði fyrir þá sem þurfa það og að þekkja til hráefna sem geta komið í stað annarra þegar það þarf að sleppa einhverju vegna óþols eða ofnæmis. Ég lærði líka um muninn á þöpol og ofnæmi þessum þörfum vel.

Mér fannst matreiðsluáferðir og vinnuskipulag líka afskaplega hagnýtir hlutar af náminu,“ segir Einar. „Á annasömum degi geta einfaldar áferðir við skipulag auðveldað daginn til muna og haft úrslitaáhrif á hversu vandadur maturinn er. Gott skipulag gefur aukinn tíma til hráefnisvinnslu, sem sparar mikið til lengri tíma lítið og auðveldar manni vinnuna alla daga.

Matartækninámið gerði mig að betri fagmanni,“ segir Einar. „Ég lærði faglegri vinnubrögð, fékk aukinn áhuga á fjölbreyttri matreiðslu og það auðveldaði mér starfið almennt.“

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:

365 miðlar

Ábyrgðarmaður:

Elmar Hallgríms Hallgrímsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 512 5338

Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433

Ferðamálastólaskólinn

Ævintýrlegur starfsvettvangur
Starfstengt ferðafræðinám

Langar þig að starfa í ört vaxandi atvinnugrein – eða ertu starfandi í ferðapjónustu?

Ferðamálastólaskólinn býður upp á fjölbreytt og spennandi nám fyrir fólk á öllum aldri sem er með brennandi áhuga á ferðamáli og Íslandi sem ferðamannalandi.

► INNRIÐUN STENDUR YFIR TIL 11. JÚNÍ. Sjá mk.is

Ferðamálastólaskólinn í Kópavogi
Sími: 594 4020





Fiski-taco

Friðgeir Helgason stóð fyrir „pop-up“ veitingastað á Coooco's Nest í gær og heldur áfram í dag þar sem hann mun bjóða upp á ekta New Orleans „soul food“. Hér gefur hann uppskrift að fiski-taco.

500 g svartar baunir
1 laukur smátt saxaður
6 hvítlauksrif, smátt sóxuð
2 lárviðarlauf
1 matskeið cumin
1 teskeið chilipipar
¼ teskeið cayennepipar
Salt og pipar

Hrásalat:

½ haus hvítkál
¼ haus rauðkál
2 rauðar paprikur
1 blaðlaukur
1 búnt kóríander
Safi úr 1 sitrónu
1 matskeið gróft sinnep
1 matskeið majónes
Salt og pipar
2 lárperur

Sósa:

2 dl sýrður rjómi
1 dl hreint skyr
1 teskeið cumin
½ teskeið chilipipar
Safi úr 1 sitrónu
Salt og pipar

300 g þorskur, sporðstykki
Taco-blanda, fæst í flestum verslunum
Salt og pipar
Brauðmylsna, helst Panko
8 tortillakökur (korn tortilla)

Setjið baunir í bleyti yfir nótt og sigtið fyrir notkun. Hitið olíu í potti og snöggsteikið lauk og hvítlauk. Setjið næst allt krydd og lárviðarlauf í pottinn. Hrærið saman og setjið baunirnar út í og nóg vatn. Lækkið hitann þegar súðan kemur upp og hrærið í á 10 mín. fresti. Bætið vatni við ef það gufar upp. Þetta tekur um 1,5 klst. eða þar til baunirnar eru mjúkar. Smakkið og aðlagið með salti og pipar.

Skerið allt grænmetið í mjög þunna strimla. Saxið blaðlauk og kóríander. Setjið í skál og blandið sinnepi, majónesi og kreistið safa úr sitrónu út í. Blandið saman og smakkið til með salti og pipar. Setjið allt hræfni fyrir sósu í skál og hrærið vel. Nuddið kryddblöndunni vel á fiskinn og veltið honum upp úr brauðmylsnunni. Hitið olíu á pönnu og steikið þorskinna í um 3 mín. á hvorri hlið en passi að brauðmylsnan brenni ekki. Hitið pönnu vel með smá olíu og steikið tortillurnar í um 2 mín. Snúið á 30 sek. fresti. Setjið tortillurnar á disk, næst baunirnar og svo þorskinna. Skerið lárperur í litlar sneidar og setjið ofan á þorskinna. Næst er það sósan og að lokum hrásalatið. Fint að bera fram með soðnum hrísgrjónum.

Fólk, veður og landslag

Leik- og söngkonan Jana blæs til útgáfutónleika í Tjarnarbíói í kvöld til að fagna fyrstu breiðskífu sinni, Flora, sem er innblásin af samskiptum fólks við náttúruna og hvernig skapgerð mannsins og persónuleiki rímar við litbrigði veðurs og landslags.

Tónlistin er popptónlist í grunninn en er undir áhrifum frá tripphoppi, djassi og kvikmyndatónlist. Platan er afkrakstur þriggja ára vinnu með lagasmíðar og texta Jónu sem lauk með tónleikum í Iðnó á Airwaves-tónlistarhátíðinni

í nóvember. Hljómsveitina skipa Magnús Jóhann Ragnarsson á hljómborð og syntha, Bergur Einar á trommur og slagverk og Valdimar Olgeirsson á bassa og syntha. Auk þeirra syngja Ingibjörg Friða og Gyða Margrét bakraddir. Í til efni af útgáfutónleikunum verður fánleg vinyllata með handskrifuðum lagatextum í takmörkuðu upplagi.

Útgáfutónleikarnir hefjast kl. 21 og er miðasala á tix.is.



Jana María verður með útgáfutónleika í Tjarnarbíói í kvöld.



Allt af frítt fyrir 5 ára og yngri
 Háft verð fyrir 6-12 ára

Kvöldverðarhlaðborð á Haust Restaurant

Alla daga frá 18-21

Verð 6.990 kr. á mann

Gæðastund með vinum og fjölskyldu

Brunch allar helgar verð 3.950 kr. á mann



Haust Restaurant er staðsett á Fosshotel Reykjavík, Þórunnartúni 1
 haust@haustrestaurant.is | borðapantanir í síma 531 9020 | haustrestaurant.is

Hvítari tennur og ferskur andardráttur með GUM

GUM tannvörurnar eru viðurkenndar af tannlæknum og ættu allir að geta fundið sér vörur sem henta. Þær eru fyrir alla aldurshópa og einnig fyrir þá sem kljást við ýmiss konar vandamál tengd tönnum, tannholdi og gómum.



Paroex – gegn tannholdsvandamálum og bólgum

Paroex munnskol inniheldur 0,12% klórhexidín og er notað sem skammtíma-meðferð við tannholdsvandamálum og eftir aðgerðir. Þetta er öflug bakteríuvörn sem er bæði sóthreinsandi og bólguhamlandi. Einnig er tangel sem notað er staðbundið á bólgusvæði. Einnig er til Paroex með 0,06% klórhexidíni sem er fyrirbyggjandi og getur unnið gegn minniháttar tannholdsbólgum og verndað tennur og tannhold gegn sýklum. Báðar tegundir innihalda hvorki alkóhól né SLS og hafa frískandi og gott bragð.



HaliControl – gegn andremmu

Andremma getur verið ansi hvítleið og oft erfitt að losna við. HaliControl vinnur gegn andremmu og óbragði í munni og einnig gegn bakteríum sem valda andremmuni. Það er bæði til gel og munnskol en 10-15 ml tvisvar á dag eftir tannburstun ætti að geta losað fólk við eða dregið verulega úr vandamálinu.



GUM Kids – fyrir börnin

Barnalínan frá GUM er sérstaklega hönnuð með tannheilbrigði barna í huga ásamt því að höfða til barnanna með skemmtilegum tannburstum og bragðgóðu tannkremi. Tannburstarnir eru fyrir 2-6 ára og 7-9 ára og geta staðið á borði/hillu þar sem lítil hagskál er neðan á þeim. Liturinn í miðjunni á burstanum sjálfum sýnir svo hversu mikið magn af tannkremi á að nota. Tannkremin eru án SLS og er flúormagn í samræmi við aldur barnanna. Jarðarberjabragð er í boði fyrir þau yngri en ávaxtabragð „tutti frutti“ er fyrir þau eldri.



Hydral við munnþurrk

Hydral er rakagefandi og eykur munnvatnsframleiðslu. Bæði gel og sprej líkja eftir eiginleikum munnvatns, styrkja náttúrulegar varnir og koma jafnvægi á bakteríuflóruna í munnum. Hydral tannkrem, sem hjálpar einnig gegn munnþurrki, inniheldur flúor og er með góðu mintubragði.

Soft-Picks tannstönglar

Tannstönglar eru þarfþing á hverju heimili en Soft-Picks eru sveigðir til að ná vel milli aftari tannanna og geta hreinsað tannstein. Þeir fást í þremur mismunandi stærðum; small, medium og large.



AftaClear – gegn sárum og blöðrum

AftaClear myndar verndarfilm yfir sár, munnangur og blöðrum sem geta myndast í munnum. Það inniheldur hýalúrónsýru sem má líkja við gott smurefni í munninn sem og kamillu og engifer sem róar og dregur úr bólgum. Er til bæði sem gel, sprej og munnskol.



ActiVital – kraftar náttúrunnar

ActiVital tannkrem og munnskol eru sérlega frískandi og bragðgóðar vörur sem innihalda öflug náttúruleg efni. Engifer og kamilla ásamt andoxunar-efnunum Q-10 og granateplum eru bæði styrkjandi og veita langtímavörn fyrir tennur og tannhold. Það er flúor í ActiVital sem er nauðsynlegt til að veita góða vörn gegn tannsteini og tannskemmdum en það inniheldur ekki óæskileg efni eins og SLS, paraben eða alkóhól. ActiVital ætti því að vera góður valkostur fyrir þá sem vilja bæði nýta krafta náttúrunnar ásamt því að draga úr líkum á tannskemmdum.

Trav-Ler millitannburstar

Það þurfa allir að passa vel upp á að þrifa vel svæðin milli tannanna. Burstarnir eru til í mörgum stærðum, eru með sveigjanlegu handfangi og er burstinn sjálfur einnig sveigjanlegur. Það má nota hvern bursta í allt að tvær vikur og jafnvel lengur þar sem hann er með klórhexidíni til að tryggja hreinlæti en það þarf að skola hann vel eftir notkun og geyma með lokinu á.



Original White – hvítari tennur

GUM Original White hreinsar bletti af tönnum ásamt því að vernda bæði tennur og tannhold og tryggja að tennurnar haldi styrk sínum. Það styrkir einnig glerunginn og fyrirbyggir að nýir blettir myndist. Original White vörurnar eru án bleikiefna sem gætu skaðað náttúrulega vörn tannanna og þar sem þær innihalda flúor mæla tannlæknar með notkun þeirra.

EVY
TECHNOLOGY

UVA

5 stjörnur



**ALLT AÐ 6 TÍMA
SÓLARVÖRN**

**beauty
shortlist
AWARDS
2018**

WINNER



www.bast-i-test.se/solkram

ÞOLIR SJÓ, SUND, ÍÞRÓTTIR OG LEIK

Viðbætt kollagen, silkeextrakt, C- og E-vítamín fyrirbyggir og lagfærir sólaskaða í húð.

- Húðin verður fallega sólbrún, mjúk og rakafyllt. Best í test þrjú ár í röð.
- Ofnæmisprófað er gott gegn sólarexem og sólarofnæmi. Þægilegt að bera á húðina, vatnsheld ekkert klístur eða fituáferð.
- Engin paraben, engin ilm-eða nanaóeindir. Engin hormónatruflandi efni.
- Meðmæli húðlækna.

**Grunnformúlan er
læknisfræðilega skráð**



BÄST-I-TEST.se




ULTRA

Jon Kabat-Zinn til Íslands

Í vændum er einstök upplifun því Jon Kabat-Zinn, upphafsmaður núvitundarþjálfunar eins og við þekkjum hana á Vesturlöndum, er á leið til Íslands í fyrsta sinn með Mylu eiginkonu sinni og verður með þrjá viðburði í Hörpu, að sögn Bryndísar Jónu Jónsdóttur hjá Núvitundarsetrinu.

Jon Kabat-Zinn er frumkvöðull þegar kemur að núvitundarþjálfun í vestrænum heimi. Það hefur verið unnið að því um langt skeið að fá hann til landsins og nú er komið að því en Núvitundarsetrið og Embætti landlæknis standa að komu hans. Meginástæða þess að Kabat-Zinn er fenginn til Íslands er til að gefa bæði almenningi og fræðasamfélaginu tækifæri til að fræðast meira um gildi núvitundar og styðja þannig við lýðheilsustefnu og áform um að stuðla að heilsuefli samfélögum. Eft verður til þriggja viðburða í Hörpu sem eru ætlaðir öllum sem hafa áhuga á núvitund eða langar til að kynna betur þessum merka frumkvöðli,“ segir Bryndís Jóna



Jon Kabat-Zinn hefur lengi verið eftirsóttur fyrirlesari og kennari og bækur hans hafa verið á metsölulistum um allan heim og þýddar á yfir 40 tungumál. Fólk ferðast um langan veg til að hlýða á hann.


Jon Kabat-Zinn á Íslandi í fyrsta sinn

30. maí - 2. júní 2018

Jon Kabat-Zinn heimsækir Ísland í fyrsta sinn á vegum Núvitundarsetursins og Embætti landlæknis í vor. Að því tilefni er efnt til þriggja viðburða í Hörpu sem ætlaðir eru öllum sem hafa áhuga á núvitund og hvernig hægt sé að nýta sér aðferðir hennar í lífi og starfi.

Jon Kabat-Zinn lagði fyrstur manna grunn að iðkun núvitundar eins og við þekkjum hana í vestrænum heimi í dag. Hann er eftirsóttur fyrirlesari og kennari og hafa bækur hans verið á metsölulistum um allan heim og þýddar á yfir 40 tungumál. Þekking hans á erindi til allra sem leitast við að gera sitt besta til að takast á við áskoranir daglegs lífs, auka velliðan og lífsgæði og stuðla að betra samfélagi.

Þetta er einstakt tækifæri til að kynna þessum merka frumkvöðli.



Jon Kabat-Zinn

Yfirlit yfir viðburðina

Miðvikudagur 30. maí kl. 19.00-21.30

Listin og vísindin á bak við núvitund: Einföld hugleiðsluæfing sem stuðlar að bættri heilsu fyrir iðkandann og heiminn - Kvöldstund með Jon Kabat-Zinn

Þessi fyrirlestur Jóns Kabat-Zinn á erindi til allra sem vilja kynna sér nánar hvað felst í nálgun núvitundar og þau vísindi sem liggja þar að baki.

Verð: 10.000 kr.

Föstudagur 1. júní kl. 8.00-16.30

Viska og þol á álagstímum: Dagur með Jon Kabat-Zinn

Jon Kabat-Zinn mun leiða þátttakendur í gegnum daginn með hugleiðsluæfingum og umræðu til að styrkja þá í aukinni hugarró og vísu. Þessi dagur á erindi til allra sem vilja læra aðferðir til að takast á við áskoranir daglegs lífs og auka lífsgæði sín.

Verð: 59.000 kr.

Innifalið er morgunhressing, hádegisverður og kaffi/te

Laugardagur 2. júní kl. 10.00-13.00

Núvitund í uppeldi: Hálf dags vinnustofa með Jon og Myla Kabat-Zinn

Hálf dags vinnustofa með Jon Kabat-Zinn og eiginkonu hans, Myla Kabat-Zinn. Þau munu fræða þátttakendur um það hvernig núvitund getur auðveldað okkur að mæta hverju barni með vísu og virðingu. Þessi vinnustofa á erindi til allra sem mæta þörfum barna, hvort sem um er að ræða fagfólk, foreldra, afa eða ömmur.

Verð: 19.000 kr.

Innifalið er morgunhressing og kaffi/te

Tilboðsverð er 79.000 kr. ef keyptir eru miðar á alla viðburðina.

Vakin er athygli á að mörg stéttarfélag greiða niður slíka fræðslu.



„Eft verður til þriggja viðburða í Hörpu sem eru ætlaðir öllum sem hafa áhuga á núvitund eða langar til að kynna betur þessum merka frumkvöðli,“ segir Bryndís Jóna Jónsdóttir, kennari hjá Núvitundarsetrinu. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Jónsdóttir, núvitundarkennari hjá Núvitundarsetrinu.

Hver er Jon Kabat-Zinn?

„Jon Kabat-Zinn er prófessor í læknisfræði við University of Massachusetts og lagði fyrstur manna grunn að iðkun núvitundar í læknisfræði og sálfræði okkar daga. Árið 1979 þróaði hann Mindfulness Based Stress Reduction (MBSR), fyrsta átta vikna núvitundarnámskeið sögunnar gegn streitu,“ segir Bryndís og bætir við að ævistarf Jon Kabat-Zinn hafi snúist um að byggja brú á milli austrænnar vísu og vestrænna vísinda.

„Jon Kabat-Zinn hefur lengi verið eftirsóttur fyrirlesari og kennari og bækur hans hafa verið á metsölulistum um allan heim og þýddar á yfir 40 tungumál. Fólk ferðast um langan veg til að hlýða á hann. Þar sem hann er að eldast hefur hann dregið úr ferðalögum en við erum svo heppin að eiga fallett land þannig að þrátt fyrir miklar annir vildu þau hjón gjarnan koma til Íslands. Þekking hans á erindi til allra sem vilja læra leiðir til að takast á við áskoranir daglegs lífs, auka velliðan og lífsgæði og stuðla að betra samfélagi,“ segir Bryndís

Hvað felst í núvitund?

„Núvitund felst í að vera heilsuhugar til staðar hverju sinni, eins vel og maður getur, að vera meðvitaður um það sem er að gerast í kringum mann og innra með manni. Núvitund er í raun athyglisþjálfun, þ.e. að þjálf þig í að hafa athyglina þar sem þú vilt, þegar þú vilt það. Núvitundarþjálfun

skiptist í formlegar og óformlegar æfingar. Óformlegar æfingar eru allt sem þú gerir með vakandi athygli í daglegu lífi, að vita hvað þú ert að gera á meðan þú ert að gera það. Formlegar æfingar snúa hins vegar að hugleiðslu. Reyndar eru til margar hugleiðsluáferðir en í núvitundarhugleiðslu erum við að veita hugsunum, tilfinningum, líkama okkar og viðbrögðum sérstaka athygli. Að kynna okkur sjálfum, í raun að fara á endurtekið stefnumót með okkur sjálfum og tengja betur saman huga og líkama,“ segir Bryndís.

Núvitund hefur öðlast sess á fjölmörgum sviðum mannlífsins, m.a. í mennta-, dóms- og heilbrigðiskerfi, á almennum vinnustöðum, í afreksíþróttum og í uppeldi svo eitthvað sé nefnt. Niðurstöður rannsókna hafa leitt í ljós að núvitundarþjálfun skilar árangri á mörgum sviðum og hún er nú kennd um allan heim. „Rannsóknir sýna að MBSR námskeiðið er árangursríkt fyrir klíniska hópa sem vinna með andleg og líkamleg veikindi en einnig fyrir almenning. Ávinningur af núvitundarþjálfun er fjölbættur en almennt má segja að hún stuðli að aukinni velliðan, bættri andlegri og líkamlegri heilsu og dragi úr kvíða, streitu og depurð,“ segir Bryndís.

Myla Kabat-Zinn, eiginkona Jon Kabat-Zinn, kemur með honum til landsins en þau ætla að vera með vinnustofu um núvitund í uppeldi. „Þessir viðburðir eru einstakt tækifæri til að kynna þessum merka frumkvöðli,“ segir Bryndís.



NÚVITUNDAR
SETRIÐ



Embætti
landlæknis
Directorate of Health



Excar rafmagnsgolfbílarnir eru umhverfisvænir og endingargóðir.

Rafmagnsgolfbíll fyrir íslenskar aðstæður

Golfbílar eru fyrir mörgum hluti af staðalbúnaði þegar kemur að golfiðkun. Áltak er með til sölu Excar rafmagnsgolfbíla, vandaða gæðabíla sem henta einstaklega vel fyrir íslenskar aðstæður.

Þessir bílar hafa verið á markaðinum á Íslandi í sex til sjö ár,“ segir Magnús Ólafsson, eigandi Áltaks og ástríðugolfari. „Þeir hafa enst einstaklega vel, nánast engin bilanatiðni og ekkert vesen á þeim.“ Hann bætir því við að fjöldi golfklúbba velji að nota Excar. „GKG hefur notað þessa bíla með mjög góðum árangri, ásamt fleirum eins og Brautarholti, Hellishólum og Vestmannaeyjum. Nokkrir þessa bíla eru á Kiðjabergrsvellinum sem þykir einn sá erfiðasti fyrir svona bíla og þessi bíll er sá eini sem hefur náð að fara tvo hringi þar á sömu hleðslunni.“

Margir halda að ef ekið er um golfvöll í golfbíl fari öll hreyfing og útivist forgörðum en það er arlangt. „Það er búið að mæla það margsinnis að þegar þú ert að labba með kerruna og kemur kófsveittur upp á teig, ertu að labba ellefu kílómetra en ef þú keyrir þetta sama þá ertu kannski að labba sjö kílómetra,“ segir Magnús og segir ástæðurnar vera ýmsar. „Þú mátt ekki keyra alls staðar á vellinum, þú ert að leita að boltanum, hjálpa öðrum og svo framvegis. Þetta rýrir ekkert úti-

vistargildi golfiþróttarinnar.“ Hann bendir enn fremur á að golfbílar geti reynst nauðsynleg hjálpartæki. „Svo hjálpa bílarnir eldra fólki og fólki með skerta hreyfingu til að stunda íþróttina meira og lengur. Golfbíl gerir ekkert nema að hjálpa til og hreyfingin af því að vera á golfbíl er litlu minni en að vera að labba þetta.“

Sveitarfélögin Fjötsdalshérað, Fjötsdalshreppur, Vopna-fjörður, Borgarfjörður eystri, Seyðisfjörður og Djúpvogur standa saman að innleiðingu Austurlandslíkansins. Teymið situr tvo daga í viku úti í skólum sveitarfélaganna – teymið er á faraldsfæti þar sem það sinnir sjö grunnskólum sveitarfélaganna sem og leikskólum.

Helstu verkefni og ábyrgð

Sálfræðingur tekur þátt í þróun nýs verklags innan barnaverndar og félagsþjónustu í samstarfi við skóla og heilsugæslu með áherslu á snemmtæka iðlutun og forvarnir. Hann deilir ábyrgð á því að efla samstarf og virkni teymisins samhliða því að ryðja niður múrum milli stofnana og fagsviða.

Óskað er eftir reyndum sálfræðingi sem getur starfað sjálfstætt auk þess að hafa góða samskiptahæfileika og reynslu af teymisvinnu. Reynsla af hópmeðferð af ýmsu tagi er kostur auk hugmyndaauðgi og sköpunarkrafts – að hugsa út fyrir boxið.

Óskað er eftir

- Einstaklingi með réttindi til að starfa sem sálfræðingur á Íslandi
- Reynslu af almennum sálfræðistörfum og hópmeðferðarvinnu
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sveigjanleiki og vilji til að taka þátt í uppbyggingu og skapandi starfi
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Áhugi á að vinna í þverfaglegu starfsumhverfi

Nánari upplýsingar veitir Júlía Sæmundsdóttir, félag-smálastjóri, í síma 470 0700 og á netfangi julias@egilsstadir.is

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu berast á bæjarskrifstofur Fjötsdalshéraðs, Lynghálsi 12, 700 Egilsstöðum fyrir 31. maí 2018. Öllum umsóknum verður svarað. Launakjör eftir samkomulagi.



Jafnlaunaúttekt
PwC 2016



VÍNBUÐIN

VIKING LIFE SAVING EQUIPMENT Á ÍSLANDI

Óskar eftir að ráða starfsmann á skrifstofu fyrirtækisins.

Við óskum eftir nákvæmum, skipulögðum, heilsuhraustum og jákvæðum einstakling til starfa hjá traustu fyrirtæki. Góð tölvu og ensku kunnátta skilyrði.

Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á vhj@viking-life.com eigi síðar en 27. maí 2018.

GLUGGAÞVOTTUR

Óskum eftir að ráða vana gluggaþvottamenn til starfa.

Bílpróf og hreint sakavottorð skilyrði.

Áhugasamir sendi umsókn á ath-thrif@ath-thrif.is

FAGMENNSKA
ÞJÓNUSTULUND
HEIÐARLEIKI



Organisti í Háteigskirkju

Sóknarnefnd Háteigskirkju óskar eftir að ráða organista í 80% starf í Háteigskirkju

Verksvið organista er samkvæmt starfsreglum um organista nr. 823/1999 sem m.a. fela í sér:

- Að leiða söng safnaðarinnar í helgihaldinu.
- Að leika á hljóðfæri við guðsþjónustur og aðrar athafnir.
- Að sjá um forsöng, hljóðfæraleik og kórstjórn við kirkju-legal athafnir sé eftir því leitað af sóknarbörnum.
- Að sjá um þjálfun kirkjukórs við kirkjuna í samráði við sóknarprest og sóknarnefnd.
- Að veita leiðsögn og fræðslu.
- Organisti er umsjónarmaður tónlistarstarfsins í kirkjunni.

Við leitum að vel menntuðum organista, kröftugum stjórnanda og leiðtoga, sem er tilbúinn að taka að sér krefjandi og metnaðarfullt starf. Áhersla er lögð á lipurð og sveigjanleika í mannlegum samskiptum.

Laun samkvæmt launasamningi Launanefndar Þjóðkirkjunnar og FÍO Organistadeild FÍH

Umsóknarfrestur er til 3. júní 2018 og skulu umsóknir sendar til Sóknarnefndar Háteigskirkju Háteigsvegi 27-29, 105 Reykjavík


Nánari upplýsingar um starfið veita formaður sóknarnefndar Sigríður Guðmundsdóttir sími 824 5291 og sóknarprestur sr. Helga Soffía Konráðsdóttir símar 511 5401 og 860 9997.

Smiðir



Þingvangur leitar að klárum og úrræðagóðum smiðum með góða reynslu. Gengur starfsmaðurinn til liðs við samhentan hóp iðnaðarmanna, sem vinna að krefjandi en jafnframt fjölbreyttum og spennandi verkefnum.

Upplýsingar veitir Kristján Sveinlaugsson í gegnum netfangið kristjan@thingvangur.is og í síma 698-0088



VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?

Dagný starfar hjá farþegaþjónustu á Keflavíkurflugvelli. Hún er hluti af góðu ferðalagi.



LAUNAFULLTRÚI

Isavia óskar eftir að ráða kraftmikinn og áhugasaman launafulltrúa til að sjá um launavinnslu og ýmis starfsmannatengd mál. Um er að ræða skemmtilegt og krefjandi starf í fjölbreyttu og alþjóðlegu umhverfi.

Hæfniskröfur

- Reynsla af launavinnslu er skilyrði
- Þekking og reynsla af tímaskráningarkerfi er æskileg
- Færni í Excel og Word ásamt góðri þekkingu á helstu tölvuforritum
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og góð og örugg framkoma

Nánari upplýsingar um starfið veitir Róberta Maloney, deildarstjóri kjaramála, roberta.maloney@isavia.is.

NÁMSBRAUTARSTJÓRI FLUGSTÖÐVARBRAUTAR

Isavia óskar eftir að ráða námsbrautarstjóra Flugstöðvarbrautar. Helstu verkefni eru m.a. faglegt skipulag þjálfunar á Flugstöðvarbraut í samstarfi við stjórnendur deilda og fræðslustjóra. Einnig sér hann um þróun og uppfærslu hæfnisviðmiða, námsefnis, kennsluleiðbeininga og hæfnismats.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði
- Reynsla af kennslu og gerð námsefnis er nauðsynleg
- Reynsla af skipulagningu þjálfunar innan fyrirtækja
- Reynsla af fjarnámi og námsumsjónarkerfi
- Tæknikunnátta og hæfni í mismunandi kerfum

Nánari upplýsingar um starfið veitir Gerður Pétursdóttir fræðslustjóri, gerdur.petursdottir@isavia.is.

Umsækjandi þarf að standast bakgrunnsskoðun ríkislögreglustjóra vegna aðgangs að haftasvæði flugverndar.

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Isavia hefur hlotið gullmerki PwC fyrir launajafnrétti og við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um þau störf sem í boði eru.

STARFSSTÖÐ:
KEFLAVÍK

UMSÓKNIR:
ISAVIA.IS/ATVINNA

UMSÓKNARFRESTUR:
3. JÚNÍ



ISAVIA

intellecta.is RÁÐNINGAR

intellecta

Fjármálasérfræðingur velferðarsviði

Laust er til umsóknar starf fjármálasérfræðings á sviði áætlanagerðar og greininga á skrifstofu fjármála og rekstrar velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Starfið felur í sér vinnu við fjármálatengdar greiningar og gerð fjárhagsáætlunar sviðsins.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 5. júní 2018

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Jón Viðar Pálmason deildarstjóri í síma 411-9038 eða jon.vidar.palmason@reykjavik.is

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/laus-storf

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Umsjón og ábyrgð á fjármálatengdum greiningum.
- Þátttaka í gerð fjárhagsáætlunar.
- Umsjón og ábyrgð með kostnaðarmati ýmissa verkefna.
- Undirbúningur og gerð tillagna og minnisblaða.
- Ráðgjöf til stjórnenda.
- Þátttaka í starfshópum.
- Önnur tilfallandi verkefni á sviði fjármála.

Hæfnikröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun æskileg.
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg.
- Góð færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.

VIRÐING • VIRKNI • VELFERÐ

Viltu taka þátt í að þróa MBA námið við Háskóla Íslands?

Auglýst er eftir verkefnisstjóra MBA námsins við Háskóla Íslands

Ef þú ert kraftmikill, skipulagður og þjónustumiðaður einstaklingur sem brennur fyrir því að þróa nýjar leiðir og hefur gaman af samskiptum við fólk úr ólíku umhverfi þá gæti starf verkefnisstjóra MBA námsins verið fyrir þig. MBA námið við Háskóla Íslands er miðað að því að auka færni nemenda í stjórnun og rekstri. Mikil áhersla er lögð á tengsl við atvinnulífið og að hvert námskeið sé bæði framúrskarandi og metnaðarfullt. Starfssvið verkefnisstjórans felst að miklu leyti í samskiptum og þjónustu við MBA nemendur og kennara námsins ásamt skipulagningu viðburða og ferða MBA nema. Auk þess er nán teymisvinna í markaðs- og kynningarmálum og fjármálum.

Helstu verkefni:

- Utanumhald MBA náms við Háskóla Íslands
- Utanumhald og framkvæmd í kringum ráðstefnur og málstofur
- Kynningarmál MBA námsins
- Reikningshald
- Umsjón og utanumhald vefsíðu MBA námsins
- Nán teymisvinna með stjórn námsins og kennurum og starfsmönnum Viðskiptafræðideildar í fjármálum, kynningar- og markaðsmálum og stefnumótun

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða skyldum greinum
- Afbragðshæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Skipulagshæfni og vandvirkni
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku
- Góð enskukunnátta
- Góður skilningur á fjármálum, reikningshaldi, markaðsmálum og vefmálum er kostur
- Reynsla af umsýslu náms á háskólastigi er kostur

Nánari upplýsingar um starfið veitir Svala Guðmundsdóttir, dósent við Viðskiptafræðideild á netfanginu svala@hi.is eða í síma 866-8516.

Umsóknarfrestur er til og með 4. júní og sótt er um starfið á heimasíðu HÍ http://www.hi.is/laus_storf

Háskóli Íslands er alþjóðlegur rannsóknaháskóli og stærsta kennslu-, rannsókn- og vísindastofnun landsins. Um 1.500 starfsmenn eru í fóstum störfum við skólann og um 2.200 lausráðnir. Nemendur við skólann eru 12.500. Háskóli Íslands starfar á fimm fræðasviðum, býður fjölbreytt nám á öllum stigum og er eini háskóli landsins sem býður grunnnám og framhaldsnám í öllum helstu fræðigreinum.



ÓSKUM EFTIR BAKARA Í BAKARÍÐ HJÁ JÓA FEL

Óskum eftir að ráða bakara. Íslenskukunnátta er skilyrði Vinsamlega sendið umsókn á joifel@joifel.is

Holtagarðar - Smáralind - Garðabær - Hringbraut
www.joifel.is

Löglærður fulltrúi óskast í hálf starf

Traust og framsækin lögmennsstofa í Reykjavík óskar eftir að ráða löglærðan fulltrúa í 50% starf.

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Grunn- og meistaraþráða í lögfræði.
- Reynsla af lögfræðistörfum.
- Málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi kostur en ekki skilyrði.
- Sjálfstæð vinnubrögð, nákvæmni og frumkvæði.
- Metnaður til að takast á við krefjandi verkefni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvæðni og þjónustulund við viðskiptamenn.
- Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti.

Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar á netfangið umsokn2018@gmail.com.

Umsóknarfrestur er til 26. maí nk.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



AÐSTOÐARLEIKSKÓLASTJÓRI DEILDARSTJÓRI

Í Leikskólann Laugalandi vantar okkur leikskólakennara í eftirfarandi stöður.

Aðstoðarleikskólastjóra í 100% stöðu frá 7. ágúst. Aðstoðarleikskólastjóri starfar við hlið leikskólastjóra og er staðgengill hans. Hann hefur yfirumsjón með skipulagi sérkennslumála skólans og tekur þátt í sérkennslu. Starfar samkvæmt starfslýsingu og í samráði við leikskólastjóra.

Menntunarkröfur:

- Leikskólakennaramenntun.
- Menntun og/eða reynsla á sviði stjórnunar og sérkennslu æskileg.

Deildarstjóra í 100% stöðu á eldri deild frá 7. ágúst. Deildarstjóri starfar samkvæmt starfslýsingu og samráði við leikskólastjóra.

Menntunarkröfur:

- Leikskólakennaramenntun.
- Menntun og/eða reynsla á sviði stjórnunar er æskileg.

Leitað er eftir áhugasömum, glaðværum og metnaðarfullum starfsmönnum, körlum jafnt sem konum sem hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum og eru tilbúnir til að vinna eftir sérstökum áherslum skólans.

Helstu áherslur í starfi eru m.a. traust og góð umönnun og velliðan barnanna á allan hátt. ART þjálfun (þjálfun í félagsfærni, reiðstjórnun og síðferði), leikur, útikennsla, slökun og fjölbreyttar vinnustundir. Mikil og góð samvinna er við grunnskólann sem er undir sama þaki og leikskólinn. **Í leikskólanum er leikskólakennurum boðið uppá aukinn undirbúningstíma. Deildarstjórar í fullu starfi fá samtals 10 tíma á viku.**

Leikskólinn Laugalandi er tveggja deilda leikskóli og er staðsettur að Laugalandi í Holtum. Umhverfi skólans einkennist af fjölbreyttri íslenskri náttúru sem býður uppá endalausa möguleika fyrir leik og nám. Möguleiki er á aðstoð við að finna húsnæði ef þarf.

Umsóknir ásamt meðmælum skulu sendast á Leikskólann Laugalandi, 851 Hella fyrir 1. júní eða á leikskolinn@laugaland.is

Upplýsingar veitir Sigrún Björk Benediktisdóttir, leikskólastjóri Veffang: <https://leikskolinnlaugaland.ry.is> Netfang: leikskolinn@laugaland.is Sími 488 7042

Öflugur bókarí óskast í hlutastarf

Starfið felur í sér færslu bókhalds, reikningagerð, afstemmingar, virðisaukaskattsuppgjör og önnur störf er snúa að bókhaldi og uppgjörsvinnu.

Hæfniskröfur

- Viðurkenndur bókarí og/eða hagnýt reynsla af bókhaldsstörfum
- Haldgóð þekking á fjárhagsbókhaldi, verkefnabókhaldi og dk bókhaldshugbúnaði
- Góð færni í excel, almenn tölvufærni og skilningur á a.m.k einu norðurlandamáli

Eiginleikar

- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum og getu til að starfa með öðrum

Umsóknarfrestur er til og með 28. maí nk.

Tekið er á móti umsóknum með tölvupósti á netfanginu thorunnst@nordichouse.is með skýringuna „Bókarí 2018“ og eru umsækjendur beðnir um að senda inn ítarlega ferilskrá ásamt greinargóðu kynningarbréfi sem tilgreinir á skilmerkilegan hátt hvernig umsækjandi uppfyllir kröfur um menntun, reynslu, hæfni og eiginleika.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þórunn Stefánsdóttir, fjármálastjóri Norræna hússins, thorunnst@nordichouse.is eða í síma 551 7027.



VELTIR
Xpress

• SMUR
• DEKK
• VAGNAR

STARFSMAÐUR Í ÞJÓNUSTU VIÐ ATVINNUTÆKI HJÁ VELTI XPRESS

Brimborg óskar eftir að ráða starfsmann í smur-, dekkja- og vagnþjónustu hjá VELTI Xpress í nýrri og glæsilegri þjónustumiðstöð VELTIS að Hádegismóum 8, þar sem rík áhersla verður lögð á fagmennsku og góða umgengni í frábærri starfsmannaaðstöðu og framúrskarandi vinnuumhverfi. Sæktu um í dag!

STUTT STARFSLÝSING

- Vinna við smur- og dekkja-þjónustu á vörubifreiðum og hópferðabifreiðum
- Þátttaka í þjálfun og símenntun

HÆFNISKRÖFUR

- Reynsla af þjónustu við bíla og tæki
- Menntun á sviðinu er kostur en ekki nauðsyn
- Gilt bílpróf
- Góð þjónustulund og vilji til að vera virkur hluti af góðri liðsheild

Kynntu þér starfið nánar og sæktu um á brimborg.is

Umsóknarfrestur er til 30. maí 2018.

Þú færð allar upplýsingar hjá Jóhanni Rúnari, þjónustustjóra, í síma 515 7072. Hringdu núna!



Öruggur staður til að vera á



Framkvæmdastjóri Siðmenntar

Siðmenntar leitar að áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingi í starf framkvæmdastjóra.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Sinna þjónustu við félagsmenn
- Skipuleggja viðburði félagsins
- Umsjón með bókhaldi og gerð rekstrar- og fjárhagsáætlunar
- Uppfæra og setja efni inn á vefsíðu félagsins og samfélagsmiðla.
- Samskipti við fjölmörg
- Önnur verkefni í þágu félagsins

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg.
- Reynsla af gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana
- Reynsla af stjórnun og/ eða verkefnastjórnun æskileg
- Góð tölvukunnátta nauðsynleg
- Mjög góð íslenskukunnátta í ræðu og riti
- Góð enskukunnátta
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi með húnanska lífsýn sem er tilbúinn til að starfa fyrir vaxandi félag. Starfið er laust frá 1. ágúst n.k. eða eftir samkomulagi.

Umsóknir berist á netfangið umsoknir@sidmennt.is og er umsóknarfrestur til og með 31. maí n.k.

Siðmennt er veraldlegt lífsskoðunarfélag sem stendur vörð um mannréttindi, vinnur að þekkingarfræði og bættu siðferði. Félagið stendur fyrir hátíðlegum athöfnum á stórum stundum fjölskyldna eins og nafngjöfum, fermingum, giftingum og útförum.

Leikskóli Seltjarnarness

Leikskólabörnum fjölga á Seltjarnarnesi og við stækjum leikskólann okkar. Við þurfum því á góðu fólki að halda til liðs við okkar frábæra hóp. Skólinn státar af metnaðarfullri starfsemi og einu hæsta hlutfalli fagmenntaðra starfsmanna á landsvísu.

Frá 1. ágúst nk. óskum við að ráða í eftirfarandi störf:

- Deildarstjórar, fullt starf.
- Leikskólakennarar, fullt starf.
- Leikskólaleiðbeinandur, fullt starf.

Hafið samband og heyrið hvað við höfum upp á að bjóða! Hringið í Soffíu eða Margréti (5959280 / 5959290) eða sendið tölvupóst á netföngin soffia@nesid.is eða mandy@nesid.is

Umsókn ásamt fylgiskjöllum er skilað á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar – undir www.seltjarnarnes.is – Störf í boði.

Umsóknarfrestur er til og með 4. júní 2018.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.



SELTJARNARNESBÆR



STARFSMAÐUR Í VÖRUHÚS VELTIS AÐ HÁDEGISMÓUM

Brimborg óskar eftir að ráða starfsmann í vöruhús. Verið er að byggja nýja og glæsilega, vel tækjum búna þjónustumiðstöð fyrir atvinnutæki að Hádegismóum 8, en þar verður rík áhersla lögð á fagmennsku og góða umgengni í frábærri starfsmannaaðstöðu og framúrskarandi vinnuumhverfi. Starfsemin að Hádegismóum verður undir nafninu VELTIR. Sæktu um í dag!

STUTT STARFSLÝSING

- Móttaka atvinnutækja varahluta í vöruhús
- Útkeyrsla á varahlutum
- Afgreiðsla og pökkun á varahlutum til viðskiptavina

HÆFNISKRÖFUR

- Gilt bílpróf og réttindi á lyftara
- Almenn tölvukunnátta
- Góð þjónustulund og vilji til að vera virkur hluti af góðri liðsheild

Kynntu þér starfið nánar og sæktu um á brimborg.is

Umsóknarfrestur er til 30. maí 2018.

Þú færð allar upplýsingar hjá Auðuni Atla, sölustjóra eftirþjónustu, í síma 515 7065. Hringdu núna!



Endurskoðandi/bókari óskast

Vanur bókari óskast til að sjá um bókhald og vsk. uppgjör fyrir nokkur minni og meðalstór fyrirtæki.

Kunnátta í ársskilum æskileg. Starfsstöð er í Reykjavík.

Upplýsingar og umsóknir óskast sendar fyrir 31. maí nk. á berglingd@gtyrtingsson.is

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 // AKUREYRI Sími: 464-8600 // www.VBL.is

SUMARSTARF

Óskum eftir starfsmanni/konu til afleysinga í verzlun okkar í Reykjavík, að Krókhálsi 5F.

- Lágmarksaldur 20 ár.
- Reynsla í sölu varahluta og rekstrarvara fyrir landbúnað kostur.
- Bakgrunnur úr sveit æskileg eða véltækni menntun.
- Vinnutími 8-17 virka daga.
- Áætlaður starfstími er frá 23. maí til 20. ágúst 2018

Umsóknir sendist til stefan@vbl.is



Áltak ehf. - Lager

Óskum eftir að ráða duglegan og kraftmikinn starfsmann til lagerstarfa.

Starfið felst í vöruafgreiðslu af lager auk tilfallandi verkefna.

Hæfniskröfur:

- Rík þjónustulund
- Öguð og vönduð vinnubrögð
- Sjálfstæði í starfi
- Stundvísi
- Hreint sakavottorð
- Góð líkamleg heilsa
- Lágmarksaldur 22 ára.

Áhugasamir sendið inn umsóknir eða hafið samband við gummi@altak.is fyrir 25. maí 2018

Sölustjóri óskast

Vélar og verkfæri leita að jákvæðum, drífandi og söludrifnum einstaklingi til að taka þátt í að þróa og móta nýtt starf sölustjóra í fyrirtækinu.

Helstu verkefni:

- Sölustörf og umsjón með söludeild
- Gerð söluáætlana og árangursmælingar
- Skipulag og eftirfylgni söluherferða
- Samskipti við lykilviðskiptavinum Véla og verkfæra
- Þátttaka í þróun vöruúrvals og markaðsmálum í samráði við aðra stjórnendur

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af sölustörfum á fyrirtækjamarkaði
- Háskólapróf sem nýtist í starfi er æskilegt
- Reynsla af sölustjórnun er kostur
- Góð tölvukunnátta
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð kunnátta í íslensku og ensku áskilin. Kunnátta í Norðurlandamálum og/eda þýsku kostur

Nánari upplýsingar um starfið veitir Linda Kristín Sveinsdóttir. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á linda@vv.is fyrir 28. maí 2018.

Vélar og verkfæri var stofnað árið 1942 en á sér sögu aftur til ársins 1919. Fyrirtækið er rótgróið og traust fjölskyldufyrirtæki sem hefur verið framúrskarandi fyrirtæki 8 ár í röð. Fyrirtækið selur hágæðavörur frá leiðandi framleiðendum eins og Assa Abloy, Axa, Bahco, Chamberlain, Dorma, d line, Frost, Mul-t-lock, Panasonic, Randi, Yale ofl.



SKÚTUVOGUR 1 C · 104 REYKJAVÍK · SÍMI: 550 8500 · FAX 5508510 · WWW.VV.IS



Skaftárhreppur

Laus störf í Skaftárhreppi

Starf skólustjóra tónlistarskólans í Skaftárhreppi

Laust er til umsóknar starf skólustjóra tónlistarskólans í Skaftárhreppi. Umsækjandi þarf að geta hafið störf í ágúst 2018. Leitað er eftir einstaklingi sem er tilbúinn til að byggja upp öflugt tónlistarstarf og kennslu. Einnig er laust starf organista í hlutastarfi í Kirkjubæjarklaustursprestakalli sem getur hentað samhliða starfi tónlistarskólustjóra. Umsóknarfrestur er til og með 18. júní n.k. Nánari upplýsingar um starfið og umsóknarferlið má finna á www.klaustur.is

Skaftárhreppur er annað landstærsta sveitarfélag landsins og býr yfir miklum og fjölbreyttum tækifærum í leik og starfi fyrir fólk á öllum aldri. Í Skaftárhreppi er samfélagið fjölskylduvænt með um 560 íbúa. Á Kirkjubæjarklaustri búa um 170 manns. Á Kirkjubæjarklaustri er að finna alla nauðsynlega þjónustu s.s. verzlun, banka, heilsugæslustöð, leikskóla, bókasafn, kaffihús og íþróttamiðstöð. Í íþróttamiðstöðinni er að finna glæsilegt íþróttahús, sundlaug og tækjasal.

Veðurfar og náttúrufergurð Skaftárhrepps er rómað.

Aðstoð á tannlæknastofu, heilt starf og hlutastarf

Aðstoðarmanneskja óskast í fullt starf á tannlæknastofu í Reykjavík. Einnig óskast aðstoðarmanneskja í 60% starf. Að auki óskast aðstoðarmanneskja í hlutastarf síðdegis frá 4-7.

Á tannlæknastofunni, sem staðsett er miðsvæðis í Reykjavík, starfa 20 manns, tannlæknar, aðstoðarfólk og tannsmiðir.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega. Starfið felst m.a. í að aðstoða tannlækna við störf þeirra, símaörslu og afgreiðslu.

Umsóknir sendist á vip@frettabladid.is merkt „Aðstoð“

Útboð

Veitur ohf., óska eftir tilboðum í útboðsverkefnið:

Grenigrund Akranesi Endurnýjun lagna

Verkið er í fólgið í því, að endurnýja og leggja nýjar lagnir veitna í stíg milli húsa í Grenigrund. Verktaki skal grafa skurði fyrir fráveitulagnir, kalda vatnslagnir, hitaveitulagnir, ídráttarrör, rafstrengi og fjarskiptastrengi. Í skurðina skal verktaki sanda undir og yfir rör og strengi, leggja lagnir, strengi, rör og ídráttarrör, fylla yfir og ganga frá. Jafnframt skal hann grafa fyrir og annast uppsetningu á niðurföllum, brunnum, lokum, spindlum og tengiskápum.

Útboðsverkefninu er nánar lýst í útboðsgögnum „VEV-2018-12-Grenigrund-Akranesi-Endurnýjun-lagna“

Útboðsgögn er hægt að sækja án greiðslu frá og með miðvikudeginum 23.05.2018 á vefsíðu Orkuveitunnar <https://www.or.is/fjarmal/utbod#page-7016>

Tilboð verða opnuð hjá Veitum, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, þriðjudaginn 7. júní 2018 kl. 11:00.

VEV-2018-12

19.05.2018

Veitur ohf. • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík
516 6000 • veitur.is



Útibússtjóri á Akureyri

Við leitum að reyndum verkfræðingi eða tæknifræðingi í stöðu útibússtjóra starfsstöðvar Verkís á Akureyri. Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf fyrir metnaðarfullan einstakling.

Hlutverk og ábyrgð

- Almennur rekstur starfsstöðvar
- Markaðsmál, verkefnaöflun og tilboðsgerð
- Starfsmannastjórnun
- Áætlanagerð og skipulagning verkefnavinnu
- Verkefnastjórnun

Menntunar- og hæfniskröfur

- Verkfræðingur eða tæknifræðingur
- Góðir stjórnunar-, samskipta- og skipulagshæfileikar
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar veita

Ari Guðmundsson, sviðsstjóri starfsstöðvasviðs, arg@verkis.is
Elín Greta Stefánsdóttir, mannauðsstjóri, egs@verkis.is

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafar fyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði.

Hjá Verkís starfa yfir 300 manns að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum á Íslandi og erlendis.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðin um að sækja um að ráðningavef Verkís (umsokn.verkis.is). Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað. **Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um**

Umsóknarfrestur er til og með 31. maí.



Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins. Meginmarkmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi. Seðlabankinn skal enn fremur stuðla að fjármálastöðugleika. Þá sinnir Seðlabankinn jafnframt viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Hjá Seðlabankanum starfar öflug liðsheild og leggur bankinn ríka áherslu á metnaðarfullt starfsumhverfi sem einkennist af fagmennsku, þekkingu, sveigjanleika og jákvæðum samskiptum.



Sérfræðingur á sviði fjármálastöðugleika - þjóðhagsvarúð

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa í deild þjóðhagsvarúðar á sviði fjármálastöðugleika. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Eitt meginverkefna Seðlabanka Íslands er að stuðla að stöðugu, öruggu og virku fjármálakerfi. Fjármálastöðugleiki er svið innan Seðlabankans sem fylgist með þróun fjármálakerfisins, styrk þess og skilvirkni og áhrifum efnahagslegra þátta á kerfið í heild sinni. Meðal verkefna deildar þjóðhagsvarúðar er að rannsaka og greina áhættu sem raskað getur stöðugleika íslenska fjármálakerfisins. Deildin sér um umsýslu kerfisáhættunefndar.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Greining á samspili efnahagsþróunar og fjármálalegs stöðugleika
- Greining á þróun hagstærða og sviðsmyndagerð fyrir álagspróf
- Þróun á greiningaraðferðum og mælikvörðum til að greina og meta kerfisáhættu
- Skrif í rit bankans, sér í lagi ritið Fjármálastöðugleiki
- Tilfallandi verkefni, umsagnir og ráðgjöf á ábyrgðarsviðum fjármálastöðugleika

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf í hagfræði, verkfræði, tölfraði eða sambærilegum greinum
- Góð þekking og áhugi á þjóðhagsfræði og fjármálafræðum
- Góðir samskiptahæfileikar og vilji til að starfa í hópi
- Gott vald á upplýsingatækni og gagnavinnslu
- Gott vald á ensku og íslensku, bæði í töluðu og rituðu máli
- Frumkvæði og geta til að vinna sjálfstætt

Nánari upplýsingar um starfið veitir Eggert Þróstur Þórarinnsson, forstöðumaður þjóðhagsvarúðar, netfang eggert.thorstarinnsson@sedlabanki.is og Íris Guðrún Ragnarsdóttir mannauðsstjóri, netfang iris.g.ragnarsdottir@sedlabanki.is

Sótt er um starfið á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is en umsóknarfrestur er til og með 4. júní 2018. Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans. Umsóknir gilda í sex mánuði og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Tónlistarskóli Reykjanessbæjar

Kennarar óskast næsta skólaár

Okkur vantar kennara í eftirtaldar námsgreinar fyrir skólaárið 2018-2019:

- Gítar, klassískur. Starfshlutfall 50%
- Málmlástur. Starfshlutfall 60%
- Söngur Rytmískrar deildar. Starfshlutfall 30%
- Deildarstjóri/kennari hljómborðsdeildar. Starfshlutfall 80%. Þar af er 21% stjórnunarhlutfall.
- Deildarstjóri/kennari tónfræðigreina. Starfshlutfall 75%. Þar af er 25% stjórnunarhlutfall.
- Nýtt - Suzuki-fiðlukennari. Starfshlutfall 40%. Um er að ræða stækkun Suzukideildar skólans.

Sótt skal um á vef Reykjanessbæjar, www.reykjanessbaer.is/stjornkerfi/laus-storf

Umsóknarfrestur er til 30. maí nk.

Umsækjendur þurfa að vera reiðubúnir til að veita skólastjóra heimild til þess að afla upplýsinga úr sakaskrá. skv. lögum nr. 91/2008.

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Árni Haraldsson skólastjóri í síma 420-1400/863-7071 eða Karen Janine Sturlaugsson aðstoðarskólastjóri í síma 420-1400/867-9738.

Tónlistarskóli Reykjanessbæjar er framsækinn og fjölmennur tónlistarskóli með nútímalega kennsluhætti og fjölbreyttar námsleiðir.

MARKAÐSSTJÓRI NESPRESSO Á ÍSLANDI

VIÐ BJÓÐUM UPP Á KAFFIÐ – og þú segir okkur frá þér

Nespresso leitar að öflugum og reyndum einstaklingi til að annast markaðs- og kynningarmál fyrirtækisins.

Viðkomandi ber ábyrgð á markaðssetningu vörumerkisins, áætlanagerð, stefnumótun og samskiptum við höfuðstöðvar **Nespresso**.

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af samstarfi við erlend sérleyfi æskileg
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Lausnamiðuð hugsun
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum
- Áhugi á kaffi

Um er að ræða nýtt starf og spennandi tækifæri fyrir metnaðarfullan og kraftmikinn einstakling.

Umsóknarfrestur er til og með **03. júní nk.** Hægt er að sækja um á **nespresso.is**. Allar frekari upplýsingar veitir Sólrún Hjaltested mannauðsstjóri í síma 5754040.

Nespresso er leiðandi á markaði í framleiðslu á hágæða kaffi í hylkjum, sem gert er úr besta mögulega hráefni, en fyrirtækið framleiðir og selur kaffi og kaffivélar. Nespresso er með höfuðstöðvar í Lausanne í Sviss og starfar í 70 löndum, rekur yfir 600 verslanir með meira en 12.000 starfsmönnum. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Nespresso: **nestle-nespresso.com**.

NESPRESSO | EXCLUSIVE
DISTRIBUTOR

www.nespresso.is

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is



B.Ó. SMÍÐIR

Ertu smiður eða hefurðu áhuga á byggingarvinnu?

B.Ó. Smiðir ehf. eru að leita að smiðum og verkamönnum í framtíðarstarf vegna aukinna verkefna. Einnig stendur til boða að taka nema á samning. Verkefnastaða er víðsvegar um land, þó aðallega á höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi.

Umsóknir og fyrirspurnir má senda á bosmidir@bosmidir.is



Vinnslustöðin hf. óskar eftir að ráða: Yfirvélstjóra og 1.vélstjóra á togarann Sindra VE 60, vélastærð 1691 kW

Upplýsingar gefur Sverrir Haraldsson, Sviðsstjóri bolfiskssviðs, í síma 488 8000 eða 869-8681



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Forstjóri Sjúkratrygginga Íslands.

Velferðarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti forstjóra Sjúkratrygginga Íslands. Heilbrigðisráðherra skipar í stöðuna frá 1. nóvember 2018 til fimm ára að fenginni tillögu stjórnar Sjúkratrygginga Íslands.

Sjúkratryggingar Íslands starfa samkvæmt lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008, með síðari breytingum. Sjúkratryggingar Íslands annast framkvæmd sjúkratrygginga, semja um og greiða endurgjald fyrir heilbrigðisþjónustu.

Forstjóri ber ábyrgð á því að Sjúkratryggingar Íslands starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi stofnunarinnar og á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýtist í starfi.
- Farsæl reynsla af stjórnun og áætlanagerð.
- Haldbær reynsla af fjármálum, uppgjöri og rekstri.
- Reynsla eða þekking á mannauðsmálum.
- Reynsla eða þekking á heilbrigðismálum.
- Skipulag, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Leiðtogahæfileikar.
- Skýr sýn um þróun heilbrigðisþjónustunnar og á hlutverki Sjúkratrygginga Íslands innan hennar.

Um kjör forstjóra fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs þar til ný ákvörðun hefur verið tekin um laun og starfskjör skv. 39. gr. a. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Vilborg Ingólfssdóttir, skrifstofustjóri, vilborg.ingolfsdottir@vel.is. Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil, ásamt rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í embættið, skulu berast velferðarráðuneytinu, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík eða á netfangið: postur@vel.is eigi síðar en 10. júní nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið hefur verið tekin.

Velferðarráðuneytinu, 17. maí 2018.

Landvernd leitar að sérfræðingi

Landvernd óskar eftir að ráða starfsmann við verkefnið Skólar á grænni grein - Grænánaverkefnið. Verkefnið er alþjóðlegt menntaverkefni um umhverfismál og sjálfbærni sem rekið er í um 200 skólum á öllum skólastigum á Íslandi.

Um er að ræða afleysingu í fullt starf frá 1. september 2018 til 1. júní 2019. **Umsóknarfrestur er til 31. maí nk.**

Sjá nánar á heimasíðu Landverndar www.landvernd.is



LAUS STÖRF FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

Fjölskyldubjónusta

- » Félagráðgjafi í barnavernd
- » Félagráðgjafi í barnavernd - tímabundið starf
- » Sumarstörf hjá stoðþjónustudeild

Grunnskólar

- » Deildarstjóri UT - Hraunvallaskóli
- » Umsjónarkennari á miðstigi - Hraunvallaskóli
- » Heimilisfræðikennari - Hraunvallaskóli
- » Sérkennari - Hraunvallaskóli
- » Umsjónarkennari á miðstigi - Hvaleyrarskóli
- » Umsjónarkennari á yngsta stigi - Hvaleyrarskóli
- » Deildarstjóri UT - Hvaleyrarskóli
- » Aðst. verkefnastj. tómsundamiðstöðvar - Hvaleyrarskóli
- » Frístundaleiðbeinandi í Lækjarsel - Lækjarskóli
- » Stuðningsfulltrúi í Lækjarsel - Lækjarskóli
- » Kennari í hönnun og smíði - Setbergsskóli
- » Umsjónarkennari á miðstigi - Setbergsskóli
- » Skólaliði í íþróttahús - Setbergsskóli
- » Faggreinakennari í unglingsdeild - Setbergsskóli
- » Skólaliði - Setbergsskóli
- » Stuðningsfulltrúi - Setbergsskóli
- » Frístundaleiðbeinandi í Krakkaberg - Setbergsskóli
- » Deildarstjóri yngsta stigs - Setbergsskóli
- » Frístundaleiðbeinandi í Skarðssel - Skarðshlíðarskóli
- » Stuðningsfulltrúi í Skarðssel - Skarðshlíðarskóli
- » Frístundaleiðbeinandi - Víðistaðaskóli
- » Íslenskukennari á unglingsstigi - Víðistaðaskóli
- » Skólaliði í íþróttahús - Víðistaðaskóli
- » Umsjónarkennari á yngsta stigi - Öldutúnsskóli
- » Umsjónarkennari á miðstigi - Öldutúnsskóli
- » Frístundaleiðbeinandi í félagsmiðstöð - Öldutúnsskóli
- » Tónmenntakennari - Öldutúnsskóli

Málefni fatlaðs fólks

- » Sumarstarf á heimili fatlaðs fólks í Áslandshverfi
- » Framtíðarstarf - Lækur
- » Sumar- og framtíðarstarf á heimili fatlaðs fólks
- » Sumarstarf - Svöluhraun

Leikskólar

- » Deildarstjóri - Álfaberg
- » Leikskólakennari - Bjarkalundur
- » Leikskólakennari - Hlíðarendi
- » Sérkennslustjóri - Hraunvallaskóli
- » Proskapjálfi - Hraunvallaskóli
- » Leikskólakennari - Hraunvallaskóli
- » Sérkennslustjóri - Hvammur
- » Leikskólakennari - Hvammur
- » Leikskólakennari - Vesturkot
- » Leikskólakennari - Víðivellir
- » Proskapjálfi - Víðivellir
- » Deildarstjóri - Víðivellir

Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.

Nánar á hafnarfjordur.is



HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is



Svæðisstjóri Heilsugæslunni Árbæ

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar starf svæðisstjóra Heilsugæslunnar Grafarvogi. Svæðisstjóri gegnir jafnframt samhlíða starfi fagstjóra lækninga eða fagstjóra hjúkrunar samkvæmt nýju skipulagi. Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, stefnumótandi hugsun og samskiptahæfileika.

Umsóknarfrestur er til og með 4. júní 2018

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaðurinn í heilbrigðisþjónustunni þar sem öllum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á.

Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kallar á nýja nálgun í starfsemi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og því hafa verið gerðar breytingar á skipulagi heilsugæslunnar sem miða að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari er lagt upp með teymisvinnu sem grunnstef í starfsemi stöðva, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum.

Í breyttu skipulagi fær starfsfólk aukin sjálfstæði til að móta starfsemi og til að útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ber ábyrgð á rekstri heilsugæslustöðvar gagnvart framkvæmdastjórn
- Skipuleggur heilsugæslubjónustu í umdæmi stöðvar
- Þróar nýjungar og vinnur að breytingum í starfsemi
- Mótar, innleiðir og endurskoðar verkferla
- Byggir upp og styður við teymisvinnu og þverfaglegt samstarf
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu
- Stuðlar að gæðapróun og árangursmati í starfi stöðvar
- Tekur þátt í gerð áætlanar varðandi rekstur, þjónustu og áherslur í starfsemi stöðvar
- Er faglegur yfirmaður á sínu sviði og sinnir klínisku starfi

Hæfnikröfur

- Heimilislæknir eða hjúkrunarfræðingur með framhaldsmenntun og/eða reynslu af stjórnun
- Reynsla af starfi í heilsugæslu
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði stjórnunar
- Reynsla af þróunarstarfi og breytingastjórnun æskileg

- Nám í stjórnun æskilegt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogaþæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt

Aðrir eiginleikar

- Vilji til að veita framúrskarandi þjónustu og efla heilbrigði íbúa svæðisins
- Áhugi og hæfni til að leiða þverfaglegt starf heilsugæslunnar
- Áhugi og hæfni til að nýta aðferðafræði straumlínustjórnunar
- Vilji til að skapa gott starfsumhverfi

Nánari upplýsingar

- Starfshlutfall er 100% og verður ráðið í starfið til 5 ára frá og með 1. júlí 2018 eða eftir nánara samkomulagi
- Upplýsingar veitir: Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri, s. 513-5000, svanhvit.jakobsdottir@heilsugaeslan.is

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu.

Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast til Svövu K. Þorkeldsdóttur, framkvæmdastjóra mannauðs og nýliðunar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningar. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Sækja skal um á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun

Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífnum og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is



Viltu vera í öflugu teymi mengunareftirlits?

Umhverfisstofnun leitar að starfsmanni í starf sérfræðings, sem hefur áhuga á að vinna við eftirlit með mengandi starfsemi með hag almennings og verndun umhverfis að leiðarljósi. Í boði er krefjandi starf í frjóu umhverfi sérfræðinga þar sem áhersla er lögð á þverfaglega teymisvinnu og samvinnu við aðrar sérfræðistofnanir.

Helstu verkefni

Helstu verkefni eru eftirlit með mengandi starfsemi en Umhverfisstofnun hefur eftirlit með margvíslegri starfsemi sem getur haft í för með sér mengun, m.a. fiskeldi. Lögð er áhersla á upplýsingamiðlun og samskipti við ráðuneyti, stofnanir, atvinnulíf og almenning. Við leitum að jákvæðum og metnaðarfullum einstaklingi með framúrskarandi samskiptahæfni. Ítarlegri upplýsingar um starfið, helstu verkefni og hæfniskröfur til starfsins er að finna á starfatorg.is og umhverfisstofnun.is/storf_i_bodi.

Umsóknarfrestur er til með 4. júní 2018.



Sviðsstjóri á eftirlitssviði

Við leitum að öflugum leiðtoga í starf sviðsstjóra á eftirlitssviði. Sviðsstjórinn stýrir starfsemi sviðsins og hefur yfirumsjón með skipulagi þess og framkvæmd þeirra verkefna sem undir sviðið heyra. Eftirlitssviði er skipt upp í þrjár deildir, markaðseftirlitsdeild, GxP og lækningatækjudeild og lyfjaöryggisdeild, og er sviðsstjóri næsti yfirmaður þriggja deildarstjóra. Á eftirlitssviði starfa 15 starfsmenn. Sviðsstjóri eftirlitssviðs situr í framkvæmdaráði Lyfjastofnunar og tekur hann þátt í stefnumótun stofnunarinnar og gerð rekstraráætlana. Starfið felur í sér alþjóðlegt samstarf. Starf sviðsstjóra eftirlitssviðs heyrir undir forstjóra stofnunarinnar. Starfshlutfall er 100%.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf á háskólastigi sem nýttist í starfi
- Reynsla af stjórnunarstörfum og mannaforráðum
- Að lágmarki 3 ára starfsreynsla sem nýttist í starfi
- Reynsla af stefnumótun og gæðamálum
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli
- Leiðtogahæfileikar
- Mjög góð samskiptahæfni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Skipulagshæfni og ögun í vinnubrögðum

Umsóknarfrestur er til með 4. júní nk.

Lyfjastofnun er ríkisstofnun sem heyrir undir heilbrigðisráðherra. Helstu hlutverk hennar eru að gefa út markaðsleyfi fyrir lyf á Íslandi í samvinnu við lyfjafyrirvöld á Evrópska efnahagssvæðinu, hafa eftirlit með lyfjafyrirtækjum og heilbrigðisstofnunum á Íslandi, meta gæði og öryggi lyfja og tryggja faglega upplýsingagjöf um lyf til heilbrigðisstarfsfólks og neytenda. Hjá Lyfjastofnun vinna 62 starfsmenn. Stofnunin var í 9. sæti í könnuninni Stofnun ársins 2018 yfir stofnanir með 50 starfsmenn eða fleiri. Lyfjastofnun leggur áherslu á gott vinnuumhverfi og starfsþróun og framfylgir stefnu um samræmingu fjölskyldulífs og vinnu. Gildi Lyfjastofnunar eru gæði – traust – þjónusta. Sjá nánari upplýsingar um Lyfjastofnun á www.lyfjastofnun.is



Upplýsingar um starfið veita Sindri Kristjánsson, sviðsstjóri eftirlitssviðs, sindri.kristjansson@lyfjastofnun.is, og Sigurlaug Kristín Jóhannsdóttir, mannauðsstjóri, sigurlaug.kristin.johannsdottir@lyfjastofnun.is, eða í síma: 520 2100.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknir um starfið óskast sendar á netfangið atvinna@lyfjastofnun.is, merkt í efnislínu: „Sviðsstjóri eftirlitssviðs“. Með umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Æskilegt er að umsækjandinn geti hafið störf sem fyrst. Lyfjastofnun hvetur bæði karla og konur til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá lokum umsóknarfrests.

Náms- og starfsráðgjafi

Við auglýsum eftir náms- og starfsráðgjafa tímabundið til eins árs í fullt starf frá og með 1. ágúst nk. vegna afleysinga.

Helstu verkefni og ábyrgð

Náms- og starfsráðgjafi stendur vörð um velferð nemenda, veitir þeim stuðning, ráðgjöf og upplýsingar varðandi náms- og starfsval. Hann veitir þeim einnig ýmis konar stuðning til að auka námsárangur auk þess að aðstoða og leiðbeina við gerð ferilskráa. Sérstakt verkefni þar sem unnið er gegn brottfalli nemenda er á höndum náms- og starfsráðgjafa. Hann heldur námskeið fyrir nemendur sem snúa m.a. að námstækni og tímastjórnun.

Hæfni og menntunarkröfur

Leitað er eftir einstaklingi sem hefur rétt til að kalla sig náms- og starfsráðgjafi skv. lögum nr. 63/2006. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði í starfi, áhuga og áreiðanleika.

Með umsókn þarf að fylgja afrit prófskrirteina og staðfesting á starfsréttindum.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um störf. Búseta á Bifröst eða í Borgarfirði er æskileg.

Umsóknarfrestur er til og með 31. maí nk. Umsóknir og fyrirspurnir um starfið skal senda á netfangið kennslustjori@bifrost.is.

311 Borgarnes | Sími: 433 3000 | bifrost@bifrost.is | bifrost.is



Rafvirkjameistari óskast til starfa

Áhugasamur og metnaðarfullur rafvirkjameistari óskast til starfa hjá okkur á Grund og Mörk hjúkrunarheimili.

Megin starfssvið er viðhald og viðgerðir á tækjabúnaði auk þess að hafa umsjón með rafkerfum heimilanna.

Hæfniskröfur

- Góð starfsreynsla á sviðinu er nauðsynleg.
- Tölvukunnátta er æskileg.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góðir samskiptahæfileikar.
- Geta til að vinna skipulega og undir álagi.

Um er að ræða framtíðarstarf fyrir rétta aðilann.

Nánari upplýsingar um störfin veitir:

Íris Benediktsdóttir, mannauðsráðgjafi
irisb@grund.is



Myllan óskar að ráða starfsmann með vélvirkjamenntun eða sambærilega þekkingu í viðgerðardeild fyrirtækisins.s.

Meðal helstu verkefna:

- Viðhald og viðgerðir á framleiðsluvélum og búnaði.
- Bilanagreining
- Almenn viðgerðarvinna
- Samskipti við framleiðsludeildir

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf eða sambærileg menntun/þekking æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulögð vinnubrögð
- Almenn tölvuþekking

Nánari upplýsingar um starfið gefur Flóvent Sigurðsson verkstjóri á flovent@myllan.is

Myllan er leiðandi fyrirtæki á íslenskum matvælamarkaði, sem sérhæfir sig í markaðssetningu og framleiðslu á brauðum, kökum og skyldum vörum fyrir neytendamarkað, hótél og veitingahús, mótuneyti og stofnanir. Myllan stefnir að því að uppfylla fjölbreyttar þarfir viðskiptavina sinna á sínu sviði með viðeigandi lausnum í hverju tilfelli

Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is



Laus störf hjá Kópavogsbæ

Grunnskólar

- Aðstoðarforstöðumaður dægradvalar í Álfhólsskóla
- Aðstoðarmaður frístundar í Hörðuvallarskóla
- Bókasafns- og upplýsingafræðingur í Álfhólsskóla
- Deildarstjóri sérúrræða í Álfhólsskóla
- Deildarstjóri verkefna í Álfhólsskóla
- Dönskukennari í Kársnesskóla
- Enskukennari í Hörðuvallaskóla
- Enskukennari í Snælandsskóla
- Forstöðumaður í dægradvöl Snælandsskóla
- Frístundaleiðbeinandi í dægradvöl Kópavogsskóla
- Íslensku kennari á unglingsstigi í Álfhólsskóla
- Íþróttakennari í Hörðuvallaskóla
- Íþróttakennari í Kópavogsskóla
- Kennari í íslensku sem annað mál í Álfhólsskóla
- Kennari í Lindaskóla
- Kennari í Vatnsendaskóla
- Laus staða kennara á yngsta stig í Kársnesskóla
- Matreiðslumaður í Kópavogsskóla
- Náttúrufræðikennari á miðstigi í Hörðuvallaskóla
- Smíðakennari í Kársnesskóla
- Stuðningsfulltrúi í Kársnesskóla
- Stærðfræði- og náttúrufræðikennari í Álfhólsskóla
- Tónlistarkennari í Salaskóla
- Tónmenntakennari í Álfhólsskóla
- Umsjónarkennari á miðstigi í Álfhólsskóla
- Umsjónarkennari í Hörðuvallaskóla
- Þroskþjálfari eða sérkennari í Kársnesskóla

Leikskólar

- Aðstoðarleikskólalastjóri í leikskólanum Kópasteini
- Deildarstjóri í Austurkór
- Deildarstjóri í Fífusölum
- Deildarstjóri í Kópahvol
- Deildarstjóri í leikskólann Baug
- Deildarstjóri í Læk
- Deildarstjóri í Sólhvörfum
- Fólk í sérkennslu í Fífusölum
- Leikskólakennari eða starfsmaður í Læk
- Leikskólakennari í Austurkór
- Leikskólakennari í Álfatúni
- Leikskólakennari í Baug
- Leikskólakennari í Dál
- Leikskólakennari í Kópahvoli
- Leikskólakennari í Núp
- Leikskólakennari í Sólhvörfum
- Leikskólasérkennari í Kópahvol
- Leikskólasérkennari/þroskþjálfari í Baug
- Sérgreinastjóri í Núp
- Sérkennari, þroska- og iðjuþjálfari í Sólhvörfum
- Sérkennslustjóri í Fífusölum
- Sérkennslustjóri í Læk

Velferðarsvið

- Sérkennari/þroskþjálfari í sérdeild einhverfra
- Starfsmenn óskast á heimili fatlaðs fólks

Annað

- Forstöðumaður íþróttahúss Vatnsendaskóla
- Persónuverndarfulltrúi
- Sálfræðingur óskast við skólalátnustu Kópavogs
- Starfsmaður í þjónustumiðstöð við almenna þjónustu
- Starfsmaður við Salalaug - Karl

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.



Kópavogsbær

kopavogur.is

SKRIFSTOFUSTARF/SKJALAVINNSLA

Fasteignasalan RE/MAX Senter leitar að jákvæðum einstaklingi til starfa á skrifstofu. Um er að ræða fullt framtíðarstarf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Almenn skrifstofustörf
- Bókanir
- Samskipti við lánastofnanir og sýslumanns-embættin
- Aðstoð við undirbúning samninga
- Skjalavinnsla, senda gögn til þinglýsingar
- Móttaka viðskiptavina

Hæfniskröfur:

- Sjálfstæði og víðsýni
- Hæfni til að starfa í teymi
- Dugnaður
- Faglegur metnaður og ábyrgð í starfi
- Jákvætt viðhorf og öryggi í samskiptum

Sótt er um starfið með því að senda náms- og starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi fyrir **1. júní 2018** á jona@remax.is og/eða arg@remax.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál

Hjá RE/MAX starfar 22 manna hópur af löggiltum fasteignasölum, sölufulltrúum og starfsmönnum í skjalavinnslu.



Við bjóðum upp á:

- Skemmtilegt og gott starfsumhverfi
- Frábært tækifæri til að bæta við sig þekkingu
- Metnaðarfullt og fjölbreytt starf

VALITOR ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA LÖGFRÆÐINGA

Valitor er traust og framsækið þekkingarfyrirtæki á sviði greiðslumiðlunar og greiðslulausna sem er stöðugt að skapa nýjar lausnir fyrir viðskiptavinum sína. Valitor starfar á alþjóðlegum vettvangi, í nánun samstarfi við fjártæknifyrirtæki (Fintech) í fremstu röð.

Gildin okkar – frumkvæði, traust og samvinna – knýja samhentan hóp um 350 starfsmanna á starfsstöðvum Valitor á Íslandi, Bretlandi og í Danmörku.

Við erum í örum vexti og miklu umbreytingarferli og auglýsum því eftir hæfileikaríkum og öflugum lögfræðingum og lögmönnum, til að ganga til liðs við lítið en vaxandi teymi innanhúss. Við ætlum að bjóða upp á spennandi verkefni, góðan aðbúnað og metnaðarfullt starf, fyrir rétta umsækjendur.

Leitað er að umsækjendum í fleiri en eitt starf, þar sem endanlegur starfstíll og staða mun ráðast af annars vegar hæfileikum og metnaði umsækjanda og hins vegar í samræmi við þarfir Valitor þegar að ráðningu kemur.

Nánari upplýsingar veitir: **Jón Rafn Valdimarsson**, lögg. fasteignasali jon@miklaborg.is sími: 695 5520



Öndverðarnes (Stangarbraut 4)

801 Selfoss

Heilsárshús sem er samtals 107 fm með gestahúsi og heitum potti Heitt vatn er á svæðinu Steypt gólfplata með gólfhita 4 svefnherbergi, 2 baðherbergi, fallegt útsýni Sundlaug og 18 holu golfvöllur er innan girðingar 12 mín keyrsla til Selfoss

Verð: **39,9 millj.**

Opið hús sunnud. 20. maí kl. 14:00 - 15:00 Staðsetn. á miklaborg.is

Nánari upplýsingar:

s. 775 1515 Jason Ólafsson löggiltur fasteignasali



Fitjahlíð 25

311 Skorradalur

27 fm A sumarhús 1300 fm leiguland Kalt vatn úr lind Rafmagn v lóðarmörk

Verð: **7,7 millj.**

Opið hús mánud. 21. maí kl. 15:00 - 16:00 Staðsetn. á miklaborg.is

Eigandi verður á staðnum S: 659-1443

Nánari upplýsingar:

s. 695 5520 Jón Rafn Valdimarsson löggiltur fasteignasali



Vörðás

801 Biskupstungur

Glæsilegt 100fm sumarhús á fallegum útsýnisstað í Úthlíð Mjög vandað hús og vel um gengið Verönd allan hringinn í kring um bústaðinn, heitur pottur, gott leiksvæði, heitt og kalt vatn

Verð: **39,9 millj.**

Pantið söluskoðun

Nánari upplýsingar:

s. 780 2700 Helgi Jónsson löggiltur fasteignasali



Vaðhólsbraut 2

801 Selfoss

Stór lóð og lítið gestahús í Öndverðarnesi / Múraraland Teikning fylgir með lóðinni sem er 7500 fm og er leigulóð Búið er að skipta um jarðveg/púða Töluvert er búið að gróðursetja á lóðinni

Verð: **9,0 millj.**

Pantið söluskoðun

Nánari upplýsingar:

s. 775 1515 Jason Ólafsson löggiltur fasteignasali



Hvammabraut 5 Vaðnesi

801 Selfoss

74 fm heilsárshús á eignalóð sem er 7600 fm - Byggt 2004 Heitur pottur, heitt vatn Lokað svæði með rafmagnshlíði Kjarri vaxið svæði

Verð: **32,9 millj.**

Pantið söluskoðun

Nánari upplýsingar:

s. 775 1515 Jason Ólafsson löggiltur fasteignasali

Tækifæri á Hvanneyri



Til sölu meirihluti skrifstofu/atvinnuhúsnæðis á Hvanneyri samtals 562,9 fm. ásamt geymslum og hlutdeild í sameign sem er m.a. kaffistofa og fundarherbergi. Í húsinu eru aðallega fyrirtæki tengd landbúnaði. Húsnæði sem býður upp á margvíslega möguleika. Húsnæðið er að miklu leyti í útleigu í dag. Afhending samkv. samkomulagi

Allar nánari upplýsingar:
LIT ehf. Borgarbraut 61
Borgarnesi
Sími 437 1700
ingi@ilt.is

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

Holræsa og Stíflupjónusta Suðurlands. 800 Selfoss



Öflugt og þekkt fyrirtæki sem hefur verið rekið af sömu aðilum síðan 1995. Fyrirtækið er vel tækjum búið til að sinna ýmskonar starfsemi á sínu sviði s.s. til losunar á rotþróm, myndunar á

lögnum, stíflulosunar o.fl. sambærilegra verkefna. Verkefnastaða er traust og góð velta. Samningar fyrirbyggjandi við nokkur sveitarfélög um losun á rotþróm. Á ársgrundvelli eru fjórir starfsmenn. Fyrirtækið er í hentugu leiguhúsnæði á Selfossi. Mögulegt er að kaupa húsnæðið eða gera langtímaleigusamning. Um er að ræða sölu á félagi (ehf)

Allar nánari upplýsingar, s.s. tækjalisti og ársreikningar eru fyrirbyggjandi hjá fasteignasala. Snorri Sigurfinnsson s. 864 8090 eða snorri@fasteignasalan.is

Fasteignasalan Bær • Austurvegur 26 • 800 Selfoss

ATVINNUTÆKIFÆRI TIL SÖLU - INGEY SH-323 (6037)



VERÐ Á BÁTI MEÐ VAGNI
OG BÚNAÐI 3.750.000.-
ALLAR UPPLÝSINGAR VEITTA Í SÍMA 898-4868

Smíðaður úr trefjaplast árið 1979 á Skagaströnd. Endurbýggður 1999 hjá Skipahöllinni á Hellissandi. Aðalvél Yanmar árgerð 1999, 42 kW, 57 ha, keyrð 1.500 tíma. Gengur 8 sjómíllur.

Tvær DNG handfærarúllur, ein 6000, og ein eldri (grá).
Dýptarmælir, GPS, tölva, AIS, talstöð, gúmmibátur, flotgalli.
Þrjú kör og skolkar á vélarhúsi.



STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG
FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

**SÖLUSÝNING LAUGARDAGINN 19. MAÍ
OG SUNNUDAGINN 20. MAÍ MILLI KL:13-15**



NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA:



ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON
löggiltur fasteignasali
GSM 663 2508
olafur@stakfell.is



MATTHILDUR S. ÞORLÁKSDÓTTIR
löggiltur fasteignasali
GSM 690 4966
matthildur@stakfell.is



KAREN ÓSK SAMPSTED
Nemi til lögg. fasteignasala
GSM 869 9967
karen@stakfell.is

Vallakór 6a og 6b, 203 Kópavogur

Í sölu hjá Stakfelli eru nýjar 3. og 4. herbergja íbúðir í Vallakór 6a og b í Kópavogi, af stærðum sem hefur bráðvantað á fasteignamarkaði undanfarin misseri. Íbúðirnar verða tilbúnar til afhendingar í júní 2018.

Verð íbúðanna er frá 43,9 milljónum. Þriggja herbergja íbúðirnar eru rúmir 80 fermetrar og fjöggra herbergja íbúðirnar eru um 127 fermetrar, en öllum íbúðum fylgir geymsla í kjallara og stæði í bilageymslu. Íbúðirnar eru rúmgóðar og vel skipulagðar. Húsið skiptist í tvær byggingar, Vallakór 6a og 6b með tveimur lyftuhúsum, tvær lyftur í öðru húsinu en ein í hinu. Með öllum íbúðunum fylgir sér bílastæði í lokaðri bílageymslu. Allar íbúðirnar eru með rúmgóðum svölum, en gott rými er á svölunum fyrir grill og garðhúsgögn. Íbúðir á jarðhæð eru með sérafnotarétt á lóð. Mikið útsýni er einkennandi fyrir allt húsið.

Eignin er staðsett á vinsælum stað í Kópavogi þar sem stutt er í alla þjónustu. Má þar nefna grunnskóla, leikskóla, íþróttakademíuna og góða knattspyrnuvelli, sundlaug en Salalaug er í göngufæri svo fátt eitt sé nefnt.

Íbúðirnar afhendist fullbúnar og með öllum gólfefnum, flísam á votrymum og 8mm harðparketi með eikaráferð á stofu og herbergjum, vönduðum innréttingum og tækjum, þar á meðal ísskáp og uppþvottavél.

GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI

Byggðu bjarta framtíð á Ásbrú

Miklir möguleikar, hröð uppbygging og gróskumikið samfélag


Kadeco óskar eftir tilboðum í byggingarrétt á fjórum leigulóðum á Ásbrú. Lýsing lóðanna er í samræmi við aðalskipulag Reykjanesbæjar. Megináhersla er lögð á starfsemi sem tengist tækni og þróunarstarfi þar sem lítil hættu er á mengun, s.s. léttan iðnað, vörugeymslur, hreinleg verkstæði og umboðs- og heildverslun. Svæðið sjálft er í örur vexti og býður upp á ótal möguleika, steinsnar frá Keflavíkurflugvelli.



Um er að ræða leigulóðir í eigu Ríkissjóðs Íslands sem leigðar eru til 50 ára. Ársleiga lóðarleigu er 2% af fasteignamati lóðar en þó að lágmarki 95,96 kr. pr. fermetra samkvæmt byggingarvísitölu 1. janúar 2018 (683,8 stig). Óskað er tilboða í réttinn til byggingar á umræddum lóðum samhliða undirritun lóðar-leigusamnings. Við mat á tilboðum verður einkum horft til upphæðar bjóðenda í byggingarrétt. Þó er áskilinn réttur til að meta hugmyndir bjóðenda um nýtingu og ráðstöfun lóðanna, t.d. hvaða áhrif sú nýting hefur á eftirspurn eftir öðrum eignum á svæðinu og áhrif tiltekinnar nýtingar á nærsamfélagið. Kadeco áskilur sér rétt til að taka því tilboði sem talið er hagstæðast, m.a. út frá ofangreindum þáttum eða hafna öllum. Að öðru leyti gildir gjaldskrá Reykjanesbæjar. **Nánar á kadeco.is**

Tilboð óskast fyrir kl. 11 þriðjudaginn 22. maí nk.

ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?



**Kíktu inn á atvinnuvef Fréttablaðsins og JOB.is
á atvinna.frettabladid.is eða á www.job.is**

Glæný og fersk störf í hverri viku.

Starfsmannaleiga & Ráðningaþjónusta



ICELAND

RECRUITMENT

ALLTAF GOTT FÓLK

Icelandrecruitment.is

Fagmenntaðir aðilar frá Bretlandi

*Múrari - Steypumenn - Járnbindingarmaður - Suðumaður - Rafvirki - Pípari
Lagnamaður - Bílstjóri - Tækjamaður - Vélamaður - Bifvélavirki - Vélvirki*

Alan Matthews

Framkvæmdastjóri

GSM / Mobile: +354 775-7336

alan@irc.is

Enskt teboð með brúðkaupinu

Konunglegt brúðkaup fer fram í Windsor kl. 11. Margir ætla að fylgjast með beinni útsendingu og því ekki úr vegi að gera breskt „afternoon tea“ að hádegisverði. Í bresku teboði er boðið upp á litlar samlokur, enskar skonsur og sætar kökur á þriggja hæða disk.

Elin
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Þegar boðið er í síðdegiste þarf að fylgja ákveðnum reglum. Fallega skal lagt á borð með postulinsstelli, blúndudúk og tauservíettum. Blóm eiga að vera á borðinu. Meðlætið þarf að vera metnaðarfullt og eftir hefðinni, gjarnan í bitastærð. Kampavín er boðið með.

Hefðbundnar samlokur eru með agúrkusneiðum og aðrar með til dæmis laxa-, eggja- eða túnfisksalati. Brauðsneiðarnar eru til dæmis smurðar með rjómaosti og þunnar sneiddar gúrkur lagðar ofan á. Önnur brauðsneið er lögð yfir. Því næst er skorpan skorin af brauðinu. Skorið í fjórar litlar samlokur. Sama er gert með salatlokurnar. Litlar marengskökur er lagðar fallega á einn diskinn ásamt öðrum tegundum af tertusneiðum.

Breskt te er yfirleitt drukkið með mjólk. Afternoon tea er framreitt í Bretlandi frá kl. 14.30-17.00. Molasykur er borinn fram með teinu, annaðhvort hvítur eða brúnn. Einnig er hunang á borðum. Teið á ekki að vera í pokum heldur lagað í postulinskönnu. Gestgjafinn hellir í bolla.



Enskar skonsur eru nauðsynlegt á borði í teboði.

Horfið til sjónvarpsþáttanna Downton Abbey eða Jane Austen til að læra ekta breska eftirmiðdagstesiði. Afternoon tea eins og við þekkjum það hefur haldist eins frá árinu 1840 og er eignað Önnu Mariu Russel, hertogaynju af Bedford.

Það er ekkert teboð nema bjóða upp á enskar skonsur. Þær er einfalt að gera og hér er uppskrift að slíkum skonskum. Þær eru mjög góðar volgar.

Skonsur

350 g hveiti
¼ tsk. salt
2 tsk. lyftiduft
85 g smjör
3 msk. sykur
175 ml mjólk, volg
1 tsk. vanilludropar
Sítrónusafi
1 egg, þeytt og penslað á deigið eftir mótnu

» Afternoon tea er framreitt í Bretlandi frá kl. 14.30-17.00. Molasykur er borinn fram með teinu, annaðhvort hvítur eða brúnn. Einnig er hunang á borðum.

Hitið ofninn í 220°C. Hrærið öllum þurrefnum saman. Bætið þá volgri mjólk saman við, vanilludropum og sítrónusafa. Hnoðið deigið á borði sem stráð hefur verið hveiti. Deigið gæti verið blautt og það er í lagi að bæta hveiti við þegar það er hnoðað. Látið standa nokkra stund. Búið til bollur úr deiginu. Penslið toppinn með egginu. Bakið í tíu mínútur eða þar til skonsurnar hafa lyft sér vel. Látið aðeins kólna. Skerið eins og rúnnstykki og setjið rjómaost og góða sultu á milli, apríkósu-, appelsínu- eða jarðarberjasultu.

Það er enginn venjulegur rjómaostur sem Bretar nota því osturinn er hrærdur með rjóma. Hægt er að búa til ekta breska rjómaostblöndu með skonsunum en það

má einungis gera rétt áður en þær eru bornar fram.

Skonsurjómaostur

¾ bollar mascarpone-ostur
1½ bolli létt þeyttur rjómi
½ tsk. vanilludropar
2 msk. sykur
Smávegis salt

Setjið allt í skál og þeytið létt með handhrævivél. Blandan á að vera létt og ljós. Breiðið plastfilmu yfir og geymið í ísskáp þar til hún verður notuð.

„Opin“ samloka með lárperu

½ lárpera
1 msk. chilli paste
Smá límónusafi
Rúgbrauðsneið
Reyktur lax
Límónusneið

Maukið lárperu með chilli paste og kreistið límónusafa yfir. Smyrjið lárperumaukinu ofan á brauðið og radið laxinum yfir. Skreytið með límónusneið.

Skipta má laxinum út fyrir sneið af kjúklinga- eða kalkúnaáleggi.

2018

OPIÐ VERÐUR Í KOLAPORTINU

LAUGARDAGINN 19. MAÍ
OG ANNAN Í HVÍTASUNNU
FRÁ KL. 11-17

LOKAÐ HVÍTASUNNU DAG



KOLAPORTIÐ

Dásamleg deild samfélagsins



FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

Mikið úrval af Fatnaði í stærum 14-28 eða 42-56
Vertu velkomin í verslun okkar að Fákafeni 9
Eða pantaðu í vefverslun www.curvy.is



5.990 KR
ST. 14-28



5.990 KR
ST. 16-26



4.590 KR
ST. 14-28



4.990 KR
ST. 16-32



5.590 KR
ST. 12-26



10.990 KR
ST. 14-26



4.990 KR
ST. 14-28



5.990 KR
ST. 14-26

AFGREIÐSLU TÍMAR Í VERSLUN CURVY - FÁKAFENI 9

Alla virka daga frá kl. 11-18

Laugardaga frá kl. 11-16

SENDUM FRÍTT
HVERT Á LAND
SEM ER!

Curvy.is

- Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is



Hægt verður að borða bröns úti á bryggju þegar vel viðrar um helgar í sumar.

Bruggað við bryggjuna

Sumarið er sælutíð á Bryggjunni Brugghúsi. Þar verður hægt að borða sælkerabröns úti á bryggjunni, horfa á Íslendinga sparka bolta á HM og sötra ekta svalandi pilsner við sæinn.

Íslendingar halda margir að pilsner sé sérnafn yfir vöru sem þeir kaupa í stórmörkuðum og er allt að því óafeng, og því hafa íslensk brugghús verið hrædd við að kalla pilsnerinn sínu rétta nafni og notað orðið lager í staðinn,“ segir Elvar Ingimarsson, rekstrarstjóri Bryggjunnar Brugghúss sem nú teflir fram kraftbjórnum Pilsner fyrir fólk sem drekkur lager.

„Pilsner er með réttu ein tegund af lager en á Bryggjunni eru bruggaðar fleiri en ein tegund af lager. Því kom ekki annað til greina en að nefna pilsnerinn okkar hreinlega Bryggjan Pilsner,“ segir Elvar.

Bæheimskur pilsner var fyrst bruggaður árið 1842 og hefur lítið breyst síðan, enda segir Elvar enga ástæðu til.

„Okkar útgáfa er auðdrekkanleg en þó aðeins beiskari en aðrir lagerbjórar. Hann er bruggaður með pilsner-malti og humlaður með þýskum og tékkneskum humlum. Bryggjan Pilsner er þegar kominn í reynsluölu í völdum verslunum ÁTVR, eins og sumarbjórinn Baldur og í næstu viku bætist við Pale Ale,“ upplýsir Elvar um nýja og svalandi ferska sumardrykki Bryggjunnar.

„Baldur er sumarbjór sem er mjög vinsæll meðal kvenþjóðarinnar og nefndur í höfuðið á bar-

þjóninum Baldri sem hefur starfað hér frá opnun og hefur gaman af lífinu,“ útskýrir Elvar um Baldur sem er klassiskur Hefeweizen og einstakur að bragðgæðum. „Í hann er notað maltað hveiti til hálfvís við maltað bygg sem gerir hveitibjór öðruvísi en lagerbjór og gefur þennan bananakeim af bjórnum, því gerid myndar sama efni og er í banónum. Afar lítið er af humlum í hveitibjór því hveitibjórar eiga ekki að vera beiskir og því skiptir eiginlega engu máli hvaða humlar eru notaðir.“

Pale Ale er önnur spennandi nýjung úr brugghúsi Bryggjunnar þar sem Argentínumaðurinn og víngerðarameistarinn Arturo Santoni Russel er yfirbruggari.

„Pale Ale er nokkuð léttur,“ segir Elvar, og í hann er notað tölulvert af humlum. „Grunnbeiskja er lítil en tölulvert ávaxtaangan sem kemur vegna þurrhumlunar. Það er tilvalið að bjóða Pale Ale þegar fólk langar að prófa eitthvað nýtt en vill ekki fara út í eitthvað margflókið.“

Dýrðlegt sumar í vændum

Það verður dýrðin ein að koma við á Bryggjunni í sumar og gera vel við sig í mat og drykk.


„Allar helgar, þegar veður leyfir, verður dýrðin bröns úti á bryggjunni við sæinn þar sem hægt



Bryggjan Brugghús gleður bæði munn, maga og augað með glæsilegum innréttingum og notaleglegu andrúmslofti en þar er líka skemmtilegur ys og þys.



Bryggjan Brugghús er í senn gæða brugghús, rómaður veitingastaður og mjög vinsæll skemmtistaður.



Bryggjan Brugghús er með nýja og spennandi línu pilsners og bjóra í sumar.




Elvar Ingimarsson er rekstrarstjóri á Bryggjunni Brugghúsi.

verður að njóta dásamlegs útsýnis til hafs og fjalla, og horfa á borgina, bátaumferð og mannlífið við höfnina sem er blómlegt,“ segir Elvar um brönsinn sem hefst klukkan 11.30 og stendur til 15.

Bryggjan er rómuð fyrir sælkeramatseld, gæðabrygg og undurfagra umgjörð.

„Í sumar verður líka hægt að tylla sér inn í hádeginu og láta freistast yfir nýjum hádegis-



Arturo Santoni Russel er víngerðarameistari og yfirbruggari á Bryggjunni.

matsedli. Nýir réttir eru meðal annars Laxa rist og Rækju rist með lárperu, en vinsælasti rétturinn í hádeginu er fiskur dagsins sem kemur ferskur af markaði alla daga og kostar aðeins 1.990 krónur. Þá er réttur dagsins aldrei sá sami og kostar 1.790 krónur en öllum aðalréttum fylgir súpa og súrdeigsbrauð,“ segir Elvar.

Á Bryggjunni verður sannkölluð

veisla þegar Ísland keppir á Heimsmeistaramótinu í fótbolta.

„Við sýnum alla HM-leiki Íslands á risaskjáum og þar á meðal risastóru tjaldi úti á bryggjunni, ef veður leyfir. Búist er við gríðarlegri stemningu og um að gera að mæta snemma því ekki verður hægt að taka frá borð,“ segir Elvar.

Á landakorti brugghúsa

Bryggjan Brugghús er aðili að Samtökum íslenskra handverksbrugghúsa sem stofnuð voru í febrúar síðastliðnum. Samtökin eru hagsmunasamtök smærri áfengisframleiðenda á Íslandi, sem gerja og framleiða áfengi í eigin framleiðslutækjum, og í samtökunum er nú 21 handverksbrugghús um land allt.

Elvar segir þrjú atriði einkenna handverksbrugghús.

„Það er áhersla á gæði, stærð og sjálfstæði. Handverksbrugghús fara ótröðnar slóðir þegar kemur að hráefnum, en hafa gæði framleiðslu sinnar ávallt að leiðarljósi. Aðilar í samtökunum mega setja merki samtakanna á afurðir sínar og því geta neytendur séð á vörnunni að brugghúsið hefur gæði í fyrirrúmi samkvæmt leiðarljósi samtakanna. Merkið auðveldar neytendum líka að velja stuðning við smærri, óháða framleiðendur á Íslandi.“

Von er á landakorti sem sýnir staðsetningu handverksbrugghúsa umhverfis landið.

„Með því er hæðarleikur fyrir fólk á ferðalagi að heimsækja handverksbrugghús og leita uppi afurðir þeirra í heimabyggð í öllum fjórðungum landsins; allt frá Ísafirði að Breiðdalsvík og frá Vestmannaeyjum að Húsavík, svo nokkrir staðir séu nefndir.“

Bryggjan Brugghús er á Grandagarði 8. Sími 456 4040. Sjá nánar á bryggjanbrugghus.is

Ekki láta meltinguna eyðileggja fríið

Helmingur fólks fær meltingartruflanir á ferðalögum erlendis. Við þekkjum þetta flest af eigin reynslu eða okkar nánustu. Niðurgangur, hægðatregða og uppþemba eru algeng vandamál.

Þegar við ferðumst um langan veg á framandi slóðir eru meiri líkur á að verða fyrir matarsýkingum. Þá þurfum við að huga sérstaklega vel að meltingunni og passa upp á þarmafólruna. **For travelling abroad** er einstök blanda góðgerla sem er sérhönnuð til að taka á ferðalögum.

Blandan inniheldur 4 tegundir gerla sem rannsóknir hafa sýnt að þola vel erfiðar aðstæður og geta hjálpað til við að koma í veg fyrir

meltingarþægindi og niðurgang á ferðalögum.

Bifidobacterium longum Rosell-175, Lactobacillus rhamnosus Rosell-11 og Lactobacillus acidophilus Rosell-52 eru allt vel rannsakaðar tegundir góðgerla sem þola vel hita og raka og komast lifandi niður í smáparma og ristil þar sem þeir vernda og viðhalda vinveittu flórinni.

Saccharomyces boulardii er vinveitt gersveppategund sem hefur margar rannsóknir á bak við sig. Hún getur bundist skaðlegum sýklum í meltingarvegnum, borið þá út með hægðum

og komið þannig í veg fyrir að þeir valdi sýkingum. Enn fremur reynist hún ákaflega vel við niðurgangi og getur hjálpað við að stoppa hann og stytta tímann sem hann gengur yfir.

Best er að taka **For travelling abroad** í 3-5 daga áður en lagt er af stað í ferðalagið, á meðan á því stendur og í nokkra daga eftir að heim er komið.

Má gefa börnum frá 1 árs aldri – þá má opna hylkin og blanda í mat eða drykk sem er kaldur eða við stofuhita.


Mælt er með að taka 1 hylki á dag með morgunmat.




“Gott er að huga að meltingunni á ferðalögum og koma þannig í veg fyrir matarsýkingar. For travelling abroad er sérhannað til að taka á ferðalögum.

Ösp Viðarsdóttir
næringarþerapisti

Varnargarður nr2:



Varnargarður nr1:




Optibac fyrir þarmaflóruna

Optibac meltingargerlar eru með margar klínískar rannsóknir á bak við sig. Þú finnur Optibac með sérhæfða virkni sem hentar þér.

For every day inniheldur sex tegundir af vel rannsökuðum vinveittum gerlum sem komast lifandi í smáparmana. For every day inniheldur einnig prebiotic trefjar sem næra góðu gerlana.

Hentar vel eftir notkun sýklalyfja

- Gott að taka eftir magapestir
- Inniheldur FOS trefjar sem næra góðu gerlana og styðja þannig enn frekar við flórana
- Má opna hylkin og blanda í kaldan mat eða drykk – hentar vel fyrir börn
- Sýrupolin hylki
- 6 tegundir af breiðvirkum vinveittum gerlum í hverju hylki
- 1 hylki á dag með mat, helst með morgunmat



“Ég hef prófað margar gerdir meltingargerla en aldrei fundið jafn mikla virkni og af Optibac.

Viðir Þór
Þrastarson,
íþrótt- og
heilsufræðingur

bilauppbod.is

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



SUZUKI FJÓRHJÓL. Fjór hjólin eru með power stýri, 100% driflæsingu. Létt, lipur, meðfærileg í notkun og eyða auk þess afar litlu eldsneyti.

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

STÓRA BÍLASALAN



NÝIR BÍLAR

TOYOTA Yaris HYBRID. Árgæðir 2018, sjálfskiptur. Eigum bíla á staðnum. Verð 2.590.000.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
<http://www.stora.is>



Nýr Ford Transit Custom 310 Trend L2H1. 130 hð. Dráttarkrókur, 2 x hliðarhurð. Hlaðinn búnaði. 500 þús. undir listaverði. Verð: 3.732.000 án vsk.

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar til sölu



Kia Sorento '08 2,5 diesel, 5g, leður, 4x4, jeppi á grind, dráttarbeisli, dregur 3 ton, nýleg heilsársdekk, Sparneytinn alvöru jeppi. Ek. 183 þús. skoðaður '19 Verð 1.290.000 Gsm 7775200 eða akamos@simnet.is



Carina árg. 1996 beinsk. 161.000 ný yfirfarin, sk. 19, ný dekk, einn eigandi. Gott ástand. Verð 500 þ-tílböð. S:8622204

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 100-200þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Hópferðabílar



RÚTUR TIL SÖLU
Ýmsar stærðir og gerðir. Verð frá 990.000 kr. Nánari uppl. veitir Óskar í síma: 699-3219

Húsbílar



Húsbíll Fiat Capron T 68 2014 Bíll í toppstandi, ek. 78 þús. fylgir upplásið fortjald ofl, Verð 7,7m, S: 691-4521

Hjólhýsi



ABI Clarendon 2018, 40 x 12,6 fet 2 herb. allt í rafmagn. Undirvagn/galv. dúkur á gólfum. Verð kr. 7.490.000 S. 6614244

Vinnuvélar



OK
VARAHLUTIR
Dekkjavélar (affelgunar og ballance vélar) á tilboðsverði



O.K. varahlutir ehf.
okspares@simnet.is | S. 6961050

Bílaþjónusta

VAKA

VIÐ VÖKUM MEÐ ÞÉR!

KRANABÍLAÞJÓNUSTA ALLAN SÓLAHRINGINN



Sími: 567 6700 | vakahf.is

Hjólbarðar



TECHKING VINNUVÉLADEKK

Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkölludekk-hjólaskófludekk Ofi. Ýmsar algengar stærðir. O.K. Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is

Varahlutir



Altenatorar & Startarar



ljosboginn@ljosboginn.is
s. 553-1244

Þjónusta

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þríf, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja

Lárkot ehf

Sandur, mold og jarðvinna.

Mætum og gerum tilboð.

Uppl. í s. 892 2257

Geymið auglýsinguna.

Húsbílar á tilboði



Ford Transit 2.4 diesel Carado húsbíll

árg 2010, ekinn 124 þ. km, 6 gíra, á tvöföldum að aftan, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur.

Verð 5.990.000

Tilboð nú 3.490.000.



Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll

árg 2009, ekinn 144 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast.

Verð 4.990.000.-

Tilboð 2.990.000.



Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll

árg 2009, ekinn 142 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur.

Verð 4.990.000,

Tilboð 2.990.000.



Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll

árg 2011, ekinn 145 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur.

Verð 5.590.000

Tilboð 3.990.000.



Carado húsbíll

árg 2015 ekinn ca 100 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2

Verð 7.490.000.

Tilboð 5.990.000

Bíllinn er í Keflavík Uppl. síma 776 7600



gummi@touringcars.eu

Allir bílarnir eru staðsettir í Keflavík. Upplýsingar í síma 776 7600

Touring Cars ehf, Klettatröð 19, 262 Keflavík (Ásbrú)

Möguleiki á allt að 100% láni.

HELLULAGNIR

LÓÐAFRAMKVÆMDIR

- Jarðvinna
- Drenlagir
- Hellulagnir
- Þökulagnir

☎ 788 8870
eind@eind.is

Eind ehf

Almenn garðvinna, sláttur og klippingar o.fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

Bókhald

RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.

Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafli., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsviðhald



Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

HÚSAVIÐGERÐIR

ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI

- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningavinna

☎ 788 8870
eind@eind.is

Eind ehf

Húsmiðameistari. Alhliða smíðavinna, tilboð eða tímavinna. Sími 7778450 eða á thorarinnscheving@live.com

Getum bætt við okkur verkefnum, parketlagir, uppsetningar, þök og klæðningar. Tilboð eða tímavinna. Smíðsafl. S. 693 8773.

Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna s:6974650

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Önnur þjónusta



Parketslipun og Málun www.parketogmalun.is 25 ára reynsla. Parket og málrameistari að störfum. Maitilboð: 2900 kr fm. 7728100

Keypt & Selt

Til sölu



Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW.HUMARSALAN.IS S. 867 6677



LAGERSALA 30-70% AFSLÁTTUR!

Úrval af girðingaefti til sölu. Ísbú Síðumúla 29, inngangur að neðanverðu. S. 5629018



Til sölu Polaris SP 6X6 árg. 2009. Hjólið er lítið notað og hefur verið mikið geymt inni, það er ek. 4.198 t. í hjólinu er nýr geymir og hefur það verið notað síðan 2012 við störf í sumarbústað. Uppl. í s: 897-0830.



LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.

Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarátt til þess að auðveldu opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

VEIÐIÞORTIÐ



Bússur- Pessar gömlu góðu. 8.900 kr. St. 40-48 Veiðiþortið Grandagarði 3 S:552-9940

15% afsláttur í má af öllum ljósum Íslensk framleiðsla



CE vottuð ljós útiljós smíðuð fyrir íslenskt veðurfar

KUBBALJÓS • kubbaljos.is •

GÆÐASTÁL

Gæðastál • Smíðjuvegur 4 (græn gata) að ofanverðu Opíð 11-17 alla virka daga og 11-14 á laugardögum www.kubbaljos.is • sími 844 1710

Góð kaup!

KOMDU OG PRÓFAÐU!

bill.is

📍 Malarhöfða 2

☎ Sími 5773777

🌐 www.bill.is



HONDA Cbf 1000

Árgerð 2008, ekinn 45 P.KM, bensín, 6 gírar.

Verð 890.000.

Rnr.251263.



BMW G650gs

Árgerð 2014, ekinn 18 P.KM, bensín, 5 gírar.

Verð 1.250.000.

Rnr.260994.



NISSAN Note

Árgerð 2016, ekinn 34 P.KM, dísel, 5 gírar.

Verð 1.790.000.

Rnr.260726.



ADRIA Adora 612lu.

Árgerð 2015, fortjald o.fl., .

Verð 3.690.000.

Rnr.261012.



HONDA Civic 5dr.

Árgerð 2015, ekinn 55 P.KM, bensín, beinskiptur.

Verð 1.790.000.

Rnr.271570.



HOBBY 560 prestige.

Árgerð 2018, TFT skjár, 12 v o.fl..

Verð 4.590.000.

Rnr.251337.

Til sölu

STIGA

Stiga TwinClip 50 SB
Lúxus sláttuvél með dríf B&S 625E mótör
Tvískiptur sláttuhnífur, slær 2svær 70 lítra kassi, "notendavænn"
Frábær vél í flestan slátt

Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.veitarsol.is

VEIÐIÞORTIÐ



Niðsterkar PVC vöðlur í veiðina, fjósið eða bara þar sem vöðlur þurfa að vera sterkar St. 38-48 Besta verðið 10.900 kr Veidiportid Grandagardi 3 s.552-9940 veidiportid.is

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

Fyrirtæki

LÍTIL BÍLALEIGA TIL SÖLU!

Allar bifreiðar árg. 2014/15. Aðstoð við bókanir og frí aðstaða út sumarið kemur til greina. Mjög auðveld kaup fyrir réttan aðila.

Upplýsingar gefur Kristján Örn. Sími 898-8822 Netfang: kristjan@kristjan.is

Skólar & Námskeið

Námskeið



ICELANDIC, ENGLISH & NORWEGIAN F. FOREIGNERS - ENSKA - NORSKA

Levels/Stig: I, II, III, IV, V, VI: ÍSLENSKA f. útlendinga, NORSKA, ENSKA f. Fullorðna: Start/Byrja: 28/5,2 5/6,23/7,3/9,1/10,29/10,26/11, 2019/7/1, 4/2, 4 weeks/4 vikur x 5 days/daga. 2-6 students/nem. Morn/Aftern/Evening. Morgna/Síðd/Kvöld. AUKATÍMAR: STÆ/EDL: www.iceschool.is - ff@icetrans.is - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 5571155 / 8981175.

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Barnavörur



VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA

Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hliðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

TIL LEIGU

Til leigu þrjú til fjögur pláss í opnu og lokuðu vinnurými arkitektastofu með frábæru útsýni norður yfir Óðinstorg og stórrí verönd í suður. Hentar margvíslegri starfsemi.

Áhugasamir hafi samband í síma 864 7835.

Þjart snyrtilegt 350 m² iðnaðarhúsn. til leigu í Grundarfirði. Stór vinnusalur, stórt eldhús, kaffistofa, og gott herbergi. Allt á 210 þ. á mán. Laust 20 maí. S: 696-7254 + 660-1060

Atvinna

Atvinna í boði

LANGAR ÞIG Í ÆVINTÝRI -

VANTAR MATREIÐSLUMANN Á KRÍT

Erum að leyta af matreiðslumanni á íslenskan veitingarstað á Krít, þarf ekki að hafa full réttindi. Tilvalið f. matreiðslunema.

Uppl. í s. 864 1147 eða senda umsókn á thoreyi@gmail.com

Óska eftir vönum mönnum í múrverki einnig koma til greina 2-3 lærlingar. Uppl. s: 849-4423 Róbert, 7862772 Reynir og 8683928 Binni.

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannabjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is

Bilstjóra með rútuþróf vantar í vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingar í síma 8942901



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

SKER Hönnun & Gjafavara



Opnunartími: Mánudaga-Miðvikudaga frá 12-17 Laugardaga frá 12-15

Langholtiðvegur 126 104 Reykjavík www.sker.is

Allar tölvuviðgerðir

PC-Mac-Stýrikerfishreinsun Rýkhreinsun-Bilanagreining

Fljót og góð þjónusta

tolvuvinir.is
tölvuverkstæði



Hafðu samband Sími: 445 0100 Langholtiðvegur 126 104 Rvk.

VALLARBRAUT ER FLUTT Í TRÖNUHRAUN 5 HAFNARFIRÐI




HATTAT 50 - 110 hö



SOLS 20 - 26 - 50 - 60 - 75 - 90 hestöfl



Eigum til tæki í ýmsum stærðum á lager fyrir vor og sumarverkin



Ávinnsluherfi galv. 4 og 6m



Sláttuvélar 1,25 - 2,9 m




Heytætlur



Steypuhrærivélar 600-800-1200L



Áburðardreifarar 200 - 2000 Kg



Rakstrarvélar 3,5 - 4,4 m

www.vallarbraut.is

vallarbraut@vallarbraut.is

S-8411200 & 8417300



IÐNAÐARHÚSNÆÐI TIL LEIGU

Vagnhöfði 17

115-120 m² með millilofti, allt nýuppgert

Örfá bil eftir

s. 776 8484 - siggahrund@gmail.com

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Ferðapjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðapjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Friða www.reisum.is

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

ishúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur! Kíkjið á facebook síðu okkar: facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Verið hjartanlega velkomin.

Tímarpantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

GLAMOUR

ÍSLENSKT TÍSKUTÍMARIT

KOMIÐ Í ALLAR HELSTU VERSLANIR

GLAMOUR

Ísland
maí/júní '18

Fegurðar leyndarmálin

Svava Johansen, Lilja
Pálmadóttir, Andrea
Magnúsdóttir og Svala
Björgvinsdóttir

INNLIT

til *Karitasar*
og *Hafsteins*
hjá HAF studio

Lífid í
LIT

Fögnum *hækkandi*
sól og leikum
okkur með *liti* og
persónulegan stíl.



Brasilíu hefur gengið frábærlega síðan Tite tók við þjálfun liðsins fyrir tveimur árum. Brassar fóru örugglega í gegnum undankeppnina og eru til alls líklegir. Brasília er með tvo frábæra markverði, sterka vörn, kraftmikla miðju og afgerandi leikmenn í framlínunni. Það setur þó strík í reikninginn að Dani Alves verður ekki með vegna meiðsla og Neymar er sömuleiðis að stiga upp úr meiðslum.



Sviss vann níu af 10 leikjum sínum í undankeppninni en þurfti samt að fara í gegnum umspil til að komast til Rússland. Svissneska liðið er þétt fyrir og reynslumikið. Bakverðirnir eru mikilvægir í sóknarleiknum en í fremstu víglínu er mest ábyrgð á Xherdan Shaqiri. Sviss komst í 16-liða úrslit á HM fyrir fjórum árum. Svisslendingar gætu endurtekið þann leik en fara varla lengra.



HM í Rússlandi

E-RÍÐILL

Þægilegt fyrir Brassar

Kosta Ríka kom öllum á óvart með því að komast í 8-liða úrslit á HM í Brasilíu. Kosta Ríka vann riðil sem innihélt einnig England, Ítalíu og Úrúgvæ og sló svo Grikkland út í 16-liða úrslitunum. Mikilvægasti leikmaður kostaríska liðsins er markvörðurinn Keylor Navas sem skaust fram á sjónarsviðið í Brasilíu. Það verður erfitt fyrir Kosta Ríka að ná viðlíka árangri og 2014 og árangurinn í síðustu leikjum gefur ekki góð fyrirheit.



Serbiu hefur gengið illa á síðustu stór-mótum sem liðið hefur komist á og ekki farið upp úr sínum riðli á HM síðan 1998. Serbar gerðu vel í undankeppninni og unnu sinn riðil en hafa síðan skipt um þjálfara. Serbneska miðjan er sterk með Nemanja Matic sem besta mann. Í framlínunni mæðir mest á hinum óstýriláta Aleksandar Mitrovic sem þarf að eiga gott mót.



5 mörk hefur Brasília fengið á sig í 19 leikjum undir stjórn Tites.



64 ár eru síðan Sviss komst síðast í 8-liða úrslit á HM.



2 sinnum í 4 tilraunum hefur Kosta Ríka komist upp úr sínum riðli á HM.



1 af síðustu sjö HM-leikjum sínum hefur Serbía unnið.



Draugurinn sem ásækir brasilíska landsliðið

Brasilíska landsliðið í knattspyrnu mætir fullt sjálfstrausts til Rússlands í sumar. Undir stjórn Tite hefur aðeins einn leikur af síðustu sautján tapast. Brasilíska þjóðin er enn særð eftir neyðarlegt tap fyrir Þjóðverjum árið 2014 en með því að vinna bikarinn getur næsta kynslóð eytt þeim minningum.

Kristinn Páll Teitsson
kristinnpall@frettabladid.is

Þótt aðeins sex leikmenn séu í hópnum frá Heimsmeistaramótinu í heimalandinu árið 2014 er pressa á brasilíska landsliðinu að fara alla leið og svara fyrir smáanlegt 1-7 tap fyrir Þjóðverjum í undanúrslitunum fyrir fjórum árum. Var það versta útreið í sögu brasilíska landsliðsins og fyrsta tap brasilíska landsliðsins í keppnisleik á heimavelli í 29 ár. Gerðist það á heimavelli þegar það átti að fara alla leið og krækja í sjötta heimsmeistararitilinn. Með því átti að svara fyrir tap gegn Úrúgvæ í úrslitaleiknum árið 1950 þegar tæplega 200.000 manns á Maracana-veggnum horfðu á gullið renna úr greipum Brasiliumanna.

Breytt landslag

Aðeins fjórir leikmenn sem voru í leikmannahóp Brasilíu árið 2014 fara með til Rússlands. Thiago Silva og Neymar voru fjarverandi gegn Þýskalandi en Willian, Paulinho, Fernandinho og Marcelo tóku þátt í verstu stund brasilískrar knattspyrnu. Luiz Scolari var gerður að sökudólg og var honum sagt upp og Dunga fenginn inn til að stýra liðinu aftur. Entist hann í stutta stund en honum var sagt upp eftir hörmulega frammistöðu



í Copa America og undankeppni Heimsmeistaramótsins og Tite ráðinn inn en hann hafði stýrt liði Corinthians með góðum árangri. Í nítján leikjum hefur aðeins einn tapast, æfingaleikur gegn Argentínu, en Tite hefur tekist að mynda sterkan kjarna sem reidir sig ekki eingöngu á einstaklingshæfileika Neymars og er óhætt að segja að það muni reynast hausverkur fyrir hvern sem er að stöðva brasilísku sóknarlinuna í Rússlandi í sumar.

Við ræddum við Carinu Ávila, brasilíska íþróttafréttamann fyrir TV Globo sem er stödd á Íslandi en hún var send til Íslands til að fjalla um undirbúning Íslands fyrir Heimsmeistaramótið. „Það er alltaf gerð krafa í Brasilíu um að liðið vinni mótið. Lífið er allt annað undir Tite, fólkið í landinu var farið að hata Dunga og óttaðist að við myndum missa af Heimsmeistaramótinu í fyrsta sinn í sögunni,“ sagði Carina en Brasília hefur verið meðal þátttakenda í hverju móti, allt aftur til ársins 1930.

Fólk talar enn þá um tapið

„Hann gjörbreytti spilamennskunni og úrslitin voru mun betri og hann varð um leið dádur í Brasilíu. Það er óhætt að segja að fólk sé komið með miklar væntingar fyrir mótið,“ sagði Carina og bætti við: „Þegar Neymar meiddist óttaðist fólk það versta en undir stjórn Tite unnum við Þýskaland án Neymars og það gefur þjóðinni meira sjálfstraust fyrir mótið. Það hefur oft einkennt liðið að ef stjarnan dettur út þá missir fólk vonina, Neymar er von Brasilíu en hann er sem betur fer búinn að ná sér. Stuttu síðar datt Dani Alves út og fólk hefur núna smá áhyggjur af því hvernig Tite leysir það.“ Hún segir að það sé einstök stemming sem komi yfir þjóðina þegar Heimsmeistaramótið hefst. „Það er frábært að vera í Brasilíu yfir Heimsmeistaramótið, allt í landinu snýst um mótið og fólk vinnur varla vinnuna sína og krakkarnir þurfa ekki að læra. Þegar þú kíkir inn í borgir eru þær eins og eyðimörk,

það eru allir að fylgjast með. Jafnvel þeir sem hafa engan áhuga á fótbolta, mamma mín er gott dæmi. Henni finnst fótbolta leiðinlegur en hún fylgist alltaf með Heimsmeistaramótinu,“ sagði Carina en hún man vel eftir 1-7 leiknum. „Það er draugur sem ásækir brasilíska landsliðið fyrir þetta mót, fólk er enn þann dag í dag sorgmætt og talar reglulega um þetta neyðarlega tap. Fólk er nokkuð bjartsýnt um að við getum svarað fyrir það með því að vinna bikarinn í ár.“

Ísland í uppáhaldi í Brasilíu

Carina dvelst hér á landi og hefur gert allt frá því í byrjun mars en það tók töluvert annað veður á móti henni hér heldur en hún hefur vanist. Að hennar sögn er íslenska landsliðið afar vinsælt í Brasilíu eftir Evrópumótið 2016. „Þið eruð annað lið brasilísku þjóðarinnar, þegar við erum ekki að spila munum við fylgjast með og hvetja Ísland áfram. Sérstaklega þegar þið spilið fyrsta leikinn á móti

erkjendum okkar í Argentínu,“ sagði Carina hlæjandi og bætti við: „Íslenska liðið hreif í raun allan heiminn á EM, komu inn sem nýliðar og töpuðu ekki fyrr en í átta liða úrslitunum og slógu út England í leiðinni. Það vakti mikla athygli þar sem þið eruð ekki nema 340.000 manns, það eru hverfi stærri en það í stórborgum Brasilíu. Þetta er eins og afar lítið þorp í Brasilíu myndi bara fara á Heimsmeistaramótið. Íslensku leikmennirnir eru hetjur í Brasilíu.“ Hún kann vel við lífið á Íslandi eftir tvo og hálfan mánuð. „Það er mun meira jafnrétti hér á Íslandi og virðingin sem er borin fyrir konum er aþdunarverð, ég finn fyrir miklum áhuga á íþróttum og umfjöllun. Í Brasilíu snýst allt um karlaíþróttir, sérstaklega þegar kemur að fótbolta,“ sagði Carina sem kann vel við íslensku náttúruna. „Náttúran er ótrúlega falleg þó að það sé yfirleitt svolítið kalt,“ sagði hún hlæjandi að lokum.

FRÁBÆR FJÖLSKYLDUMYND FRÁ FRAMLEIÐENDUM

SHREK

Draumur

CHARMING



FRUMSÝND 23. MAÍ



SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ BORGAR BÍÓ



Saga til næsta bæjar



Stefán Pálsson skrifar um nýja stjórn mála-stjórn.

Fyrir rúmri viku voru þingkosningar í Írak. Kosid var í öll 328 sætin á löggjafarsamkomunni, þar sem fjöldi stjórn mála flokka var í boði. Framboð eins manns vakti þó meiri athygli en flestra annarra. Tæplega fertugur sjónvarpsfréttamaður, Muntadhar al-Zaidi, tilkynnti á síðustu stundu að hann gæfi kost á sér og lét þess í leiðinni getið að hann stefndi að því að verða síðar forseti Íraks.

Al-Zaidi hefur á liðnum árum starfað sem fréttamaður hjá sjónvarpsstöð í Líbanon og er þokkalega kunnur í Miðausturlöndum fyrir störf sín á þeim vettvangi. Hann öðlaðist hins vegar heimsfrægð í desember árið 2008, fyrir að vera maðurinn sem reyndi að kasta skónum sínum í George W. Bush Bandaríkjaforseta. Atvikið átti sér stað á blaðamannafundi og upptökur af því voru margendursýndar út um allan heim.

Skókastarinn al-Zaidi fæddist og ólst upp í Sadr, úthverfi Bagdad, sem á þeim tíma var kennt við einræðis-herrann Saddam Hussein. Fátækt var mikil í hverfinu eða borgarhlutanum og voru kommúnistar og aðrir stjórnarandstæðingar þar löngum áhrifamiklir. Foreldrar al-Zaidis voru pólitísk og máttu þau bæði sæta pyntingum af hálfu öryggislögreglu Saddams.

Að loknu háskólanámi í blaðamennsku hóf al-Zaidi árið 2005 störf fyrir fréttastöðina Al-Baghdadia, sem er í egypskri eigu en sendir út um allan arabaheiminn. Meginviðfangsefni hans voru fréttir af ööldinni í Írak í kjölfar hernáms Bandaríkjamanna og bandalagsríkja þeirra árið 2003. Þar á meðal fjallaði hann um blóðug átök Bandaríkjahers í uppeldishverfinu Sadr, sem var um tíma ein helsta miðstöð andspyrnuhreyfingarinnar. Í þeim átökum var Sadr lögð í rúst og miklar þjáningar leiddar yfir íbúana.

Fréttamaður verður pólitískur

Starf fréttamannsins á dögum óaldarinnar var háskalegt. Árið 2007 var al-Zaidi rænt af hópi stigamanna, sem héldu honum föngnum og hótuðu lífláti. Honum var þó sleppt eftir misþyrmingar, en fjölmargir starfsbræður hans sluppu ekki svo vel. Fullljóst má telja að ástæða mannránsins hafi verið áhrifamikl-



George W. Bush sér í hvað stefnir á blaðamannafundi með þáverandi forsætisráðherra Íraks, Nuri al-Maliki. NORDIC PHOTOS

Skósólunum er kastað!

ar fréttir al-Zaidi af fórnarlömbum borgarastríðsins og gagnrýni á framgöngu hernámsliðsins. Eftir því sem fréttamaðurinn fékk gleggri mynd af stöðunni í heimalandi sínu, því andsnúnari varð hann innrásinni og bandarísku hersetunni. Síðla árs 2008 gafst honum svo óvænt tækifæri til að tjá þá afstöðu sína með beinum hætti.

George W. Bush heimsótti Írak um miðjan desember til að funda með Nouri al-Maliki þáverandi forsætisráðherra landsins, sem gegnir nú um stundir embætti varaforseta. Þeir Bush og al-Maliki sátu fyrir svörum á blaðamannafundinum, þegar al-Zaidi, sem sat innan um aðra fréttamenn, snaraði sér úr öðrum skónum. Hann stóð upp og hrópaði á arabísku: „Þetta er kveðjukoss írösku þjóðarinnar til þín, hundurinn þinn!“ Því næst grýtti hann skónum í átt að forsetanum, sem vék sér fimlega undan.

Mikið fát kom á fréttamenn og öryggisverði, svo al-Zaidi gafst tími til að klæða sig líka úr hinum skónum og kasta á sömu leið. Aftur tókst Bush að beygja sig undan advífanði fótubúnaði og í bæði skiptin gerði al-Maliki sig líklegan til að slá skóna í burtu. Göntuðust Írakar með það í



Á INDLANDI VAR SVIÐ- SETT LEIKVERK SEM FJALLAÐI UM SKÓKASTIÐ.

kjölfarið að forsætisráðherra væri álitlegur valkostur í markvörðarstöðuna í fótballtalandsliðinu, miðað við tilþriffin.

Þegar hér var komið sögu höfðu öryggisverðirnir raknað úr rotinu. Þeir stukku á al-Zaidi, börðu hann og drógu svo alblóðugan út úr fundarsalnum. Bush reyndi að láta ekki á neinu bera og sló á létta strengi með því að upplýsa fréttamenn um skóstærð árásarvopnsins og sagðist alvarur því að ókunnugt fólk sendi honum tóninn. Lét hann að því liggja að uppákoman væri ekki til marks um óvinsældir bandarísku innrásarinnar, heldur fremur vitnisburður um það lýðræði og tjáningarfrelsi sem henni hefðu fylgt.

Fréttamyndirnar flugu hins vegar um víða veröld og hvarvetna veltu menn því fyrir sér hvað yrði um skókastarann frá Bagdad. Fyrstu sólarhringana var óljóst hvar hann væri niðurkominn. Samtökin Amnesty International kröfðust svara um afdrif hans og fjöldi fólks krafðist lausnar hans á götum úti í Írak. Lok var al-Zaidi dreginn fyrir dómara sem fyrirskipaði að hann skyldi hafður í haldi þar til búið væri að rétta í máli hans.

Vægan hlaut hann dóm?

Al-Zaidi lýsti sig þegar reidubúinn til að biðja forsætisráðherra afsökunar á að hafa kastað skó í átt til hans, en harðneitaði að gefa Bandaríkjaforseta sambærilega afsökunarbeiðni. Hann sagði viðbrögð sín edlileg í ljósi glæpa Bandaríkjahers og þess skaða sem innrásin hefði valdið. Margir reyndust honum sammála og stuðningsfyrirlýsingunum tók að rigna inn hvaðanæva úr heiminum.

Vinnuveitandi al-Zaidis, egypska sjónvarpsstöðin, sagðist styðja sinn mann og sæi enga ástæðu til að biðjast afsökunar á framferði hans. Skókastið varð listamönnum innblástur.

Myndlistarmaður nokkur í Írak útbjó risavaxinn gullhúðaðan skó til minningar um atvikið, sem yfirvöld létu raunar taka niður fljótlega. Á Indlandi var sviðsett leikverk sem fjallaði um skókastið. Eftirlíkingu af skónum var komið fyrir á safni í Bagdad og tyrkneskur skóframleiðandi græddi á tá og fingri á að selja skó sem taldir voru sömu gerðar og sá sem ætlaður var enni forsetans.

Málið gegn al-Zaidi var tekið fyrir nokkrum mánuðum síðar og vakti það mikla athygli. Ýmsir óttuðust að hann yrði kærður fyrir alvarlega líkamsárás eða tilræði og hefði hörd refsing legið við slíku. Einnig kom til greina að kæra hann fyrir móðgun við erlendan þjóðhöfðingja. Hámarksrefsing fyrir slíkt brot var þriggja ára fangelsi (sem er ekki nema helmingurinn af því sem liggur við slíku broti hér á landi).

Fljótlega varð ljóst að írösk stjórnvöld höfðu lítinn áhuga á að búa til píslarvott. Al-Zaidi hlaut þriggja ára fangelsi, sem var fáeinum vikum síðar mildað niður í eitt ár. Í september 2009 var honum sleppt úr haldi eftir níu mánaða afplánun, vegna góðrar hegðunar. Hafði hann sætt illri meðferð meðan á fangavistinni stóð og höfðu bæði bein og tennur brotnað í varðhaldinu. Ekki þurfti hann þó að kvíða atvinnuleysi, því fjölmiðlar víðs vegar úr arabaheiminum slógust um að ráða hann í vinnu.

Skófár meðal mótmælenda

Skókastið leiddi líka af sér tiskubylgju meðal andófsfólks í heiminum. Næstu árin urðu fjölmargir stjórnálamenn fyrir því að skóm var kastað í átt að þeim og í sumum tilvikum reyndust kastarnir hittnari en al-Zaidi. Að skipuleggja táknrænt skókast til að lýsa vanþóknun sinni á valdsmönnum varð sömu-leiðis vinsæl mótmælaaðferð. Var slíkt skókast til dæmis skipulagt í tengslum við ræðuhöld háttsetts Nató-foreingja við Háskóla Íslands um árið.

En uppákoman á blaðamannafundinum 2008 hafði fleiri afleiðingar í för með sér. Hún varð til að mynda kveikjan að fjölmörgum greinum í vestrænum fjölmiðlum þar sem menningarlegt hlutverk skóbúnaðar í hugarheimi múslima var rætt. Mátti þar lesa miklar útskýr-

ingar á því að í arabískri menningu væri skórinn talinn óhreinn, enda næst jörðinni og tilheyrði fótunum – óvirðulegasta hluta mannslíkamans. Í ljósi þessa væri það sérlega lítilsvirðandi að kasta skóm sínum í átt að öðru fólki eða að sýna því undir skósóla sína. Voru þessi sannindi meðal annars tengd við þá siðvenju múslima að fara úr skónum þegar gengið er inn í mosku.

Ekki þótti aröbum sjálfum mikið til þessarar rassvasamannfræði koma og veltu því fyrir sér hvort það þætti sérstakur vottur um vináttu og ástúð á Vesturlöndum að henda skóm í aðrar manneskjur? Óþarft væri að leita djúpra menningarlegra ástæðna fyrir því að al-Zaidi hefði klætt sig úr skónum og látið vaða í átt til Bush forseta: hann hafi einfaldlega gripið það sem var hendi næst og sem hægt var að koma í gegnum vopnaleytna fyrir fundinn.

Þrátt fyrir allar bollaleggingarnar um táknræna stöðu skaða, er erfitt að finna sérstök rök fyrir því að múslimar líti öðru fólki fremur á skótau sem skítugt eða vanheilagt fyrirbæri. Vilji fólk finna sögulega ástæður fyrir skókasti til að tjá pólitíska afstöðu þarf ekki að líta margar aldir aftur í tímann. Nóg er að hverfa aftur um fáein ár.

